



TÍMARIT UNIFEM



08
1.tbl.18.árg.



Ekkert smá sýrður rjómi!

- 1 ÁN BRAGÐEFNA
- 2 ÁN GELATÍN
- 3 ÁN ROTVARNAREFNA



www.mjolka.is

Vissir þú?

... Að rúmur milljarður manna lifir á 1 dollara eða minna á dag? **70% þeirra eru konur.**

... Að á fátækustu svæðum heims vinna flestar konur utan heimilisins við landbúnaðarstörf og fæðuframléiðslu? Flestar þeirra fá engin laun greidd fyrir þessa mikilvægu vinnu.

... Að konur vinna 2/3 hluta allra vinnustunda en fá aðeins 10% af tekjum í heiminum í sinn hlut?

... Að nú, árið 2008, þéna karlar í öllum löndum heims meira en konur?

... Að það er að jafnaði ein kona fyrir hverja níu karlmenn í stjórnunarstöðum í einkafyrirtækjum?

... Að árið 2008 eru konur í 18% þingsæta í heiminum?

... Að árið 2006 var í fyrsta sinn hægt að kjósa konur á þing í Kúveit? Konur fengu tvö þingsæti.

... Að árið 2008 eru konur 7 af 150 þjóðkjörnum þjóðarleiðtogum?

... Að um eitt hundrað milljónir stúlkna hafa aldrei fæðst í heiminn vegna þess að þeim var kerfisbundið eytt á fósturstigi af því að þær áttu að fæðast stúlkur?

... Að í dag eru lífslíkur kvenna á Íslandi 81 ár og í Kanada eru það rúmlega 82 ár en í Líberíu lifa konur að meðaltali rúmlega 45 ár og einungis 44 ár í Afganistan? Það er 20 árum undir meðalaldri kvenna á heimsvísu.

... Að helmingur allra giftra kvenna í Suður-Asíu hefur ekki ákvörðunarvald um að leita sér heilsugæslu?

... Að 33 milljónir manna eru smitaðar af HIV-veirunni eða lifa með alnæmi? 95% þeirra eru íbúar þróunarlandanna.

... Að stúlkur og konur á aldrinum 15-49 ára eru helmingur HIV/alnæmissmitaðra í heiminum í dag?

... Að í Afríkulöndum sunnan Sahara á ein af hverjum 16 konum á hættu að deyja vegna erfiðleika í fæðingu eða fylgikvilla á meðgöngu á lífsleiðinni samanborið við eina af hverjum 3.800 konum á Íslandi?

... Að árlega eru um 20 milljónir fóstureyðinga framkvæmdar á óruggan hátt, sem leiðir af sér dauða u.þ.b. 55.000 kvenna?


... Að mansal, kynferðisleg áreitni, limlesting á kynfærum kvenna, morð vegna heimanmunds, heiðursmorð og útburður stúlkubarna eru hluti af sama vandamáli? Allt er þetta ofbeldi gegn konum.

... Að minnsta kosti ein af hverjum þremur konum er barin, þvinguð til kynlífs eða misnotuð á annan hátt einhvern tímann á lífsleiðinni?

... Að 13% til 60% stúlkna og kvenna verða fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi maka eða kærasta á lífsleiðinni? Afnáam alls ofbeldis gegn konum er hið týnda þúsaldarmarkmið.

... Að það er áætlað að 100 til 140 milljónir stúlkna og kvenna hafi verið umskornar? Þrjár milljónir stúlkna eiga það á hættu á hverju ári.

... Að 800 þúsund manns eru seld mansali ár hvert, flestir til kynlífsþrælkunar? 80% þeirra eru stúlkur og konur, og um helmingur undir lögaldri. Mansal er þriðja umfangsmesta glæpastarfsemi í heiminum á eftir verslun með ólögleg eiturlyf og vopn.



Efnisyfirlit

6 Fiðrildum haldið á lofti

Regína Bjarnadóttir nýr stjórnarformaður UNIFEM á Íslandi.

8 Valdefling kvenna

– aldrei mikilvægari en nú
Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra Íslands.

10 Á liðnu starfsári UNIFEM á Íslandi

Sigríður Erla Jónsdóttir, stjórnarkona í UNIFEM á Íslandi, segir okkur frá atburðum liðins árs og hvað er á döfinni á næstunni.

12 Að vinna í stóru myndinni

Steinn Guð- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, í nærmynd.

12 Þörfin ríkast þar sem þögnin er mest

Verndari UNIFEM á Íslandi, Kristín Ólafsdóttir segir frá því sem henni finnst mestu skipta í starfi UNIFEM.

14 Að láta raddir kvenna heyrast

Margrét Rósa Jochumsdóttir stiklar á stóru í þróun og áherslum UNIFEM í árunna rás.

16 Grunnstoðin í vinnu UNIFEM

Elin Halla Ásgeirsdóttir segir frá Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

18 Þar sem daglegt líf er hættulegt

Jónína Helga Þóroldsdóttir skoðar árangur af stuðningi UNIFEM við rekstur kvennamiðstöðva í Afganistan.

21 Að bera ábyrgð á réttindum kvenna

Svanborg Sigmarsdóttir skrifar um meginefni skýrslu UNIFEM um stöðu kvenna í heiminum 2008-2009.

22 Skilaboð frá Inés Alberdi,

aðalframkvæmdastýra UNIFEM.

Sérumsfjöllun

Fiðrildaátak UNIFEM á Íslandi var haldið 3.- 8. mars 2008 og vakti athygli á ofbeldi gegn konum í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum

23 Fiðrildi

Ljóð eftir Hrunn Gunnsteinsdóttur

24 Sannkölluð fiðrildaáhrif

Íslendingar gefa tugi milljóna til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi. Hanna Björg Vilhjálmisdóttir endurupplifir viðburði Fiðrildavikunnar

27 Líf án ofbeldis er allra réttur!

Margrét Rósa Jochumsdóttir skrifar um Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Fiðrildaátakið safnaði fé fyrir sjóðinn.

30 Fiðrildaátak UNIFEM á Íslandi safnaði fé til verkefna í Líberíu, Austur-Kongó og Suður-Súdan.

Við kynnum ykkur aðstæður kvenna í þessum löndum.

36 Stríðinu ekki lokið fyrir konur

Guðrún Sif Friðriksdóttir, sérfræðingur á skrifstofu UNIFEM Líberíu, segir okkur frá hlutverki kvenna í uppbyggingu landsins.

39 Mannréttindi í þróunarsamvinnu

– Réttindamiðuð nálgun að þróun. Guðrún Birna Jóhannsdóttir skrifar frá Úganda og skoðar hvort réttindamiðuð nálgun að þróun, sem UNIFEM byggir á í sínu starfi, skilar árangri – og þá hvernig.

43 Ályktun 1325, orð og aðgerðir

Birna Þórarinsdóttir spyr hvaða áhrif ályktunin hafi haft á friðar- og öryggismál – má greina áþreifanlegar breytingar eða er umræðan um konur, frið og öryggi orðin tóm?

45 Til móts við tækifærin

Sjöfn Vilhelmsdóttir er verkefnisstjóri nýs Jafnréttisskóla sem tekur brátt til starfa við Háskóla Íslands.





FRÁ RITSTJÓRA

Þróun í þágu kvenna



46 Hjálpaðu konu og byggðu upp samfélag

Svanborg Sigmarsdóttir tók hús á Þórhildi Þorleifsdóttur og ræddi við hana um aðkomu kvenna að uppbyggingu samfélaga sinna, jafnt í stríði sem friði.

48 Að koma jafnrétti í framkvæmd

– reynsla íslenskrar konu á Balkanskaga

Auður H. Ingólfssdóttir starfaði sem jafnréttisráðgjafi hjá UNIFEM í Makedóníu. Kristjana Sigurbjörnsdóttir settist niður með henni.

50 Svipmyndir af félögum í UNIFEM á Íslandi

Félagar í UNIFEM á Íslandi eru í dag 714 talsins. Tímarit UNIFEM á Íslandi tók þrjá þeirra tali og spurði meðal annars af hverju þeir styddu við bakið á félaginu og hvort þeim fyndist ríkja jafnrétti milli kynjanna á Íslandi.

Hvers vegna að vekja athygli á stöðu kvenna í Afganistan, Líberíu eða Austur-Kongó? Það má færa fyrir því ótal rök að okkur varðar öll um stöðu kvenna í fjarlægum löndum. Nú þegar heimurinn þarfnast nýrra hugmynda og tækifæra til uppbyggingar er ekki úr vegi að kynna sér aðstæður og hlutskipti kvenna víða um heim. Ef okkur tækist að leysa úr læðingi þá orku, útsjónarsemi og það frumkvæði sem býr í helmingi mannkyns, konum sem að óbreyttu munu aldrei ganga í skóla, aldrei fá greidd laun fyrir vinnu sína og eru fórnarlömb ofbeldis og átaka, þá værum við örugglega einu skrefi framar en við erum í dag. Bestu rökin hljóta hins vegar að vera þau að okkur sem búum í hnattvæddum heimi ber skylda til að láta okkur óréttlæti varða, hvar sem það viðgengst, sérstaklega ef óréttlætinu er kerfisbundið beint að ákveðnum þjóðfélagshópum og mannréttindi þeirra fótum troðin. Við eigum að leggja þeim lið. Við sem búum á Íslandi erum það lánsöm að hafa aldrei upplifað stríð í okkar eigin landi. Við búum í lýðræðis- og friðarríki og vitum sem frjálsir einstaklingar hverju við getum áorkað. „Vertu breytingin sem þú vilt sjá í heiminum,” sagði Gandhi. Það er ekki úr vegi að byrja smátt með því að ljá þeim rödd sem ekki ná athygli heimsins.

Orð eru til alls fyrst en verkin sem fylgja í kjölfarið skipta öllu máli. Til þess að félagslegar, efnahagslegar og pólitískar aðgerðir leiði til bættrar stöðu kvenna, hvar svo sem þær búa í heiminum, þurfa konur að geta treyst því að stjórnvöld virði skuldbindingar sínar gagnvart þeim og hrindi í framkvæmd lögum og reglugerðum um afnám alls misréttis gegn konum. Það er ekki til of mikils ætlast. Þvert á móti. Jafnrétti hefur verið á dagskrá Sameinuðu þjóðanna síðan þær voru stofnaðar árið 1945. Skylda alþjóðasamfélagsins er ekki minni um þessar mundir. UNIFEM hefur svarað kallinu í 30 ár og starfar ötulllega að málefnum kvenna á vettvangi SP. Nú er tími til að styrkja enn frekar þá vinnu.

Tímarit UNIFEM á Íslandi er enn á ný fullt af áhugaverðu efni sem vekur okkur til umhugunar um ábyrgðarskyldu okkar gagnvart því óréttlæti sem stúlkur og konur víða um heim þurfa að líða. UNIFEM spyr sérstaklega að því í ár í hver ber ábyrgð á réttindum kvenna? Greinar um ábyrgðarskylduna og virðingu fyrir réttindum kvenna í starfi UNIFEM víða um heim, frá Úganda til Afganistan, reyna að svara því.

Í fyrri hluta blaðsins er kraftmikil starfsemi UNIFEM á Íslandi í fyrirrúmi. Þar ber hæst fjáröflun Fiðrildaátaksins sem haldið var í mars á þessu ári. Þar lögðu Íslendingar af miklu örlæti sitt lóð á vogaskálarnar og söfnuðu fé í þágu baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi. Sér-umfjöllun blaðsins þetta árið er helguð því átaki og ofbeldi gegn konum í Líberíu, Austur-Kongó og Suður-Súdan, löndum sem voru valin til að njóta hluta íslenska fjármagnsins sem safnaðist í áttakinu. Að lokum er fjallað um þátttöku kvenna í uppbyggingu samfélaga eftir stríð. Lýðræðisleg þátttaka þegna í uppbyggingarstarfi á ekki síður við á Íslandi í dag og reynslan og þekkingin í ýmsum þróunarlöndum getur einnig kennt okkur margt.

Það er von mín að tímarit UNIFEM á Íslandi í ár sé verðugur málsvari stúlkna og kvenna víða um heim og liður í að vekja athygli á stöðu þeirra. Af góðum hug koma góð verk og því vona ég að lesturinn vekji löngun lesenda til að leggja sitt af mörkum til að breyta heiminum til betri vegar með eftirbreytni, heima fyrir og annars staðar.

Fyrir hönd ritnefndar og UNIFEM á Íslandi vil ég þakka öllum sem lögðu okkur lið við útgáfu blaðsins. Sérstakar þakkir fá greinahöfundar, Vilborg Anna Björnsdóttir hönnuður, Hildur Finnsdóttir prófarkalesari, Útgáfa ehf. og ljósmyndarar sem gáfu vinnu sína og fallegar myndir.

Njótið vel.
Kristjana Þ. Sigurbjörnsdóttir

Fiðrildum haldið á lofti

EFTIR REGÍNU BJARNADÓTTUR



Ljómmynd: Ragnheiður Eyjólfssdóttir

Það var ánægjuleg áskorun að taka við stjórnarformennsku hjá landsnefnd UNIFEM á Íslandi síðastliðið vor eftir að hafa fylgst með frábærum árangri fyrri stjórnar úr fjarlægð. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hafði unnið þrekvirki með Fiðrildavíkunni í upphafi árs. Starf UNIFEM er nú vel þekkt hér innanlands og finnur núverandi stjórn fyrir ótrúlegum velvilja í þjóðfélaginu. Sé leitað út fyrir landsteinana var afrekið engu minna. Hvorki fyrr né síðar hafði landsnefnd safnað jafn miklum fjármunum og UNIFEM á Íslandi og þarf ekki einu sinni að grípa til vel þekktra höfðatöluútreikninga. Það var því með miklu stolti sem stjórn og velunnarar UNIFEM á Íslandi afhentu fjármunina til góðra verka í Súdan, Líberíu og Kongó á þessu ári.

Ný stjórn tók við því verkefni að halda fiðrildunum á lofti og þar með áframhaldandi fiðrildaáhrifum. Allt kapp hefur verið lagt á að njóta meðbyrsins enda mörg brýn verkefni við að eiga. Einna hæst hefur borið söfnun undirskrifta við áskorun UNIFEM á alþjóðavísu **Segjum NEI við ofbeldi gegn konum**. Það er áskorun til ríkisstjórna um að gera baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi að forgangsmáli. Hérlendis var undirskriftum safnað sérstaklega og þær afhentar höfuðstöðvum UNIFEM í New York. Öllum sem veittu átakinu lið er hér með þakkað sérstaklega.

Þrátt fyrir mikinn meðbyr er siglingin þó ekki þrautalaus. Eins og aðrir í þjóðfélaginu finnum við fyrir því að margt hefur

breyst hvað varðar efnahagsástandið að undanfögnu. Fjármögnun fyrir daglegan rekstur er tvísýn og athygli almennings auðvitað á þeim sem næst þeim standa, fjölskyldu og vinum. En á meðan verkefni eru til staðar hvarflar ekki að stjórn UNIFEM á Íslandi að leggja árar í bát. Í náinni framtíð þarf að hlúa að fjölmörgum lírfum til að þær geti orðið að fiðrildum og hafið sig til flugs þegar fram líða stundir.

Verkefni fram undan eru einkum af tvennum toga: Annars vegar munum við halda áfram að þrýsta á íslensk stjórnvöld um að leggja sitt af mörkum til málefna kvenna. Hins vegar þarf að halda áfram þeirri vitundarvakningu sem hefur orðið meðal almennings gagnvart stöðu kvenna og markmiðum UNIFEM.

Verkefni á sviði þróunarmála og jafnréttis kynjanna eru ærin. Fátækt eyðist ekki af sjálfu sér og jafnréttið kemur heldur ekki af sjálfu sér. Þetta eru verkefni sem krefjast tíma, fjármuna og samvinnu margra aðila. Verkefni sem mega síst gleymast þegar við stöndum frammi fyrir kreppu, enda bitnar kreppa oft mjög illa á konum. Mörg sóknarfæri geta skapast í breyttum aðstæðum. Eins og með annað í lífinu verður að nýta þau til góðs ef þau eiga að skila sér í betri framtíð fyrir konur og þar með samfélagið allt.

*Höfundur er stjórnarformaður
UNIFEM á Íslandi*



Hlutverk og markmið

UNIFEM (United Nations Development Fund for Women) er Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna.

UNIFEM fer með umboð SP til að vinna að jafnrétti kynjanna og stuðla að því að stefnumótun í þróunarstarfi taki mið af jafnréttissjónarmiðum og réttindum kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið.

UNIFEM veitir tæknilegan og fjárhagslegan stuðning til verkefna sem ætlað er að efla réttindi kvenna, þátttöku þeirra í stjórnámum og efnahagslegt sjálfstæði.

HLUTVERK UNIFEM ER AÐ

- Styðja frumkvæði og nýjungar í aðferðum til að bæta stöðu kvenna í samræmi við landsstefnur og alþjóðleg markmið.
- Stuðla að aðkomu og þátttöku kvenna í þróunarsamvinnu.
- Vera brautryðjandi á sviði kynjajafnréttis í alþjóðlegri þróunarsamvinnu SP.

STARFI UNIFEM MÁ SKIPTA Í ÞRJÁ MÁLAFLOKKA

1 Auka efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna.

2 Auka kynjaréttlæti í lýðræðislegri uppbyggingu ríkja á friðar- sem og ófriðartímum.

3 Draga úr ofbeldi gegn konum og útbreiðslu HIV/ alnæmis meðal kvenna og stúlkna.

Valdefling kvenna

– aldrei mikilvægari en nú

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
UTANRÍKISRÁÐHERRA



Efling og vernd mannréttinda – ekki síst réttindi kvenna og jafnrétti kynjanna – er ein meginstoðin í utanríkisstefnu Íslands og er samþætt öllu okkar atferli á alþjóðavettvangi. Þeir efnahagslegu örðugleikar sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir eru til þess fallnir að koma harkalega niður á konum og börnum og gera stöðu þeirra enn erfiðari, ekki síst í þróunarlöndunum þar sem staða þeirra er sérstaklega veik fyrir. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að halda umræðunni um jafnréttismál á lofti og tryggja, og þá á ég einnig við hér innanlands, að fjármálakreppan valdi ekki bakslagi í þessum málaflokki og að staða kvenna veikist ekki.

Áherslur UNIFEM fara saman við áherslur íslenskrar utanríkisstefnu. Við erum sammála um að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna. Við erum sammála um að efla þátttöku kvenna í pólitískri stefnumótun og ákvarðanatökufurli, friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka. Við erum sammála um að stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að ofbeldi gegn konum verði ekki liðið.

Ísland hefur um alllangt skeið lagt sitt af mörkum á alþjóðavettvangi til að mannréttindi kvenna fái framgang. Þannig höfum við lagt mikla áherslu á allsherjaraðild og framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum (CEDAW) og tekið virkan þátt í umfjöllun um réttindi kvenna og jafnrétti kynjanna á allsherjarþingi SP, mannréttindaráðinu í Genf og í kvenna-

nefnd SP (CSW). Þá er lögð áhersla á mál-efni kvenna í allri þróunarsamvinnu Íslendinga.

Sem utanríkisráðherra hef ég lagt ríka áherslu á framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi og var áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar gefin út í mars á þessu ári. Ég er þeirrar skoðunar að algerlega nauðsynlegt sé að konur séu fullir þátttakendur í friðarferlum og þar þarf alþjóðasamfélagið að gera miklu betur. Til að leggja okkar af mörkum ætlar utanríkisráðuneytið, í samvinnu við Háskóla Íslands, að halda alþjóðlega ráðstefnu á Íslandi um aðkomu kvenna að friðarferlum í júní 2009.

Sem utanríkisráðherra hef ég kynnst þeim krafti og gleði er ríkir í starfi UNIFEM á Íslandi. Sérstaklega vil ég óska UNIFEM hjartanlega til hamingju með Fiðrildavíkuna fyrr á þessu ári, sem var frábært átak, og einnig með yfirstandandi átak „Segjum NEI við ofbeldi gegn konum“. Hvorutveggja eru mikilsverð framlög í þágu kvenna í heiminum. Okkur í utanríkisráðuneytinu er afar dýrmætt hið góða og mikla samstarf sem við eigum við UNIFEM.

Ég hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs,

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
utanríkisráðherra*



Konur að störfum á Damnoen Saduak bátamarkaðinum nálægt Bangkok í Taílandi.

Horft eitt ár til baka

EFTIR SIGRÍÐI ERLU JÓNSDÓTTUR

Ég stend sjálfa mig að því að brosa breitt þegar ég hugsa til þessa síðastliðna árs sem stjórnarkona í landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Mér þykja það forréttindi að hafa fengið að kynna þessum hópi kvenna og fylltist í raun undrun og virðingu þegar mér varð ljóst að hér á landi hafa konur unnið að þessum fallega málstað í átján ár. En stöldrum við og lítum yfir síðustu tólf mánuði.

Tímariti UNIFEM 2007 var dreift glóðvolgu á okkar árlega morgunverðarfundum föstudaginn 23. nóvember. Meginefni ritsins var, í anda þessa árs, helgað baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Á fundinum var hrundið af stað 16 daga átaki í þeim efnum og til varð samstaða á þriðja tug samtaka og stofnana um að vekja athygli á þessu aðkallandi vandamáli.

Við urðum mjög ánægðar þegar ljóst varð að við fengjum heiðursgestinn sem við ósk-uðum eftir á morgunverðarfundinn. Þetta var Lindora Howard-Diawara frá Líberíu,

framkvæmdastýra samtakanna WIP-NET, Women in Peacebuilding Network, sem eru liberísk kvenréttinda- og friðarsamtök. Lindora reyndist ekki einungis vera frábær og áhrifamikill fyrirlesari á fundinum heldur var hér einnig á ferð hin elskulegasta kona sem ljúft var að verja tíma með. Hún var sérlega áhugasöm um að kynna landinu og yfir sig þakklát fyrir að fá tækifæri m.a. til að fá að sjá goshveri og fossa. Ég kynntist því vel með henni hvað það getur verið gefandi og skemmtilegt að starfa í samtökum eins og UNIFEM.

Þegar á veturinn leið urðu markmiðin háleit-ari. UNIFEM á Íslandi hafði á árinu 2007 fengið góðan byr undir sína fiðrildavængi í formi glæsilegra fjárframlaga og því voru áformin þetta haust mikil og áttu eftir að verða árangursrík. Hinn svokallaði Ofbeldis-sjóður UNIFEM fékk nýtt nafn; *Styrktarsjóður UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum*. Fleira breyttist því framkvæmdastýran okkar til tveggja ára, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fór til annarra starfa og við keflinu og öllum stóru áformunum tók Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og leysti af stakri þýði. Og fleiri konur komu í annarra stað því verndari UNIFEM á Íslandi, Ásdís Halla Bragadóttir, hafði lokið sínu tveggja ára tímabili en við þessu hlutverki tók Kristín Ólafsdóttir og fóru þessi verndaraskipti fram við ógleymanlega „gyðju“-athöfn, sem var einmitt vel við hæfi.

Vinnuhópar skila árangri

Á starfsárinu voru myndaðir vinnuhópar, sem stjórnarkonur skiptu sér niður á. Í hinum stórhuga viðburðahópi héldu konur áfram þeirri undirbúningsvinnu sem hófst árið 2007 og varð að lokum hinn ótrúlegi fjárfunarviðburður Fiðrildavikan. Hún hófst 3. mars og lauk á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars sl. Draumurinn um að koma af stað fiðrildaáhrifum með samstilltu átaki íslenskra kvenna náði hámarki í þessari viku og fékk Styrktarsjóðurinn verðuga kynningu og stuðning meðal íslensks almennings. Þessu átaki eru gerð skil sérstaklega hér í blaðinu.



Stjórn UNIFEM á Íslandi 2008-2009. Efri röð frá vinstri: Margrét Rósa Jochumsdóttir, Elsa Guðmundsdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Katrín Hauksdóttir, Sigríður Erla Jónsdóttir, Regína Bjarnadóttir, Magnea Marinósdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Dóra Sif Tynes, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir.

Ljósmynd: Ragnheiður Eyrjólfsdóttir

Stuttu áður fengum við góða gesti frá Palestínu í miðstöðina til okkar, þær Maha Abu-Dayyeh-Shamas, sem stofnaði og stýrir lagaráðgjafarmiðstöð fyrir konur í Jerúsalem, og Anat Saragusti, fréttaritara og sjónvarpskonu í Palestínu og mikla baráttukonu fyrir réttindum kvenna þar á landi. Hér voru þær í heimsókn hjá utanríkisráðherra, sem hafði verið gerð að heiðursfélagi í IWC (e. International Women's Commission for a Just and Sustainable Palestinian-Israeli Peace), og því fögnuðum við vissulega með henni.

Það leynir sér ekki að það er í mörg horn að líta í svona samtökum og þegar stórar fjárupphæðir fara um reikninga þess er mjög brýnt að hafa allar verklagsreglur í lagi. Einn vinnuhópur gekk í það verkefni og kláraði. Annar hópur fór í að yfirfara sjálfa stefnumótun félagsins og var markmiðasetning og stefnumið landsnefndarinnar endurorðuð og gerð aðgengilegri. Lög landsnefndarinnar voru einnig lagfærð og breytingatillögur gerðar fyrir aðalfund ársins, sem samþykkti þær umyrðalaust.

Annar hópur fór yfir kynningarmálin og endurlífgaði mánaðarlega fyrirlestra um málefni tengd konum í þróunarlöndunum og starf UNIFEM í þeirra þágu. UNIFEM-UMRÆÐUR, eins og þessir fyrirlestrar hafa verið nefndir, eru vel kynntir og sóttir alla fyrstu laugardaga í mánuði. Þarna hafa flutt erindi sín alveg ótrúlega góðir fyrirlesarar og hefur þeim tekist að víkka sjónvildarhring margra sem á hlýddu. Umræðuefnin voru margvísleg; allt frá því að fá innsýn í daglegt líf sveitakvenna í Malaví fyrir tilstilli Birnu Halldórsdóttur sem þar bjó, og yfir í umræður um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í tengslum við þróunarsamvinnu, sem sérfræðingar við HR stýrðu.

Aðalfundur félagsins var svo haldinn 29. apríl og urðu þar formannsskipti. Guðrún Margrét Guðmundsdóttir kvaddi okkur eftir ævintýralegt tímabil og yndislega viðkynningu og við tók Regína Bjarnadóttir sem einnig hefur verið frábært að kynnast. Eins og gengur voru fleiri stjórnarkonur kvaddar og nýjar komu í þeirra stað, allt saman alveg einstakar konur sem mér hefur þótt bæði lærdómsríkt og gefandi að kynnast og starfa með.



Lindora Howard-Diawara er framkvæmdastjóri kvenna- og friðarsamtaka í Líberíu. Hún var heiðursgestur á árlegum morgunverðarfundi UNIFEM á Íslandi þann 25. nóvember 2007.

Áhugaverð verkefni á döfinni

Í maí tók ný stjórn stefnuna á framhaldið og aftur skiptum við með okkur verkum. Einn hópur tekur að sér stefnumótun félagsins fyrir tímabilið fram undan, annar fer í að leita nýrra bakhjarla, nokkrar stjórnarkonur eru að vinna að viðskiptaáætlun með hönnuði til kynningar á UNIFEM, Líberíuhópur skoðar möguleikann á hópferð á fund í Líberíu og einnig er stafað í vitundarvakningaráhrópi, sem leitar leiða til að breiða starfsemi landsnefndarinnar út um allt land og fjölga þar félagskonum og -mönnum. Allt eru þetta verkefni sem eru í fullum gangi nú um stundir og verða áfram í vetur.

Þá starfaði einn hópur ötullega að því að halda hér á landi árlegt heimsþing lands-

félaga UNIFEM í september en hann sóttu tuttugu fulltrúar landsnefnda ýmissa landa og komu sumar konurnar langt að, eins og frá Singapore og Ástralíu, en landsfélög UNIFEM eru 16 talsins. Er óhætt að segja að íslenska nefndin sinni þessu verkefni með sóma. Ég má líka til með að láta það fylgja að landsnefnd UNIFEM á Íslandi er sú duglegasta af þeim öllum við að afla fjár og hefur hlutfallslega langflestu félaga. Slíkur árangur næst einungis þegar samhentur hópur vinnur verkið með ánægju og stórhug eins og ég hef leitast við að lýsa hér að ofan – og við hlökkum til verkefnanna fram undan enda eru þau ærin.

Höfundur er stjórnarkona í UNIFEM á Íslandi

MARKMIÐ UNIFEM Á ÍSLANDI

- Kynna og auka áhuga almennings á starfsemi UNIFEM.
- Vera málsvari kvenna í þróunarlöndum og á áttaksvæðum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti efnahags- og félagslegrar þróunar.
- Afla fjárframlaga til starfsemi UNIFEM frá hinu opinbera og einkaaðilum.

Að vinna í stóru myndinni

Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi í nærmynd

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hóf störf sem framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi í nóvember 2007. Eftir annasamt ár í starfi er ekki úr vegi að forvitnast aðeins um þessa vösku konu sem má með sanni segja að sé ötul talskona kvenna í þróunarlöndum á Íslandi.

„Eftir stúdentspróf hóf ég nám í mannfræði við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi þaðan vorið 2006. Í kjölfarið hóf ég meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun. Þar lærði ég ýmsar aðferðir til þess að miðla þeirri miklu og áhugaverðu þekkingu sem ég viðaði að mér í náminu, bæði í mannfræði og þeim kynjafræðikúrsum sem ég tók, sem mér finnst eiga erindi við fleiri en bara þá sem tengjast fræðunum. Ég tók mér tvisvar frí frá náminu og hélt á vit ævintýrana. Fyrst eyddi ég vetri í Berlín þar sem ég upplifði það að vera atvinnulaus innflytjandi í eilífu stappi við útlendingaeftirlitið – þar til Burger King bjargaði mér. Þar vann ég allan veturinn og hef nú gríðarlega þekkingu á þýskri tungu á sviði hamborgara. Síðar dvaldi ég einn vetur í mekku jafnréttisfræðanna, Svíþjóð. Meðfram námi hef ég alltaf verið virk í

jafnréttisbaráttunni og starfað með Feministafélaginu, meðal annars við gerð *krónu konunnar*, hélt stjórnámálskóla og ráðstefnu um margbreytileika. Í nóvember 2007 tók ég svo við starfi framkvæmdastýru UNIFEM.

Ég hef alltaf haft áhuga á hversdagslífi fólks hvar sem það er statt í heiminum. Þegar ég var lítil skoðaði ég kortabækur spjaldanna á milli, og þá ekki síst kortin þar sem fram kemur hvað fólk ræktar. Mér fannst eins og þar sem allur þessi sykurrey, tóbak og demantar væru hlyti að vera paradís, sérstaklega miðað við Ísland því samkvæmt kortunum var þar ekki neitt. Þarna var gott veður og gnægð matar, strákofar og lífandi tónlist. Með árunum hef ég lært að fyrirnefndum demöntum, eins og öllu öðru, fylgir mikil pólitik lituð arðráni og blóði. Það hafa það

ekki allir jafn gott og það er ekki bara af því að það hefur orðið uppskerubrestur eða þurrkur.“

Hvernig varð þér svo við þegar þér var boðið starf hjá UNIFEM á Íslandi?

„Það var draumi líkast fyrir mig að fá þetta starf og mér fannst alveg merkileg tilfinning að fá borgað fyrir eitthvað sem ég myndi alveg eins gera í sjálfböðavinnu. Auðvitað breytist þetta síðan, enda þarf maður að vera tilbúinn að takast á við allt – líka leiðinlegu hlutina. Það fylgir því að vera eini starfsmaðurinn.

Fyrstu verkefni mín hjá UNIFEM sneru aðallega að fjáröflun, m.a. með skipulagningu Fiðrildavikunnar, en nú eru aðrir tímar. Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur starfið



Ljósmynd: Rósa Jóhannsdóttir

KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR
VERNDARI UNIFEM Á ÍSLANDI

Þörfin ríkust þar sem þögnin er mest

Hlutverk verndara UNIFEM á Íslandi er að aðstoða við að auka sýnileika samtakanna og vekja almenning til vitundar um starfsemi þeirra. Þá ber verndara að vekja athygli á stærri verkefnum, líkt og Fiðrildaátakinu, og taka þátt í fjáröflun, kynningum, ráð-

stefnum og öðrum tilfallandi viðburðum á vegum samtakanna. Mikilvægt er að leggja áherslu annars vegar á alþjóðlegt samstarf og samstöðu með náunganum og hins vegar að styðja konur til að vera á eigin forsendum.

Slíkar áherslur lýsa sér vel í *Styrktarsjóði UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum*, sem er eini sjóður sinnar tegundar í heiminum. Á hverju ári berst mikill fjöldi umsókna í sjóðinn, en í fyrra var einungis hægt að leggja til fé í fimm prósent verkefna, eða í 29 verkefni í 36 löndum. Þriðja hver kona upplifir kynbundið ofbeldi á lífsleiðinni en umsækjendur í Styrktarsjóð UNIFEM eru einungis brot þeirra sem virkilega þurfa á aðstoð að halda. Þörfin er hvað ríkust þar sem þögnin er mest.

Styrktarsjóður UNIFEM aðstoðar konur við að byggja upp líf sitt og samfélag. Aðferðafræði UNIFEM og Styrktarsjóðsins er að nálgast konur sem gerendur í eigin lífi en ekki að líta á þær sem fórnarlömb eða segja konum hverjar þarfir þeirra séu. Styrktarsjóðurinn svarar þörf kvenna, en ákveður ekki fyrir þær hver verkefni eigi að vera. Konur þekkja sín samfélög best og það er því hlutverk UNIFEM að veita þeim byr undir báða vængi.

farið að snúast æ meira um vitundarvakningu og aðkomu stjórnvalda að jafnréttis- og þróunarmálum.”

Hvert telur þú vera helsta hlutverk félagsamtaka eins og UNIFEM á Íslandi?

„Það þarf að vekja fólk til vitundar um stöðu kvenna í öðrum heimshlutum, við finnum ekki lausnir á vandamálum sem enginn veit að eru til. Ástandið í mörgum þriðjaheimsríkjum er bara svo fátækt að maður getur ekki einu sinni ímyndað sér það. Hjá UNIFEM er unnið mjög merkilegt starf við að auka rétt kvenna, starf sem byggist á því að vikka út svið kvenna og búa til umgjörð um líf þeirra til að þær geti athafnað sig. Það er ekki hægt að styrkja eina konu til atvinnureksturs ef samfélag hennar afneitar því að kona geti rekið fyrirtæki; þess vegna þarf að vinna í stóru myndinni. Það er erfitt starf, oft og tíðum óskiljanlegt og óþægilega óáþreifanlegt en alveg rosalega mikilvægt.“

Ljósmynd: Résa Jóhannsdóttir



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi.

Hver eru helstu forgangsmálin í starfi UNIFEM á Íslandi að þínu mati?

„UNIFEM á Íslandi getur verið góð fyrirmynd fyrir aðrar landsnefndir UNIFEM og við höfum þegar stigið skref á þessu sviði. Fiðrildavikan er best heppnaða fjáröflun sem nokkur UNIFEM-landsnefnd hefur staðið fyrir og í kjölfarið útbjuggum við skýrslu fyrir aðrar landsnefndir til að fara eftir ef

áhugi væri á því. Við gætum vel verið fyrirmynd á fleiri sviðum; t.d. gætum við fundið nýjar og spennandi leiðir til vitundarvakningar. Það krefst þess þó að margir leggi hönd á plóg og séu tilbúnir að gefa tíma sinn í öll þau aðkallandi verkefni sem UNIFEM vinnur um allan heim.

Íslendingar hafa margt fram að færa í jafn-

réttismálum. Við erum framarlega á sviði rannsókna í jafnréttismálum – ekki síst þegar alþjóðlega jafnréttisatrið og -skólinn verða stofnsett hér á landi. Við ættum að halda áfram því starfi og taka að okkur að vera brautryðjendur. Ég held að það myndi gera ímynd landsins gott, sem og okkar eigin samfélagi,” segir Steinunn að lokum.

Öðruvísi jólafagnaðir í Landnámssetri

Uppáhald jólasveinanna og Pönnukakan hennar Grýlu
Hádegishlaðborð með þjóðlegu góðgæti fyrir alla fjölskylduna. Ódýrt og gott.

Jólasveinar bregða á leik og reyna að krækja sér í bita og dansa síðan í kringum jólatréð með börnunum.

Verð fyrir fullorðna: kr. 2800

Börn 6 - 14 ára kr. 1500

- frítt fyrir börn yngri en 6 ára

Pönnukakan hennar Grýlu

– brúðuleiksýning eftir Bernd Ogródnik

Verð kr. 1500 – kr. 1000 fyrir matargesti

Jólaveislan 2008

Margir spennandi forréttir,

tveir gómsætir aðalréttir,

einn ómóttæðilegur effirréttur



Snilldarkokkarnir Þórir Bergsson og Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslumeistari ársins 2006, töfra fram krásirnar.
Verð kr. 5.500 –

Sjá matseðla og nánari tímasetningar á landnamssetur.is

Borðapantanir í síma 437 1600



Að láta raddir kvenna heyrast

Starf UNIFEM í áranna rás

EFTIR MARGRÉTI RÓSU JOCHUMSDÓTTUR

Á heimsráðstefnu um málefni kvenna í Mexíkó árið 1975 kom í ljós að mikil þörf var á því að stofna þróunarsjóð sem styrkti sérstaklega verkefni sem vinna að eflingu kvenna og jafnrétti kynjanna. Árið 1976 var UNIFEM stofnað í kjölfar ályktunar sem samþykkt var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna (SP) fyrir tilstuðlan kvennasamtaka sem tóku þátt í Mexíkó-ráðstefnunni. Áratugurinn 1975-1985 var einnig nefndur kvennaáratugur SP. UNIFEM var upprunalega aðeins ætlað að starfa í þau tíu ár sem kvennaáratugur SP stóð yfir en í lok tímabilsins var ljóst að sjóðnum hafði tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum og því ákveðið að halda starfseminni áfram.

Hlutverk UNIFEM er að vinna að jafnrétti kynjanna í samvinnu við hinar ýmsu stofnanir SP, ríkisstjórnir heims, frjáls félagasamtök og kvenna- og mannréttindahreyfingar. Í starfi UNIFEM er ávallt lögð áhersla á að konur séu virkir þátttakendur á öllum stigum stefnumótunar í þróunarsamvinnu. UNIFEM beitir sér einnig fyrir því að raddir kvenna heyrast á vettvangi SP og stendur vörð um þær skuldbindingar sem aðildarríki SP hafa samþykkt í hinum ýmsu alþjóðasáttmálum og ályktunum er tengjast mannréttindum kvenna.

Þegar UNIFEM var stofnað árið 1976 var megináhersla sjóðsins að koma á samstarfi og tengslaneti kvennasamtaka um allan heim og upplýsingaöflun um stöðu kvenna. Notast var fyrst og fremst við svokallaða verkefnanálgun sem felst í því að fjármagni er beint til afmarkaðra verkefna með skilgreind markmið og tímaramma og áhersla var lögð á að koma á aðgerðum til að tryggja efnahagslegt öryggi kvenna. Mikil áhersla var lögð á stuðning við fátækar konur í þróunarlöndum, sérstaklega í Afríku.

Aukin áhersla á afnám ofbeldis gegn konum

Eftir kvennaráðstefnuna í Naíróbí árið 1985 fór UNIFEM hins vegar að leggja áherslu á afnám ofbeldis gegn konum og hefur það verið aðaláhersla sjóðsins allar götur síðan. Á fjórðu kvennaráðstefnunni í Peking í Kína árið 1995 var sjónum beint að því að auka pólitíska þátttöku kvenna og mikilvægi efnahagslegra réttinda. Þá var einnig rætt um aðkomu og þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu í kjölfar stríðsátaka. Á Pekingráðstefnunni kom hugtakið *sambætting kynja- og jafnréttissjón-*

Kona undirbýr hádegismat fjölskyldunnar í litlu sundi, heimili þeirra um þessar mundir þar sem hið eiginlega heimili í fátæklegum miðhluta Colombo á Sri Lanka var rífið niður í hreinsunarherferð borgaryfirvalda fyrir leiðtogafund Suður-Asíuríkja snemma árs 2008.

UMGJÖRÐ OG STARF UNIFEM MÓTAST SAMKVÆMT GRUNDVALLAR-MARKMIÐUM EFTIRFARANDI ALÞJÓÐASAMÞYKKTA:

1. Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, eða Kvennasáttmálinn (1979): Alþjóðlegur mannréttindasáttmáli um réttindi kvenna og jafnrétti kynjanna.
2. Peking-áætlunin (1995): Framkvæmdaáætlun SP um málefni kvenna.
3. Ályktun Öryggisráðs SP númer 1.325 um konur, frið og öryggi (2000): Um mikilvægi þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu og innleiðingu lýðræðislegra stjórnarháttá.

armiða sterkt fram en árið 2003 tóku SP upp samþykkt sem kveður á um að kynsjónarmið skuli samþætt inn í allar stefnur og verkefni SP. Mikilvægasta framlagið á Peking-ráðstefnunni var þó Peking-áætlunin, framkvæmdaáætlun SP um málefni kvenna sem liggur til grundvallar jafnréttisáætlunum um allan heim, m.a. á Íslandi. UNIFEM vinnur enn í dag samkvæmt grundvallarmarkmiðum áætlunarinnar.

Á Peking+10-kvennaráðstefnunni, sem haldin var í New York árið 2005, var lagt mat á árangur framkvæmdaáætlunarinnar sem gerð var á Peking-ráðstefnunni tíu árum fyrr. Þar kom m.a. fram að ofbeldi gegn konum væri viðvarandi vandamál sem ekki væri á undanhaldi. Því var ákveðið að leggja enn meiri áherslu á málaflokkinn og hefur UNIFEM gert það m.a. með því að hleypa úr vör áttáttinu *Segjum NEI við ofbeldi gegn konum* (e. Say NO to Violence against Women). Þá hafði allsherjarþing SP einnig árið 1996 stofnað styrktarsjóð til afnáms ofbeldis gegn konum og sett hann í forsjá UNIFEM. Sjóðnum var ætlað að veita fé til verkefna sem höfðu það markmið að útrýma ofbeldi gegn konum.

Breytingar á verkefnavali og aðferðafræði

Um aldamótin 2000 stefndi UNIFEM, eins og flestir þróunarsjóðir og aðilar í þróunarsamvinnu, að því að færa starfið frá sér-tækum, svæðisbundnum verkefnum til almennari og viðtækari verkefna. Það voru verkefni sem stuðluðu t.d. að breyttri laga-setningu, réttlátara dómskerfi og hugarfarsbreytingu sem átti að skila sér með afgerandi hætti til varanlegra breytinga á lífi og aðstæðum kvenna.

UNIFEM beitir þó verkefnánálgun enn í dag en einnig geiranálgun sem felst í því að fjármagni er beint inn í ákveðna geira, eins og t.d. menntamál eða heilbrigðismál, og viðtökuríkið sér svo um að útdeila fjármagninu til verðugra verkefna innan þessara geira. Með þessari nálgun er þess krafist að þróunarstofnanir samræmi aðgerðir sínar í samstarfi við viðtökuríkið. Þetta er enn fremur í takt við



Ljósmynd: Sigurður Már Hilódal

Kona selur ávexti við helstu umferðargötu í Ho Chi Minh-borg í Vietnam.

Parísar-yfirlýsinguna (2005) um samræmt og árangursmiðað þróunarstarf/samvinnu sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) skuldbinda sig til að vinna að.

Valdið sett í hendur heimamanna

Á undanförunum árum hafa alþjóðlegar þróunarsamvinnustofnanir, frjáls félagasamtök og ríkisstjórnir í auknum mæli tileinkað sér hugmynda- og aðferðafræði þátttökuþróunar (e. *partnership*) við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna og er UNIFEM meðal þeirra. Grunnhugmynd þátttökuþróunar er að gera þeim sem eiga að njóta góðs af þróunarverkefnum kleift að taka virkan þátt í ákvarðanatöku, undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna. Með þessari aðferð er leitast við að efla einstaklinga og samfélög og auka áhuga þeirra á framkvæmd verkefnisins og gera þau að virkum þátttakendum þess. Þessi nálgun kemur skýrt fram í öllu starfi er varðar Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum en hugmyndir að verkefni sem sjóðurinn styrkir koma fyrst og fremst úr grasrótinni, frá kvenna- og mannréttindahreyfingum.

Best rekni þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna

UNIFEM heyrir undir Þróunaráætlun SP (UNDP). Sjóðurinn nýtur sívaxandi álits og hefur hvað eftir annað verið nefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP. Aðalskrifstofa UNIFEM er í höfuðstöðvum SP í New York en starfsfólk, sjálfbóðaliðar og velunnarar starfa um allan heim. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi er ein sextán landsnefnda UNIFEM en þær eru starfræktar til þess að styðja við starf UNIFEM með vitundarvakningu og upplýsingagjöf um stöðu og réttindi kvenna, sem og fjáröflun til verkefna UNIFEM.

Höfundur er stjórnarkona í UNIFEM á Íslandi.

Heimildir:

www.unifem.org

www.womenwarpeace.org/

Tímarit UNIFEM á Íslandi '04, 1. tbl. 14. árg.

Margrét Rósa Jochumsdóttir, „Landsnefnd UNIFEM á Íslandi: Saga, áherslur og aðferðir“ MA-verkefni í þróunarfærðum við Háskóla Íslands 2008.

Grunnstoðin í vinnu UNIFEM

Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Sáttmálinn um afnám allrar mismununar gegn konum (e. Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, CEDAW) var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1979. Sáttmálinn gekk í gildi tveimur árum síðar.

óháðra sérfræðinga víðsvegar úr heiminum sem reglulega gefur frá sér álit um ýmis ákvæði sáttmálans. Nefndin fer einnig yfir skýrslur frá aðildarríkjunum og beinir til þeirra tilmælum og tillögum um ýmis mál sem betur mættu fara.

samningum SP. Sáttmálinn hefur verið staðfestur af 185 ríkjum heims en framkvæmd hans er víða áfátt. Margar ástæður eru fyrir því. Má þar nefna að mörg ríki hafa gert viðtæka fyrirvara við ýmis ákvæði og enn önnur hafa vanrækt að binda sáttmálann í lög eða framfylgja ákvæðum hans innanlands. Þrátt fyrir að nær 30 ár séu liðin frá gerð sáttmálans er enn brotið á grundvallarmannréttindum kvenna á degi hverjum víða um heim.

Öll markmið og vinna UNIFEM miða að því að virða mannréttindi kvenna. UNIFEM kemur í framkvæmd aðgerðum sem settar eru fram í Kvennasáttmálanum. Kvennasáttmálinn er í sjálfu sér drifkraftur alls starfs og hugmyndafræði UNIFEM. Þar ber hæst starf UNIFEM við að aðstoða stjórnvöld við að framkvæma sáttmálann og stuðning við frjáls félagasamtök til þess að þau geti veitt stjórnvöldum aðhald, t.d með því að gefa út skuggaskýrslur um hvernig framkvæmd gengur og/eða er ábótavant.

Gera má betur á Íslandi

Ísland var meðal fyrstu ríkjanna sem undirrituðu sáttmálann árið 1980. Sáttmálinn hefur ekki verið innleiddur á Íslandi sem slíkur en flest ákvæði hans hafa þó verið bundin í lög, fyrst með lögum nr. 96/2000 og nú nýlega með lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nýju lögin fela í sér töluverðar framfarir frá fyrri lögum og kveða meðal annars á um að gæta skuli kynjasjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Betur má þó ef duga skal. Í skuggaskýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands til CEDAW-nefndarinnar kemur fram að þörf er á frekari ráðstöfunum til þess að útrýma ofbeldi gegn konum, auka hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum og brúa viðvarandi launabil á milli kvenna og karla.

Elin Halla Ásgeirsdóttir

Gert að tryggja jafnrétti með lögum

Sáttmálinn skuldbindur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að vinna gegn hvers kyns mismunun gegn konum, hvort sem er af pólitískum, félagslegum, efnahagslegum eða menningarlegum toga. Aðildarríkjunum er þannig gert að tryggja konum jafnrétti með lögum, auk þess að taka á hinum undirliggjandi félagslega og pólitíska ójöfnuði sem viðheldur misrétti milli kynjanna.

Virk eftirlitsnefnd

Með sáttmálanum var sett á stofn nefnd 23

Árið 1998 var samþykktur viðauki við sáttmálann sem gefur einstaklingum og hópum sem telja að brotið hafi verið á réttindum sínum undir sáttmálanum færi á að senda kvartanir til nefndarinnar. Þá getur nefndin einnig sent fyrirspurnir og tekið til athugunar alvarleg eða kerfisbundin brot á ákvæðum sáttmálans. Viðaukinn er hins vegar valkvæður og það er undir aðildarríkjunum komið hvort þau staðfesta hann eða ekki.

Einn umdeildasti mannréttindasamningurinn

Kvennasáttmálinn er einn af mikilvægustu en jafnframt umdeildustu mannréttinda-

Frekari upplýsingar:

- Kvennasáttmáli SP – www2.ohchr.org/english/law/cedaw.htm
- Nefnd um afnám mismununar gagnvart konum – www2.ohchr.org/english/bodies/cedaw/index.htm
- Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla – www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html

Sáttmálinn skilgreinir mismunun gegn konum sem „hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli

jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.“

Stöndum vörð um jafnrétti kynjanna

Eitt meginmarkmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er að vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kynferðis á vinnumarkaði. Í lögnum segir m.a:

- Mismunun á grundvelli kyns er bönnuð. Það gildir að sjálfsgöðu einnig um uppsagnir.
- Sérstaklega á að leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.
- Atvinnurekendur og stéttarfélag eiga að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.
- Konur og karlar hjá sama atvinnurekanda eiga að fá jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Starfsfólk má alltaf skýra frá launakjörum sínum.


Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga á hlutfall kynjanna að vera sem jafnast

og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Sama gildir um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.



Jafnréttisstofa
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460 6200
Fax 460 6201
www.jafnretti.is
jafnretti@jafnretti.is



Veljum íslenskt

- Skólavörðustíg 19
s: 552 1890
- Laugavegur 64
s: 562 1890
- Radisson SAS,
Hótel SAGA
s: 562 4788



www.handknit.is

Handprjónasamband Íslands



Þar sem daglegt líf er hættulegt

Stuðningur UNIFEM við konur í Afganistan

Á árunum 2005 til 2007 lögðu Íslendingar fé til reksturs kvennamiðstöðva í Afganistan að upphæð 5,5 milljónir íslenskra króna fyrir tilstuðlan UNIFEM á Íslandi. *Jónína Helga Þórólfsdóttir*, stjórnarkona í UNIFEM, sem eitt sinn starfaði sem friðargæsluliði í Gohr-héraði í Afganistan, segir hér frá því hvornig UNIFEM hefur stutt við rekstur kvennamiðstöðvanna.

UNIFEM var ein af fyrstu alþjóðastofnunum sem hófu starfsemi í Afganistan eftir fall talibana árið 2002. Ástandið í landinu var hörmulegt eftir rúmlega 30 ára stríðs-ástand. Eitt af fyrstu verkefnum UNIFEM var að aðstoða við að stofna kvennamálaráðuneyti í Afganistan.

Markmið UNIFEM í Afganistan er að efla réttindi afganskra kvenna, vinna að jafnrétti kynjanna og bæta getu og leiðtoga-hæfileika kvenna til að stuðla að þátttöku þeirra í félagslegri, efnahagslegri og stjórnmálalegri endurreisn lands síns. Stór þáttur í þeirri starfsemi er að aðstoða og vinna með kvennamálaráðuneytinu sem leggur mikið upp úr því að bæta stöðu kvenna um allt land. Í þeirri viðleitni, stuttu eftir að ráðuneytið var stofnað, var komið á fót skrifstofur ráðuneytisins í öllum héruðum landsins, svokölluðum héraðsskrifstofum.

Kvennamiðstöðvar veita konum samastað

UNIFEM hefur verið bakhjarl og samstarfs-

aðili kvennamiðstöðva fyrir afganskar konur síðan árið 2003. UNIFEM styrkti stofnun kvennamiðstöðva með aðstoð héraðsskrifstofa kvennamálaráðuneytisins. Það að konur hafi samastað styrkir tengslanet þeirra og þátttöku almennt í málefnum síns héraðs. UNIFEM hefur einnig aðstoðað frjáls félagasamtök fjárhagslega við að stofna miðstöðvar fyrir flóttafólk á vergangi innanlands. Þar sem starfsemi héraðsskrifstofa hefur skarast við starfsemi kvennamiðstöðvanna og miðstöðva flóttafólks hefur aðstoðan verið samnýtt. Þegar starfsemin er samnýtt á þennan hátt opnast vettvangur fyrir samskipti milli kvenna og starfskvenna héraðsskrifstofanna sem er að skila sér í bættri stefnumótun. Í Afganistan hefur það sýnt sig að þar sem konur hafa aðstöðu til að koma saman og telja öruggan vettvang nýta þær tækifæri sem þjóðast og aðgang að þjónustu eins og til dæmis fullorðinsfræðslu og námskeiðum. Slíkur stuðningur, sem er sérstaklega hugsaður til að koma til móts við þarfir kvenna í hverju héraði, er ómetanlegur í landi þar sem það að sinna daglegum skyldum utandyra getur verið beinlínis lífs-hættulegt fyrir konur.

Smálán skipta sköpum

UNIFEM hefur veitt innlendum félagasamtökum aðstoð í formi smálána til að styrkja verkefni innan kvennamiðstöðva í héruðum Ghazni, Kandahar, Herat og Parwan og innan miðstöðva fyrir flóttafólk í Ghorband, Khoistan, Panjsher og Said Khail. Héraðs-



© Manoocher Dagher/IRIN

skrifstofur kvennamálaráðuneytisins aðstoða UNIFEM við smálánaverkefnið með því að velja samfélagshópa sem fá forgang vegna fátæktar og slæmrar stöðu. Í lok árs 2007 höfðu 8.366 konur fengið aðstoð í miðstöðvunum, m.a. í formi lestrar- og skrifarnám-skeiða, námskeiða í tengslum við heilsufar og hreinlæti og að auki fengu konur aðgang að sálfræðiaðstoð. Þá voru einnig haldin sjálfshjálparnámskeið og boðið upp á verk-nám fyrir konur.

Breyttar áherslur kvennamiðstöðvanna

Í ágúst 2007 samþykku samstarfsaðilarnir, kvennamálaráðuneytið, UNIFEM og fleiri bakhjarlar, að vinna eftir nýju módeli innan kvennamiðstöðvanna. Ákveðið var að samþætta enn frekar starfsemi héraðsskrifstofanna og kvennamiðstöðvanna sem varð til



Afganskar konur á aðalmarkaðinum í Kabúl, júní 2008.

Þess að héraðsskrifstofurnar hafa nú enn meira svigrúm til að berjast fyrir og hafa almennt áhrif á bætt líf og rétt kvenna úti í héruðum. Þetta nýja fyrirkomulag auðveldar samþættingu aðgerða á héraðsstigi og styður þannig enn betur við samfélagslega og efnahagslega þróun og stöðu kvenna og kvennasamtaka í landinu.

Hindrunum rutt úr vegi

Héraðsskrifstofan og félagasamtök í Parwan-héraði hafa komið á fót hreyfanlegri kvennamiðstöð í Hizatkhal, aðeins klukkustund akstur frá höfuðborg héraðsins Charikar. Reynslan þar sýndi að margar konur gátu ekki nýtt sér aðstöðu og þjálfun kvennamiðstöðvanna vegna skorts á öryggi, t.d. þegar þær þurftu að fara einar út til að komast þangað og vegna annarra menningarlegra hindrana.

Stofnun hreyfanlegra kvennamiðstöðva var eiginlega svar við því og með þeim er búin til aðstaða fyrir konur sem gefur þeim kost á að komast út af heimili í ásætlanlegt náms-umhverfi þar sem þær geta kynnst öðrum konum og byrjað að byggja tengslanet.

Hreyfanlegar kvennamiðstöðvar

Hreyfanlega miðstöðin hóf starfsemi árið 2007 með styrkjum og tæknilegri aðstoð frá UNIFEM. Miðstöðin býður upp á kennslu og þjálfun á eftirtöldum sviðum:

- Stjórnun hreyfanlegra miðstöðva.
- Heilsugæsluþjónustu.
- Fullorðinsfræðslu, þ.e. lestrar- og skriftarkennslu.
- Iðn- og verkmenntun, t.d. umhirðu dýra og vinnslu afurða þeirra eins og jóгурt.

LÍF AFGANSKRA KVENNA Í TÖLUM

Lífslíkur kvenna við fæðingu: 44 ár
Lestrarkunnátta kvenna 15 ára og eldri: 15,8%
Tíðni mæðradauða (konur sem deyja við barnsburð á hverjar 100 þúsund fæðingar): 1.600-1.900, sem er sú önnur hæsta í heimi – þýðir að kona deyr á hálf tíma fresti
Tíðni fæðinga þar sem heilbrigðisstarfsmaður (ljósmóðir/hjúkrunarfræðingur eða læknir) er viðstaddur: 14%
Fjöldi barna á hverja konu: 7,4
Hlutfall kvenkyns kennara í Afganistan: 28,4%
Hlutfall kvenna á þjóðþinginu: 27%
Konur sem ekki fá að ákveða hjónaband sitt: 70-80%
Stúlkur sem eru giftar fyrir 16 ára aldur: 57%
Heimild: www.afghanistan.unifem.org



Jógúrtframleiðsla í Hizatkhal.



Aldrei of seint. Eldri kona í hreyfanlegu kvennamiðstöðinni í Hizatkhal.

UNIFEM leggur áherslu á að virkja þátttöku kvenna í efnahagslegri þróun í sveitum landsins í gegnum héraðsskrifstofur og kvennamiðstöðvar. Hluti af því er að styrkja vinnu afganska kvennamálaráðuneytisins og aðstoða við að útfæra aðgerðaáætlun fyrir konur í Afganistan. Aðgerðaáætlunin, sem er stefnumarkandi, hefur verið samþykkt og á að koma til framkvæmda snemma árs 2009. Þar eru sett fram heildstæð úrræði sem eiga að stuðla að bættri stöðu kvenna og munu koma afgönsku samfélagi til góða. Mikilvægt er að styrkja samstarf kvenna sem starfa að efnahagslegri framþróun í grasrótinni við stærri stofnanir og ríkisstjórnina. Auk þess er brýnt að fræða konur um borgaraleg réttindi sín og þörf á að styrkja verklag sem stuðlar að aukinni þátttöku kvenna í samfélags- og efnahagslegri friðaruppbyggingu.

- Mannréttindafræðslu.
- Smálánaþjónustu til að koma af stað grænmetisframleiðslu.

Það er markmið yfirvalda í Parwan að þjálfa konurnar sem sækja miðstöðina í að sjá sjálfar um miðstöðina þegar verkefninu lýkur. Verkefnið hefur verið samþykkt af hálfu yfirvalda í héraðinu sem þáttur í að veita konum öruggt athvarf og aðstoða þær við að auka þekkingu og tækifæri til þátttöku í félags-, efnahagslegri og pólitískri framþróun. Til að auka líkur á þátttöku kvenna er boðið upp á dagvistun á staðnum.

Fjárhagslegum stuðningi UNIFEM í Afganistan við kvennamiðstöðvarnar lauk formlega í lok árs 2007 en UNIFEM kemur til með að styðja áfram við bakið á þeim með stuðningi sínum við kvennamálaráðuneytið, héraðsskrifstofurnar og frjáls félagasamtök sem vinna í grasrót landsins. Kvennamiðstöðvarnar hafa reynst konunum, sem þangað hafa leitað, og fjölskyldum þeirra mikill stuðningur. Það er því von UNIFEM og okkar allra að afgönsk stjórnvöld, með góðum stuðningi alþjóðasamfélagsins, nái að standa við loford sín um að bæta stöðu og líf kvenna, og þar með barna þeirra, í Afganistan.

REYNSLUSAGA RAZIU

Razia hefur átt erfitt líf. Aðstæður hennar eru mjög bágbornar; foreldrar hennar eru látnir og eiginmaðurinn afplánar fangelsisdóm fyrir morð. Hún gat á engan hátt framfleytt sér og ungum börnum sínum. Nágrannar hennar gáfu henni einstaka sinnum brauð og hveiti. Hún á ekkert land, frekar en afganskar konur almennt, og segir að það sé lítill möguleiki fyrir sig að fá vinnu. Razia, sem býr í Panjsher-dalnum, ákvað að taka þátt í verkefni sem UNIFEM styrkir og byggist á lestrar- og skrifarkennslu, verklegri kennslu og býflugnarækt. Razia segist hafa viljað læra býflugnarækt og læra að lesa. Nú hefur hún lært alla þætti býflugnaræktar og bróðir hennar aðstoðar hana við að selja

hunangið. Afraksturinn fer í að kaupa mat fyrir heimilið en Razia talar einnig um ávinninginn af því að hafa lært að lesa og geta þannig kennt börnum sínum stafrófið.

UNIFEM er í samvinnu við frjáls félagasamtök og héraðsskrifstofuna m.a. í Panjsher, og veitir fjárhagslega og tæknilega aðstoð í svona verkefni. Markmiðið er að aðstoða afganskar konur í litlum borgum og þorpum úti á landsbyggðinni að byggja upp eigið lífsviðurværi og koma þeim í samband við þjónustuaðila sem koma framleiðslu þeirra áfram. Þjálfun og námskeið fara fram í félagsheimilum í þorpunum.

Að bera ábyrgð á réttindum kvenna

Úr skýrslu UNIFEM um stöðu kvenna í heiminum 2008-2009¹

Nú eru sjö ár þangað til þúsaldarmarkmiðunum um þróun á að vera náð; markmiðum sem sett voru árið 2000, meðal annars til að ná fram jafnrétti kynjanna og eflingu kvenna. Í markmiðssetningunni er að finna stikur sem mæla framþróunina og markmið sem á að ná, sem snúa meðal annars að aukinni menntun stúlkna og fækkun andláta við barnsburð. Einnig á, með þeim stikum, að vera hægt að fylgjast með möguleikum kvenna til að taka þátt í efnahagslífinu og opinberri ákvarðanatöku, til jafns við karlmenn.

Það ber að standa við skuldbindingar um að verja réttindi kvenna

Ef þessum mannréttindum kvenna á að vera náð fyrir árið 2015, þarf að vera hægt að draga aðila til ábyrgðar á skuldbindingum sínum og pólitískum loforðum er snúa að bættum réttindum kvenna og jafnrétti kynjanna, jafnt innan ríkja sem á alþjóðlegum vettvangi. **Konur horfa öðrum augum á ábyrgð því þær upplifa ábyrgðarleysi örðruvísi en karlar. Í skýrslunni kemur fram að góð stjórn-sýsla þarf á þátttöku kvenna að halda – alveg eins og jafnrétti kynjanna krefst þess að ríki beri ábyrgð á og geti staðið við loforð um kvenréttindi.** Í of mörgum löndum er þessu ekki sinnt, jafnvel þótt það þýði að brotið sé í bága við stjórnarskrá eða lög. Fjölmörg dæmi eru um að konur og karlar fái ekki jöfn laun, að konur verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað, eða þeim sé sagt upp þegar þær eru með barni. Þá er það of algengt að konur, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, mæti dómurum sem hafa meiri sam-hug með ofbeldismönnum en konunum, sem fá því engar bætur fyrir þjáningar sínar.

Konur eiga að geta farið fram á það við stjórnvöld í sínu ríki að þau ábyrgist skuldbindingar sem hafa verið settar í lög og þeim sé framfylgt af löggæslunni, í réttarfaraskerfinu, af vinnuveitendum og opin-

berum þjónustuaðilum. Þá eiga þær að geta krafist þess að alþjóðastofnanir standi við loforð sín um að verja þessi réttindi.

Ábyrgð þýðir að það sé hægt að draga einhvern til ábyrgðar

En þegar ekki er staðið við gefnar skuldbindingar um réttindi kvenna, hvert geta þá konur leitað? Hver er það sem ber ábyrgð á að réttindum kvenna sé framfylgt? Ábyrgð, frá jafnréttissjónarmiði, felur í sér að ákvarðanir hins opinbera séu gegnsæjar, þannig að hægt sé að meta þær. Konur geta tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi með því að kjósa, taka þátt í stjórnámálum eða jafnvel dómstörfum, en þær þurfa að hafa forsendur til að meta hvaða áhrif ákvarðanir og stefnur hafa á réttindi og stöðu kvenna. Þær forsendur eru ekki fyrir hendi ef ákvarðanirnar eru ekki gegnsæjar. Ábyrgð, út frá jafnréttissjónarmiði, krefst þess því ekki einungis að konur taki þátt í samfélaginu, heldur einnig að framkvæmd hins opinbera sé metin út frá jafnréttissjónarmiðum. Slík ábyrgð verður einungis að veruleika þegar ákvarðanir hins opinbera, sem hafa áhrif á réttindi kvenna, eru gegnsæjar og því hægt að krefjast leiðréttingar, ef eða þegar hið opinbera bregst skyldum sínum með því að standa ekki vörð um réttindi þeirra.

Þessarar ábyrgðar er krafist af borgurum, til dæmis í gegnum kosningar, til að hafa áhrif á þingmenn og löggjöf. Hins vegar er ábyrgðarinnar krafist með baráttu í gegnum fjölmiðla og annarri borgaralegri þátttöku, eins og í gegnum þrýstihópa. Frjáls félagasamtök og borgaralegar hreyfingar hafa því mjög mikilvægu hlutverki að gegna við að veita stjórnvöldum aðhald.

Til að konur geti staðið vörð um réttindi sín þurfa þær einnig að vera í þeirri aðstöðu að geta tekið þátt í opinberri stefnumótun á öllum stigum stjórnkerfisins. Þar er hægt að

benda á, og draga til ábyrgðar, þá aðila sem hunsu eða brjóta gegn réttindum og þörfum kvenna. Því er þátttaka kvenna í stjórnámálum og á þingi mikilvæg, til að rödd kvenna nái að berast til stjórnvalda. Á undanförunum áratug hefur orðið átta prósentna aukning meðal kvenna í landstjórnunum, sem er mikilvægt þegar haft er í huga að aukning var einungis eitt prósent áratuginna þar á undan. Nú eru konur rúmlega átján prósent þjóðkjörinna fulltrúa á þingum, sem er nokkuð frá jafnri stöðu kynjanna, að hvort kynið fyrir sig sé um 40-60 prósent þingmanna. Það að konum hefur nú fjölgað á þingi þýðir ekki að þörfum kvenna verði sjálfkrafa svarað. Hins vegar er það svo að þátttaka kvenna í stjórnámálum er mikilvægur þáttur í því að kvenréttindi verði mikilvægur málþáttur stjórnamála.

Það verður að vera hægt að draga einhvern til ábyrgðar, annars eru loforðin og lögin innantóm. Án virkrar ábyrgðar munu stjórnvöld ekki deila út fjármagni af sanngirni, sem getur komið illa niður á þeim sem minnst hafa í samfélaginu. Fátækar konur standa sérstaklega illa, hvar sem er í heiminum, því yfirleitt skortir þær aðgang að menntun, stjórnámálum og dómskerfinu. Hvar sem valdið er, þar eru þær ekki. Sérstaklega þarf að vera hægt að draga einhvern til ábyrgðar á því að skuldbindingar gagnvart kvenréttindum séu staðfærðar í verulegar breytingar á lífi kvenna í fátækari löndum heims, þar sem réttindi kvenna ná ekki eyrum yfirvalda. Slíkri skyldu á ábyrgð er ábótavant, en það er réttlætismál, gagnvart heiminum öllum, að það sé tryggt að kvenréttindi séu virt. Konur eru helmingur jarðarbúa en fjórðungur þingmanna, 60 prósent þeirra sem vinna ólaunuð störf við matvælaframleiðslu og þjónustustörf, þær hafa að meðaltali 17 prósent lægri tekjur en karlmenn og þriðjungur kvenna mun þola kynbundið ofbeldi á lífsleiðinni.

Svanborg Sigmarsdóttir

¹ Skýrslan kallast *Progress of the World's Women 2008/2009: Who Answers to Women?* www.unifem.org/progress/2008/

Skilaboð frá Inés Alberdi, aðalframkvæmdastýru UNIFEM

Það er mér sönn gleði að koma til starfa hjá UNIFEM sem fjórða framkvæmdastýra sjóðsins frá stofnun hans árið 1976 og fylgja eftir afrekum fyrri framkvæmdastýra: Noeleen Heyzer, Sharon Capeling-Alakija og Margaret Snyder. Við stöndum á tímamótum í vinnu að jafnrétti kynjanna og eflingu kvenna. Á sama tíma og matvæla- og eldsneytisverð hækkar og umhverfisvá og rótgróin átök hafa skapað neyðarástand í þróunaraðstoð, erum við hálfnuð á leið okkar að þeim tímapunkti árið 2015 þegar ætlunin er að ná þúsaldarmarkmiðunum. **Við þessar aðstæður bera konur sérstaklega þungar byrðar en þær hafa einnig einstakt framlag fram að færa við að finna lausn á vandanum.** UNIFEM vinnur að því, í samstarfi við góða aðila um allan heim, að auka sýnileika kvenna, að tryggja að rödd þeirra heyrist og að fjármagn sé tileinkað því að ná jafnrétti kynjanna og auka réttindi kvenna.

Fjármögnun þróunar, friðar- og öryggisaðgerða verður enn brýnni í ljósi fæðukreppu,

og þá sérstaklega fyrir konur sem að jafnaði hafa minni aðgang að eignum og auðlindum, bæði landi og lífsviðurværi. Alþjóðasamfélagið leggur um þessar mundir mikla áherslu á að ná árangri í þróunarsamvinnu og hefur staðfest ákveðnar meginreglur þar að lútandi sem einnig ná til þess hvernig fjármagn skal nýtt. Í því samhengi er mikilvægt að við aukum fjárstuðning við aðgerðir sem efla konur og jafnrétti kynjanna, sérstaklega þær sem hafa skilað góðum árangri. Þar má meðal annars nefna sérstakar tímabundnar aðgerðir sem geta verið árangursríkar til að tryggja að rödd kvenna heyrist á valdastólum og aukna getu fjármálaráðuneyta og annarra stofnana samfélagsins til að greina fjárhagsáætlanir út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði sem getur greitt götuna fyrir framkvæmd þarfra aðgerða. Þá skal einnig nefnd ráðstöfun fjármagns til að tryggja framkvæmd lagasetninga og til aðgerðaáætlana um að stöðva ofbeldi gegn konum, sem er forsenda þess að draga úr slæmum áhrifum ofbeldis á fjölskyldur og samfélög.



UNIFEM heldur áfram að leika stórt hlutverk í að opna ný tækifæri fyrir konur og að efla réttindi þeirra, meðal annars með útgáfu skýrslu um stöðu kvenna í heiminum, Progress of the world's women 2008/2009, þar sem varpað er fram ögrandi spurningum um hver beri ábyrgð á því að standa við skuldbindingar gagnvart konum þessa heims.

Ég hlakka til að vinna með þessum breiða hópi félaga og stuðningsaðila í ríkisstjórnunum og frjálsum félagasamtökum, þar sem ég vil sérstaklega nefna þær 16 landsnefndir sem starfa fyrir UNIFEM víða um heim, og einkageirann sem hefur stutt við UNIFEM síðastliðin 32 ár. UNIFEM hefði ekki náð svona langt án nokkurs þeirra.

Óskum UNIFEM á Íslandi til hamingju með ötult starf að góðum málefnum á liðnum árum

Akureyrarbær

Betra Líf, Kringlunni 8-12, Reykjavík

Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23, Reykjavík

Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar,

Gamla sjúkrahúsinu, Ísafirði

Efling Stéttarfélag, Sættúni 1, Reykjavík

Egilssíld ehf., Gránugötu 27, Siglufirði

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur

og skjalabýðandi

Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4, Reykjavík

Faxaflóahafnir

Fjallabyggð

Flóahreppur

Garðyrkja ehf., Helluhrauni 4, Hafnarfirði

Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10, Hveragerði

Heimilisprýði, Ármúla 5, Reykjavík

Hitaveita Egilsstaða og Fella,

Einhleypingi, Egilsstöðum

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36, Reykjanesbæ

Hvöt kvenfélag, Miðneshreppi

Höfðakaffi ehf., Vagnhöfða 11, Reykjavík

Ísafjarðarbær

Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a, Kópavogi

Íslensku vigtarráðgjafarnir

/ www.vigtarradgjafarnir.is

Kjósarhreppur, www.kjos.is

KOM Almannatengsl, Borgartúni 20, Reykjavík

Kópavogsbær

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

Mýrdalshreppur

Reykjanesbær

Runólfur Hallfreðsson, Krókatúni 9, Akranesi

Seltjarnarnesbær

Seyðisfjarðarkaupstaður

SFR Stéttarfélag í almannabjónustu,

Grettisgötu 89, Reykjavík

Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Sjálfstæðisflokkurinn

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skorradalshreppur

Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13, Húsavík

Sorpa bs., Gufunesi, Reykjavík

Sveitarfélagið Garður

Tannlæknastofa Einars, Skjólvegi 10, Reykjanesbæ

Teiknistofan ehf., Hávallagötu 21, Reykjavík

Útfararstofa kirkjugarðanna, Vesturhlíð 2,

Reykjavík

Veitingahúsið Jómfrúin, Lækjargötu 4, Reykjavík

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur

Verkstjórasamband Íslands

Verzlunarmannafélag Suðurnesja

Þingeyjarsveit

Fiðrildi

Hæ ég var
að koma í heiminn
ég er lukkunnar
pamfíll af því mér var ekki
eytt sem fóstri
var ekki
borin

út af því ég er stelpa Hæ ég er tólf ára ég er lukkunnar
pamfíll af því mér hefur ekki verið nauðgað það er ekki
búið að gifta mig ég bý ennþá hjá mömmu
og pabba Hæ ég er skólaus fæ mat sem
bræður mínir og faðir leifa
er ég ennþá lukkunnar
pamfíll?

Hæ
ég er
sextán ára mamma og
pabbi eru dáiin ég sé um
heimilið og litlu systkini mín er
hætt í skóla er svöng Hæ ég var gefin
er gift langar í mömmuknúsi var barin
var nauðgað svona er lífið Hæ ég veit ekki lengur
hvað er að vera lukkunnar pamfíll ég sá fiðrildi í dag
það elti mig ég vonaði að það tæki mig með sér í næsta lífi
yrði ég fiðrildi það er ekki afskorið barið kúgað gefið selt brennt
Hæ hvað er aftur að vera lukkunnar pamfíll? ég er gömul
kona læt lítið fara fyrir mér sé um barnabörnin hef lifað
heilsufaraldur og stríð frá því ég fæddist af því ég er kona
en það er ekki kallað stríð eða heilsu
faraldur því það er allt í lagi að svipta konu
frelsi virðingu heilsu sjálfstæði
hæ
ert þú fiðrildi?

Sannkölluð fiðrildaáhrif

Íslendingar gefa tugi milljóna til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi

EFTIR HÖNNU BJÖRGU VILHJÁLMSDÓTTUR

Í fyrstu viku marsmánaðar árið 2008 var UNIFEM áberandi í íslensku þjóðlífi. Vikan hafði verið í undirbúningi í marga mánuði. Appelsínugul fiðrildi sáust víða um höfuðborgina og í fjölmiðlum og Íslendingar voru hvattir til að hafa fiðrildaáhrif. Upphaflega hugmyndin um að tengja fiðrildaáhrif við fjáröflun og vitundarvakningu UNIFEM hafði kviknað löngu áður, hjá Hrund Gunnsteinsdóttur, þáverandi stjórnarkonu í UNIFEM. Markmiðið var að höfða til Íslendinga um að hafa fiðrildaáhrif og safna fé til styrktar konum sem búa langt í burtu við svo allt önnur skilyrði en við þekkjum úr eigin lífi.

Draumi líkast

Þannig átti að vekja athygli á stöðu kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum. Hugmyndin var hvort tveggja í senn; að vekja fólk til vitundar um stöðu kvenna og þá ekki síst um ofbeldi gegn konum og að afla fjár til verkefna til stuðnings konum í Suður-Súdan, Líberíu og Kongó. Hugmynd varð að veruleika og upplifunin var draumi líkast. 92 milljónir króna söfnuðust á þessari einu Fiðrildavíku. Framlög komu úr öllum áttum en almenningi á Íslandi er ekki síst þakkaður þessi frábæri árangur í Fiðrildaátakinu.

Stórhuga stjórn með háleit markmið

Stjórn UNIFEM á Íslandi hefur í gegnum tíðina staðið fyrir margs konar fjáröflun og vitundarvakningu með góðum árangri. Árið 2007 ákvað þáverandi stjórn UNIFEM að ýta úr vör langstærsta átaki sem samtökin höfðu staðið fyrir til þessa. Langur og strangur undirbúningstími hófst og margar konur voru kallaðar til verka. Ekki stóð á stuðningi velunnara UNIFEM í undirbúningnum. Markið var sett hátt. Ráðin var verkefnastýra, Eva Hrönn Steindórsdóttir, en að öðru leyti var allur undirbúningur að langmestu leyti unninn í sjálfboðaliðastarfi stjórnarkvenna og annarra sem kallaðar voru til leiks.

Gefandi og skemmtilegt

Fiðrildavíkunni var hrundið af stað með blaðamannafundi í húsnæði UNIFEM við Laugaveg og þar með hófst sérlega gefandi, skemmtileg og árangursrík vika. Ýmsir viðburðir fylgdu í kjölfarið. Má þar nefna Fiðrildagöngu sem kvannahópurinn BAS skipulagði í samstarfi við UNIFEM á Íslandi. Gangan vakti mikla athygli og fóru þjóðþekktir einstaklingar fyrir göngufólki með kyndla niður Laugaveg frá húsakynnum UNIFEM. Hinn appelsínuguli litur fiðrild-

anna var ekki langt undan í formi blaðra sem svifu yfir göngufólki. Göngunni lauk með uppákomu á Austurvelli þar sem m.a. heilbrigðisráðherra hélt hvatningarræðu og tónlistarfólk gladdi gesti og gangandi. Göngunni voru gerð góð skil í fjölmiðlum.

Brjóst boðin upp

Vatnadamsmeyjafélagið Hrafnhildur og UNIFEM héldu uppboð á handgerðum brjóstum eftir íslenskar konur undir yfirskriftinni „Gefðu brjóst – gefðu líf“. Brjóstin höfðu verið gerð fyrir sýningu Vatnadamsmeyjafélagsins nokkru áður og höfðu enn ekki fundið endanlegan tilgang, en nú var þeim ætlað að gefa konum á fjarlægum slóðum betra líf. Það var svo gert með lúðrablaestri og heilli leiksýningu vatnadamsmeyjanna sjálfra. Gjörningurinn vakti feiknamikla athygli og stór upphæð safnaðist á þessari skrautlegu og skemmtilegu uppákomu sem haldin var í versluninni Saltfélaginu Grandagarði, sem bauð gestum upp á veitingar í brjóstaveislunni.

Fjölmiðlar tóku virkan þátt í Fiðrildavíku UNIFEM og bar þar hæst umfjöllun Kastljóss með sýningu á röð örmynda sem gerðar höfðu verið sérstaklega fyrir verkefnið af þeim Hrund Gunnsteinsdóttur hugmynda-

Fiðrildaáhrif vísa í þá kenningu að vængjasláttur örsmárra fiðrilda í einum heimshluta geti haft áhrif á veðurkerfi hinum megin á hnettinum. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hugsaði stórt og stefndi hátt. Draumurinn var að Íslendingar hefðu fiðrildaáhrif með samtakamætti sínum. Ætlunin var að hafa fiðrildaáhrif héðan frá Íslandi því eitthvað lítið, líkt og vængjasláttur fiðrildanna, getur haft gríðarleg áhrif annars staðar í heiminum.



„Eitt mest skapandi fjáröflunarverkefni sem ég hef orðið vitni að“

JOANNE SANDLER, ÞÁVERANDI FRAMKVÆMDASTÝRA UNIFEM Í NEW YORK

hönnuði og Kristínu Ólafsdóttur, framleiðanda og núverandi verndara UNIFEM á Íslandi. Örmýndirnar varpa ljósi á ofbeldi gegn konum á listrænan og fræðandi hátt og birtist ein örmýnd á hverju kvöldi alla Fiðrildavikuna í Kastljósinu. Hægt er horfa á myndirnar á heimasíðu UNIFEM á Íslandi – www.unifem.is.

Systralag og baráttuandi

Í vikulokin á laugardagskvöldi var svo kvenleikanum fagnað með tilþrifum í glæsilegum góðgerðarkvöldverði í Frímúrarahöllinni. Þar komu saman konur hvaðanæva að og tóku þátt í ævintýri sem varð að ógleym-

anlegri kvöldstund þar sem systralag ríkti. Jafnframt tóku þær þátt í að safna meira fé til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi en áður hefur þekkst hjá landsnefndum UNIFEM. Heiðursgestur kvöldsins var hin óbilandi baráttukona, Olubanke King-Akerele, sem nú gegnir stöðu utanríkisráðherra Líberíu en hún og fleiri góðar konur veittu gestum innblástur til að láta til sín taka í baráttunni fyrir lífi án ofbeldis.

Höldum fiðrildunum á flugi!

Íslenska landsnefndin hefur ákveðið að nota fiðrildahugmyndina áfram í starfi sínu.

Appelsínugul fiðrildi verða áfram áberandi í efni sem landsnefndin sendir frá sér, ásamt því að tilvisun í hugmyndafræði fiðrildaáhrifa verður brugðið upp reglulega til að hvetja almenning til áhrifa og aðgerða gegn þeirri skömm sem ofbeldi gegn konum er öllu mannkyninu. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi vill þar með halda áfram að hvetja fólk til að hafa fiðrildaáhrif í framtíðinni og halda áfram að gefa konum byr undir báða vængi í viðleitni sinni til að skapa sér betri tilveru – án ofbeldis.

Höfundur er stjórnarkona í UNIFEM á Íslandi



**YOUR WOMAN IS YOUR FRIEND
NOT YOUR ENEMY**



STOP VIOLENCE AGAINST WOMEN

SPONSORED BY: C.C.C. / ICCO

Þetta skilti er á Tubman-breiðgötu í Monróvíu í Líberíu. Skiltið er hluti af herferð sem gengur út á það að reyna að draga úr hárrí tíðni nauðgana í landinu.

Líf án ofbeldis er allra réttur

MARGRÉT RÓSA JOCHUMSDÓTTIR

„Ofbeldi gegn konum er sennilega svívirðilegasta mannréttindabrot sem fyrirfinnst. Það er sennilega einnig það útbreiddasta. Það fyrirfinnst í öllum samfélögum heimsins. Við getum ekki sagt að við séum að ná árangri í átt að jafnrétti, þróun og friði á meðan ofbeldi gegn konum viðgengst.“

KOFI ANNAN 8. MARS 1999 Á RÁÐSTEFNU SP

Árið 2007 kom út skýrsla um árangur af starfi Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Skilaboðin sem felast í titli skýrslunnar *Líf án ofbeldis er allra réttur* ættu að vera öllum ljós en því miður virðast þessi grundvallarmannréttindi vera fjarlægur raunveruleiki margra, ekki síst margra kvenna. Skýrslan líkir ofbeldi gegn konum við alheimsfarsótt þar sem áætlað er að ein af hverjum þremur konum um allan heim hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi, þvinguð í kynlíf eða misnotuð á einhvern hátt á lífsleiðinni.

Konur skilgreina þörfina sjálfar

Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi er ein af megináherslum í starfi UNIFEM sem hefur umsjón með Styrktarsjóðnum en honum var komið á fót árið 1996 af allsherjarþingi SP.

Síðan Styrktarsjóðurinn hóf starfsemi sína árið 1997 hefur yfir 19 milljónum bandaríkjadala verið veitt í 263 verkefni í 115 löndum.

Markmið sjóðsins í dag er að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum í hvaða mynd sem það birtist – þar með töldu heimilisofbeldi, nauðgunum, kynferðislegri áreitni og misnotkun, umskurði, mansali, heiðursglæpum- og vekja athygli á tengslum milli ofbeldis gegn konum og hættunni á HIV-smiti á meðal stúlkna og kvenna.

Hugmyndir að verkefnunum koma frá grasrótinni, kvenna- og mannréttindahreyfingum sem fá styrki fyrir tilstuðlan sjóðsins. Sjóðurinn vinnur að því að finna lausn á því sem konurnar sjálfar skilgreina sem vandamál – þær þekkja sín samfélög best.

Grundvallaratriði fyrir styrkveitingu er að

þeir sem vinna að verkefnunum byggi alla sína vinnu á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Frá stofnun sjóðsins hefur líka verið lögð áhersla á að verkefni sem eru styrkt stuðli að samstarfi við stjórnvöld og aðra valdamikla aðila, auk þess sem sjóðurinn hefur sameinað starf stofnana SP í þessum málum.

Hver styrkur er á bilinu 100.000 til 300.000 bandaríkjadalir. Rauði þráðurinn í verkefnavali sjóðsins er áherslan á fræðslu eins og t.d. aukna menntun kvenna, verkefni sem þjálfa og upplýsa kennara, leiðbeinendur, heilbrigðisstarfsfólk, dómara og lögregluþjóna í því hvernig eigi að bregðast við og fyrirbyggja ofbeldi gegn konum. Oftar en ekki er hvatt til þess að karlmenn séu þátttakendur í verkefnunum.

Styrktarsjóðurinn er sá eini sinnar tegundar í heiminum sem styður einungis verkefni sem miða að því að útrýma kynbundnu ofbeldi. Með stuðningi við verkefni sem virkja einstaklinga í þróunarlöndum og á stríðshrjádum svæðum í þessari baráttu hefur Styrktarsjóðurinn breytt lífi milljóna kvenna, barna og karla um allan heim til hins betra.



SEGJUM NEI VIÐ OFBELDI GEGN KONUM

Í nóvember 2007 fóru höfuðstöðvar UNIFEM af stað með átakið *Segjum NEI við ofbeldi gegn konum* í samstarfi við velgjörðarsendiherra sinn, Nicole Kidman. Átakið hvetur fólk til þess að setja nafn sitt á blað sem yfirlýsingu um stuðning almennings og ákall til ráðafólks á heimsvísu um að gera það að forgangsverkefni að binda enda á ofbeldi gegn konum. Átakið mun svo halda áfram inn í herferð sem aðalritari SP, Ban-Ki Moon, hóf fyrir stuttu undir heitinu *UNite to End Violence Against Women Campaign*.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi stóð í haust fyrir íslenskum hluta átaksins og opnaði í þeim tilgangi séríslenskt vefsvæði til að safna undirskriftum. Átakinu lauk 6. nóvember síðastliðinn og undirrituðu 7.500 áskorun til stjórnvalda heims um að gera það sem í þeirra valdi stendur til að binda enda á ofbeldi gegn konum.

Fjárhagslegri þörf ekki mætt

Árlega er auglýst eftir umsóknum og styrkjum úthlutað og hefur fjöldi umsókna aukist ár frá ári. Stærsta hindrunin í að geta ekki styrkt meirihluta þeirra umsókna er sú að þörfin fyrir fjármagn er langt umfram það sem sjóðurinn hefur yfir að ráða. Samt hafa úthlutanir sjóðsins tífaldast á árunum 2004 til 2007, úr 800 þúsund bandaríkjadollurum árið 2004 í fimm milljónir dala árið 2007. Yfirleitt fær Styrktarsjóðurinn umsóknir um 20 sinnum meira fjármagn en hægt er að veita. Árið 2007 var sótt um styrki sem námu tæplega 105 milljónum bandaríkjadala en einungis var hægt að úthluta fimm milljónum, eða 5%, 29 styrkjum til 36 landa. Í ár lítur út fyrir að sjóðurinn nái að styrkja frumkvæði og verkefni að upphæð 20 milljónir bandaríkjadala en tilkynnt verður um úthlutun styrkja í New York 25. nóvember nk.

Sjóðurinn fær ekki fé frá öðrum stofnunum SP en fjárframlög í sjóðinn eru frjáls og því eru fjárráð hans háð velvilja stjórnvalda í aðildarríkjum SP og einkaaðilum. Stærstu fjárframlögin koma frá stjórnvöldum í Evrópu og Bandaríkjunum. Íslensk stjórnvöld hafa margfaldað fjárframlög sín til sjóðsins á síðustu árum og gáfu sjö milljónir árið 2006. Framlög frá einkaaðilum eru einnig að færast í aukana og hafa fyrirtæki og félagasamtök á borð við Johnson & Johnson, Tag Heuer og Zonta International veitt Styrktarsjóðnum stórar upphæðir á síðustu árum.

Fiðrildaáhrif UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi stóð fyrir metnaðarfullri fjáröflun í mars árið 2008 fyrir Styrktarsjóðinn og safnaði fjármagni sérstaklega til styrktar verkefnum í Austur-Kongó, Líberíu og Suður-Súdan. Landsnefndir UNIFEM hafa

um árabíl lagt áherslu á að styrkja Styrktarsjóðinn en illa hefur gengið af þeirri ástæðu að erfitt hefur reynt að safna í einn stóran sjóð í stað afmarkaðra verkefna. Því þótti einstakt að með Fiðrildaátakinu tókst íslensku landsnefndinni að safna 92 milljónum íslenskra króna sem renna til Styrktarsjóðsins. Joanne Sandler, þáverandi aðalfrankvæmdastýra UNIFEM í New York, sagði Fiðrildavikuna hafa að mörgu leyti táknað vatnaskil varðandi fjáröflun í sögu stofnunarinnar og vera fordæmisgefandi fyrir aðrar landsnefndir UNIFEM víða um heim.

Kvenréttindi eru mannréttindi

Árið 1999 lýstu Sameinuðu þjóðirnar 25. nóvember alþjóðlegan baráttudag gegn ofbeldi gegn konum en síðan þá hefur UNIFEM um heim allan haldið úti sérstakri dagskrá á þessum degi. Undir forystu UNIFEM í New York og hinnar alþjóðlegu kvennahreyfingar er árlega haldin 16 daga dagskrá sem tileinkuð er baráttunni gegn ofbeldi gegn konum. Hún stendur yfir frá 25. nóvember til 10. desember, sem er alþjóðlegi mannréttindadagurinn.

Árið 2003 voru tíu ár liðin síðan alþjóðlega mannréttindaráðstefnan í Vín lýsti því yfir að kvenréttindi væru mannréttindi og hvatti þjóðir heims til að virða það í verki og til að berjast fyrir afnámi ofbeldis gegn konum. Og í ár eru sextíu ár liðin frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna leit dagsins ljós. Því er ekki úr vegi árið 2008 að krefjast þess og minna á að uppfylla þarf loforðið um að almenn mannréttindi fyrir alla séu virt í verki.

Líf án Ofbeldis er Allra Réttur:
www.unifem.is/unifem/images/stories/lif_an_ofbeldis_allra_rettur.pdf
www.unifem.org/campaigns/vaw
www.endviolence.un.org
www.unifem.is

VERKEFNI STUTT AF STYRKTARSJÓÐNUM

- WIPNET, Women in Peacebuilding Network, eru líberísk kvenréttinda- og friðarsamtök sem vinna að því að stöðva hvers konar stríðsátök, útrýma kynbundnu ofbeldi og bæta samfélagsstöðu kvenna. Þær tóku virkan þátt í friðar- og endurreisnarferlinu í Líberíu sem hefur skilað sér í aukinni þátttöku kvenna í stjórnámum og opinberri ákvarðanatöku. Fimm árum eftir stofnun hefur WIPNET þróast út í að vera svæðissamtök með þúsundir félaga og starfsemi í tólf löndum í Vestur-Afríku. Þau hafa hlotið styrki nokkrum sinnum úr sjóðnum.
- Alþjóðasamtök kvendómara hafa haldið námskeið fyrir 1.400 dómara í Suður-Ameríku og Suður- og Austur-Afríku þar sem tekið er á fordómum gegn konum og stuðlað að jafnrétti í dómum.
- Samtökin Asociación Munga í Perú hlutu styrk árið 2005 sem þau notuðu til að vinna að þáttagerð og útsendingu útvarpsþátta um tengsl ofbeldis gegn konum, aðallega heimilisofbeldis, og HIV/alnæmis, sérstaklega meðal fólks í sveitum og afskekktari byggðum Perú.
- Frá árinu 2001 hefur sérstakt tengslanet karlahópa stutt karlmenn í Eþíópíu, Keníu, Malaví, Suður-Afríku, Sómalíu og Sambíu til að beita sér gegn kynbundnu ofbeldi.
- Í Malí hefur upplýsingaherferð og samvinna margra aðila, s.s. kvennahópa, ungs fólks, kennara, fjölmiðla, þingmanna, þorpshöfðingja og trúarleiðtoga, gegn umskurði á stúlkum náð til margra og haft áhrif.

Viltu gerast félagi í UNIFEM á Íslandi?

Að gerast félagi í UNIFEM á Íslandi og/eða styrktaraðili Styrktarsjóðs UNIFEM er einfalt: Kíktu á heimasíðuna okkar, www.unifem.is, eða sendu upplýsingar um nafn, heimilisfang og póstnúmer í tölvupósti á unifem@unifem.is

Styrktaraðili Styrktarsjóðs UNIFEM

Þú getur tekið þátt í að uppræta ofbeldi gegn konum og bæta þannig líf fjölda kvenna um heim allan með stuðningi við Styrktarsjóð UNIFEM. UNIFEM á Íslandi vill leggja sitt af mörkum til að allar heimsins konur fái tækifæri til að flögna um frjálsar eins og fiðrildi, á eigin forsendum án ótta við ofbeldi. Stuðningur þinn er ómetanlegur fyrir starfsemi okkar.

Saman höfum við fiðrildaáhrif

*Bæjarins bestu
pulsur*



BAKKAVÖR



RioTinto Alcan



Alcoa Fjarðaál





Konur í þorpinu Sinje í Líberíu, rétt við landamæri Sierra Leóne, halda upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna. Stjórnvöld og frjáls félagasamtök í landinu leggja áherslu á að efla konur í sveitum landsins þar sem nauðganir og annað ofbeldi gegn konum er mjög útbreitt og gerendum ekki enn refsað.

Ljósmynd: Christopher Herwig

Líbería:



LÍBERÍA

- Höfuðborg: Monróvía
- Mannfjöldi: 3,8 milljónir
- Lífslíkur við fæðingu: 45 ár (karlar), 47 ár (konur)
- Atvinnuleysi: 85%
- VLF á mann, jafnvirðisgildi (PPP): 500 USD
- Læsi (15 ára og eldri): 46% (konur), 58% (karlar)
- Aðgangur að hreinu vatni: 61%
- Aldursdreifing: 40% landsmanna eru yngri en 15 ára og 5% eldri en 65 ára
- Barn á hverja konu: 6,8
- Ungbarnadauði (1 árs og yngri) og barnadauði (5 ára og yngri) er meðal fimm hæstu í heimi
- Tíðni HIV/alnæmis: 5,9%
- Konur eiga 13% sæta á þingi

Ellen Johnson-Sirleaf hefur í tæp tvö ár gegnt embætti forseta Líberíu. Í upphafi beið hennar nær ómögulegt starf; uppbygging í landi sem hafði, eftir 14 ára blóðugt borgarastríð, verið skilið eftir sundrað og í rúst. Eitt af hennar fyrstu verkum var að kveikja á fyrstu götuljósunum í höfuðborginni, Monróvíu, sem hafði þá verið án lýsingar í 15 ár.

Mörg lítil skref hafa breytt lífi Líberíubúa til hins betra en endurreisn hefur víða gengið hægt; efnahagur og innviðir í rúst og spillning, sár fátækt, atvinnuleysi, ólæsi og stöðugt óöryggi borgaranna er landlægt. Talið er að allt að tvö hundruð þúsund manns hafi fallið í borgarastyrjöldinni, um ein milljón manna hraktist á vergang og margir hafa enn ekki snúið til síns heima. Landið hrundi efnahagslega og var fljótandi í vopnum og ofbeldi. Enn þann dag í dag má sjá skýr merki um eyðilegginguna; Monróvía er til dæmis að mestu án rafmagns og rennandi vatns.

Stríð og eyðilegging

Merkileg menningararfleifð Líberíu hefur fallið í skuggann af áralöngu borgarastríði. Öldum saman bjuggu þar í ró og spekt hinir ýmsu þjóðernishópar en afkomendur þeirra í dag eru um það bil 95% landsmanna. Nýfrjálsir þrælur frá Bandaríkjunum og eyjum Karabíska hafsins sneru aftur til gömlu álfunnar og settust að í Vestur-Afr-

íkuríkinu upp úr 1820 og stofnuðu þar nýlendu sem þeir nefndu Líberíu, eða Land hinna frjálsu. Afkomendur þessara frjálsu þræla eru ekki nema 5% landsmanna í dag en mynda yfirstétt landsins. Landið varð sjálfstætt árið 1847 og þurfti aldrei að líða erlend yfirráð en Bandaríkin hafa haft þar mikil ítök og aðstoðað fjárhagslega.

Lífið gekk friðsamlega fyrir sig í landinu þar til 1980 þegar óeirðir í kjölfar hækkaðs matvælavæðs urðu til þess að ríkisstjórninni var steypt af stóli í valdaráni hersins. Friðargæslusveitir Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS) voru sendar til landsins án árangurs og stríðið breiddist út. Föðurlandsfylkingin barðist undir stjórn Charles Taylor við lið Vestur-Afríkuríkja, stjórnarher Líberíu og klofningshópa úr eigin liði. Stríðandi fylkingar voru sakaðar um gríðarlegt ofbeldi gegn óbreyttum borgurum, beinlínis villimennsku. Friðarsamkomulag náðist í ágúst 1996 fyrir tilstilli Vestur-Afríkusambandsins.

Árið 1997 gekk Líbería svo til kosninga. Stríðsherra landsins, Charles Taylor, vann kosningarnar með yfirburðum en hans helsti andstæðingur var Ellen Johnson-Sirleaf, sem gegnt hafði embætti fjármálaráðherra áður en stríðið hófst. Taylor virti ekki friðarsamkomulagið og árið 1999 til 2003 ríkti borgarastyrjöldin áfram af mikilli grimmd. Með sameiginlegu átaki SP, Vestur-Afríkuríkja og Bandaríkjanna náðust loks friðarsamningar og Taylor fór í útlegð en hann biður nú

UNIFEM Á ÍSLANDI STYRKIR KONUR Í LÍBERÍU

UNIFEM á Íslandi gaf 27 milljónir króna sem söfnuðust í Fiðrilda-átaki félagsins á þessu ári til verkefna UNIFEM í Líberíu. Styrkurinn kom sér mjög vel þar sem fjármagn var að verða uppuríð. Með því að styrkja stöðu kvenna og bæta lífsskjör þeirra er lagður grunnur að uppbyggingarstarfi í Líberíu.

Fjármagnið verður nýtt til að styðja við bakið á konum fyrir sveitarstjórnarkosningar sem nú eru áætlaðar að ári (kosningunum hefur þegar verið aflyst nokkrum sinnum sem sýnir hversu óstöðugt ástandið er í Líberíu). Verkefnið miðar að því að styrkja og þjálfa konur sem ætla að bjóða sig fram með námskeiðum, m.a. í leiðtogaþæfni, framkomu og ræðuhöldum. Einnig verður áfram unnið með samtökum þingkvenna sem UNIFEM kom á fót fyrir nokkru til þess að efla samstöðu fyrir næstu þingkosningar árið 2011, sem og að styrkja tengslin milli þeirra, grasrótarsamtaka kvenna og jafnréttis- og þróunarmálaráðuneytisins.

UNIFEM í Líberíu styður líka mikilvægar aðgerðir til að útrýma ofbeldi gegn konum í samfélaginu á margvíslegan hátt. Mikilvægesta verkefnið er að styðja stjórnvöld í því að tryggja framkvæmd nýrra laga og koma á úrræðum fyrir þolendur kynbundins ofbeldis. Stjórnvöld, í samstarfi við frjáls félagsamtök og kvennahreyfingar, eru að opna leiðir að réttlæti og þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis og ofbeldis sem beint var sérstaklega að konum í stríðinu.

UNIFEM aðstoðar einnig við þjálfun starfsfólks í löggæslu og öryggismálum. Þjálfunin mun ná inn í dómshöndun landsins að einhverju marki þar sem löglærðu fólki og höfðingjum sem ráða miklu í samfélaginu, sérstaklega úti í sveitum, verður veitt fræðsla um hversu mikilvægt það er að útrýma kynbundnu ofbeldi, hvernig hægt er að veita konum öryggi gegn ofbeldi og hvernig á að aðstoða þolendur slíks ofbeldis. Þannig styður UNIFEM við uppbyggingu á löggæslu og réttarkerfi sem tekur tillit til kynsþjónarmiða.

Land hinna frjálsu?

dóms Stríðsglæpadómstólsins í Haag. Gengið var til friðsamlegra þing- og forsetakosninga árið 2005.¹ Friðarsamkomulagið sem var undirritað í Accra í Ghana árið 2003 er enn í gildi. Til að gæta friðar er í landinu 12 þúsund manna friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna.

Friður stærsta fjárfestingin

Fyrir borgarastríðið bjó Líbería við blómstrandi efnahag en þurfti að byrja næstum því frá grunni við að endurreisa atvinnuvegi landsins við lok stríðsins. Erlendir fjárfestar og viðskiptaáðilar sem yfirgáfu landið eru þó farnir að koma aftur. Landbúnaður er enn í dag aðalvinnuvegur landsins en járngrýti, timbur og gúmmí eru mikilvægustu tekjulindirnar fyrir utan skráningu skipa en landið er orðið í dag annað stærsta skipaskráningarland heims. Konur hafa í gegnum tíðina unnið mest við landbúnað en eru í auknum mæli að komast að í timburframleiðslu og gull- og demantanámunum. Stefna Johnson Sirleaf forseta er að gera konur að fullum þátttakendum í endurreisn landsins en hún réð konur í margar háttsettar stöður í stjórnsýslu landsins; t.d. eru núverandi utanríkisráðherra og fjármálaráðherra konur.

Kynferðisofbeldi beitt kerfisbundið sem vopni

Meðan á borgarastríðinu stóð urðu lands-

menn fyrir ægilegu ofbeldi og sérhver fjölskylda þjáðist. Villimennskunni voru nær engin takmörk sett og því til staðfestingar eru frásagnir um hvernig nauðgunum og kynferðisofbeldi var beitt kerfisbundið sem vopni í átökunum. Það var gagngert notað í þeim ásetningi að niðurlægja og brjóta niður konur, stúlkur og fjölskyldur þeirra. Það voru alltof mörg dæmi um unglingsstúlkur og konur sem teknar voru með valdi frá fjölskyldum sínum og þeim haldið í kynlífsþrælkun í herbúðum uppreisnarmanna. Einnig voru þær neyddar til að bera vopn og taka þátt í árásum.

Hins vegar er önnur saga, ekki síður áttánleg, af hinum fjölmörgu konum sem tóku þátt í stríðinu af fúsum og frjálsum vilja. Mörgum þeirra fannst öruggara að vera þeim megin víglínunnar en flestar þeirra stúlkna og ungu kvenna urðu ástkonur uppreisnarmanna (svokallaðar „bushwives“) sjálfviljugar. Nýleg rannsókn í Líberíu sýnir að 30% kvenna sem tóku þátt í stríðinu væru viljugar að taka aftur upp vopn ef þær sæju hag sínum betur borgið þannig efnahagslega, á móti einungis 20% karlmanna. Þetta sýnir, svo ekki verður um villst, að hlutverk kvenna í stríðinu var margvísilegt, og ekki síður sem gerendur.

Mikill meirihluti stúlkna og kvenna voru þó fórnarlömb stríðsins. Rannsókn hjálparsamtakanna International Rescue Committee meðal flóttafólks frá Líberíu sýndi að 75%

kvennanna í búðunum höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en þær náðu að flýja yfir landamærin til nágrennaríkja. Þó að erfitt sé að staðfesta nákvæmar tölur er talið að allt að 40% stúlkna og kvenna í Líberíu hafi verið nauðgað eða þær beittar öðru kynferðislegu ofbeldi meðan á borgarastríðinu stóð.²

Fyrir þessar konur, fórnarlömb kynferðisofbeldis í sinni hrottalegustu mynd, er stríðinu ekki lokið – jafnvel þegar því er lokið. Þær þurfa að lifa með afleiðingunum um ókomna tíð en fjölmargar stúlkur og konur urðu ófrískar í kjölfar nauðgana eða fengu kynsjúkdóma, og þurfa síðan að lifa við félagslega útskýfun sem fylgir í kjölfarið. Enn hafa þessar stúlkur og konur ekki uppskorið réttlæti og þurfa að lifa við að gerendurnir fara frjálssir ferða sinna. Innviðir réttar- og dómskerfisins, sem nauðsynlegir eru til þess að taka á kynbundnu ofbeldi, þar á meðal löggæsla og málsmeðferð kærumála, hafa ekki verið styrktir nægilega til þess að bregðast við af réttlæti.

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

1 Ítarefni: BBC Country Profile – Liberia www.news.bbc.co.uk/1/hi/world/africa/country_profiles/1043500.stm & www.news.bbc.co.uk/1/hi/world/africa/6266155.stm; World Bank Country Brief: Liberia; The World Factbook, Liberia. CIA; Heimildir fyrir Staðreyndir: Human Development Report 2007/2008: www.hdrstats.undp.org/countries/data_sheets/cty_ds_LBR.html

2 Our Bodies - Their Battle Ground: Gender-based Violence in Conflict Zones. IRIN 2004.



Kona leitar skjóls með barn sitt í stríðsátökunum í Kongó.

© Eddy Isango/IRIN

Stríðið gegn kon



AUSTUR-KONGÓ

Höfuðborg: Kinshasa
Mannfjöldi: 62,6 milljónir
Lífslíkur: 48 ár (karlar), 45 ár (konur)
VLF á mann, jafnvirðisgildi (PPP): 740 USD
Læsi (eldri en 15 ára): 54% (konur), 71% (karlar)
Aðgangur að hreinu vatni: Innan við 50% landsmanna
Fólksfjölgun: 3,2% – rúmlega 47% landsmanna eru yngri en 15 ára og aðeins 2,5% eru eldri en 65 ára
Barn á hverja konu: 6,3
Barnadauði (undir fimm ára) 1 af hverjum 5 börnum sem fæðast deyja fyrir 5 ára aldur. Landið er í sjöunda sæti yfir hæsta barnadauða í heimi.
HIV/AIDS: Áætlað að um 1 milljón manns sé smitað, konur eru 57% smitaðra.
Konur eiga 8,7% sæta á þingi

Í miðri Afríku liggur hitabeltislendið Kongó. Kongó-áin hin mikla liðast í gegnum landið og öflug og vatnsmikil skapar hún víðfeðmt og gróðursælt vatnasvæði í hjarta afrísku álfunnar. Í heitu og röku loftslaginu dafnar hinn iðjagræni regnskógur og fóstrar fjölbreytt lífríki sem hýsir helming allra dýrategunda í Afríku. Þar vappa filar og flóðhestar, gíraffar og górirullar á jörðu niðri, litríkir fuglar, páfagaukar og fiðrildi flöggra og apar sveifla sér milli greina í þéttriðnu neti trjágróðurs. Í austri og norðri rís hálandið til himins með tignarlegum fjöllum og virkum eldfjöllum og í suðri, við minnkandi úrkomu, tekur hin víðáttumikla hitabeltisgresja við.

Austur-Kongó er næststærsta landið í sunnanverðri Afríku (aðeins Súdan er stærra) og er á stærð við alla Vestur-Evrópu. Þar búa nú um 60 milljónir manna við mikla náttúrufegurð, en öll hverfur hún í skugga þess skelfilega raunveruleika sem þjóðin býr við. Stríðsástand hefur ríkt í landinu í rúman áratug og talið er að um 3,5 til rúmlega 5 milljónir manna hafi látist frá 1998. Til samanburðar má geta þess að íbúafjöldi í Danmörku er 5,4 milljónir. Um er að ræða flest dauðsföll í stríði síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk. Talið er að enn sé um ein milljón manna á vergangi eða í flóttamannabúðum eftir að hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna ástandsins.

Enn er talið að um 40 þúsund manns deyi í hverjum mánuði vegna stríðsástandsins, úr hungri, næringarskort og sjúkdómum. Dánartíðni í Austur-Kongó er 57% hærra en í öðrum löndum sunnan Sahara; lífslíkur í dag

eru um 46 ár. Verst sett eru börnin, sem eru berskjölduð, því þau eru mjög móttækileg fyrir sjúkdómum svo sem malaríu, mislingum og taugaveiki. Þetta eru sjúkdómar sem geta leitt börn til dauða ef lyf eru ekki fáanleg. Tuttugu prósent barna í Austur-Kongó deyja áður en þau ná fimm ára aldri.

Pólitískur óstöðugleiki og stríðsástand

Þegar einræðisherrann Mobutu flúði land 1997, eftir eins árs baráttu við stjórnarandstöðuherinn, hafði hann verið við völd í 32 ár og mjólkað land og þjóð í eigin þágu. Áætlað er að 1984 hafi hann átt nærri fjóra milljarða dollara í bönkum erlendis, sem jafngilti skuldastöðu þjóðarinnar á þeim tíma. Efnahagslífi landsins hnignaði mjög á þessu tímabili og ólga og óánægja magnaðist meðal fólksins undir harðstjórn hans.

Eftir að stjórnarandstöðuherinn rak Mobutu frá völdum tók við pólitískur óstöðugleiki. Aðeins ári seinna, árið 1998, hófust aftur stríðsátök milli sitjandi stjórnar (undir stjórn Kabila) og nýrrar stjórnarandstöðu. Nú blönduðu nágrennar sér í leikinn og studdu Rúanda og Úganda stjórnarandstöðuna en Angóla, Namibía og Simbabwe studdu stjórnina. Með stuðningi sínum voru löndin að vernda eigin landamæri og hagsmuni, meðal annars í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að skæruliðar sem börðust gegn þeirra eigin stjórnnum fengju griðland eða stuðning í Austur-Kongó. Að auki er um að ræða átök skæruliða um yfirráð yfir auðlindaríkjum svæðum. Námur veita þeim

UNIFEM STYÐUR VIÐ FÓRNARLÖMB STRÍÐSINS Í AUSTUR-KONGÓ

UNIFEM á Íslandi styður Styrktarsjóð til afnáms ofbeldis gegn konum með höfðinglegu fjármagni sem Íslendingar söfnuðu í Fiðrilda-átakinu. Upphæð að verðmæti 13,5 milljónir króna verður send til Austur-Kongó. Val á verkefnum stendur yfir og verður það tilkynnt í höfðustöðvum UNIFEM í New York 25.nóvember næstkomandi.

Regnhlífarsamtök sem vinna að bættum hag og stöðu kvenna í Kongó fengu styrk árið 2007 úr Styrktarsjóðnum. Samtökin Réseau National des ONGs Pour Le Développement de la Femme fengu styrk fyrir átaki til að draga úr útbreiðslu á HIV/alnæmi meðal stúlkna og kvenna og fækka ofbeldistilfellum gegn konum.

Verkefnið einbeitt sér á svæðum í landinu þar sem tíðni ofbeldis gegn konum er há og tíðni HIV/alnæmis sömuleiðis. Um er að ræða sex staði; Góma, Bukavu, Uvira, Kindu, Kalemie og Kinsangi. Átak-

ið og verkefnið felst í því að draga úr neikvæðum áhrifum gagnvart konum sem eru HIV-jákvæðar eða þjást af alnæmi með því að upplýsa viðkomandi aðila um réttindi kvenna og hvers konar stuðning og lögfræðilega aðstoð best sé að bjóða upp á. Um er að ræða þjálfun fyrir lögreglu, áhrifakonur í samfélaginu, aðila úr trúarsamfélögum og frjáls félagasamtök sem starfa á sviði mannréttinda kvenna. Þar að auki er stúlkum og konum sem hafa þurft að þola kynferðislegt ofbeldi og konur sem hafa smitast af HIV/alnæmi veittur stuðningur með alhliða lækniþjónustu. Að auki mun verkefnið opna stuðningssetur þar sem veitt er sálfræðiþjónusta og aðstoð við að takast á við daglegt líf í samfélaginu eftir að hafa upplifað kynferðislegt ofbeldi og uppgötvað HIV/alnæmissmit. Verkefnið mun einnig styðja konur til þátttöku í atvinnulífnum með því að stofna smálánasjóð fyrir konur á umræddum stöðum.

um í Austur-Kongó

sem ráða yfir námsvæðum aðgang að og yfirráð yfir auðlindunum sem þeir nýta til að fjármagna stríðsátök og vinna því skæruliðaherir að því leynt eða ljóst að halda eða ná yfirræðum yfir auðlindaríkum svæðum. Erjur vegna auðlinda eru ekki eingöngu milli skæruliða og stjórnarhera heldur einnig milli ríkja, því t.d. deila Úganda og Austur Kongó um landamæri á Albertsvatni þar sem olíufyrirtæki leitar að mögulegum olíusvæðum.

Öll löndin sendu heri til að berjast fyrir sína bandamenn og Austur-Kongó varð að vígvelli. Óbreyttir borgarar flosnuðu upp af heimilum sínum og fóru á vergang til að leita skjóls. En í þessu stríði var víst lítið um skjól, því allar stríðandi fylkingar nýttu sér landsins gæði að vild, beittu óbreytta borgara ofbeldi og nauðguðu konum. Þegar síðasti erlendi herinn yfirgaf landið eftir undirskrift Pretoriufriðarsamningsins árið 2003 voru innviðir landsins í rúst, efnahagskerfið óvirkt og um ein milljón manna á vergangi eða í flóttamannabúðum. Sameinuðu þjóðirnar eru með 17.000 manna friðargæslulið í Kongó, en langstærstur hluti þess er í Austur-Kongó.

Óvirkur efnahagur

Efnahagsstarfsemi í landinu hrundi á þessu tíu ára tímabili viðvarandi óstöðugleika og langvarandi stríða. Segja má að sjálfsþurftarþáttur og smáiðnaður séu aðalvatnsgreinar í dag. Námuvinnsla hefur þó verið haldið áfram, en dregið hefur úr framleiðslu á tímabilinu. Námuvinnsla er mikilvægasti iðnaðurinn enda er Austur-

Kongó steinefnaríkt land. Þar er ekki aðeins að finna kopar, kóbalt, sink, kadmíum og olíu, heldur líka gull, silfur og demanta, sem unnið er til útflutnings.

Austur-Kongó býr yfir miklum möguleikum til matvælaræktunar, en lélegar samgöngur og viðvarandi stíðsástand hefur orðið til þess að framleiðsla hefur hrundi frá því sem áður var. Fyrir flesta bændur er matvælaframleiðsla fyrir fjölskylduna meginviðfangsefnið en önnur matvæli eru framleidd samhliða til sölu innanlands (t.d. kassava-rót og hrísgrjón), svo og fyrir útflutningsmarkað (t.d. kaffi, gúmmí) til að afla tekna. Mikil aukning hefur orðið á innflutningi á matvörum, t.d. á kornmeti og fiski, því matvælaframleiðslan annar ekki eftirspurn innanlands.

Nauðgunarstríðið í Austur-Kongó

Þrátt fyrir friðarsamninga 2003 hefur borgarastíðið herjað áfram, en þó í smærri mynd en áður. Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst ástandinu sem einu erfiðasta viðfangsefni í sögu samtakanna. Gegndarlaust kynferðisofbeldi gagnvart konum og stúlkum, sem og litlar sem engar refsingar gagnvart kynferðisafbrotum hermanna og skæruliða, einkenna aðstæður þar. Talið er að um 70% stúlkna og kvenna á öllum aldri hafi verið nauðgað eða mátt þola annað kynferðisofbeldi. Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að kynferðisofbeldi í Austur-Kongó sé það versta í heimi. Ekki aðeins vegna fjölda nauðgana heldur einnig vegna hrottalegra aðfara og líkamlegra limlestinga sem

nauðgarar valda konum. Tugum, ef ekki hundruðum þúsunda kvenna hefur verið nauðgað. Alþjóðasamfélagið talar um stríðsátökin í Austur-Kongó sem „nauðgunarstríðið í Kongó“. Konur í Austur-Kongó, mæður þjóðarinnar, þjást í hljóði og flestar þeirra þekkja ekki gleði lengur. En fyrir tilstuðlan frjálsra félagasamtaka og stuðning alþjóðasamfélagsins hafa raddir þeirra heyrst og þrátt fyrir hryllinginn eygja stúlkurnar og konurnar í Austur-Kongó enn von um réttlæti og betra líf. Mikið uppbyggingarstarf er nauðsynlegt til að þessu linni. Draga þarf stjórnvöld og uppreisnarheri til ábyrgðar á kynferðisafbrotum og binda enda á refsileysið. Jafnfamt þarf að stórauka stuðning og aðstoð við þolendur ofbeldisverkanna. Og nú berast fréttir af auknum átökum, enn og aftur. Enn fleiri flýja heimili sín og í flóttamannabúðir. Enn á ný þurfa íbúarnir, og sérstaklega konur, Austur-Kongó að þola hrikalegt ofbeldi, nauðganir, þjófnaði og stanslaust óöryggi á flóttu, án matar, án aðgangs að hreinu vatni, án allrar mannlegrar reisnar.

Elsa Guðmundsdóttir

Heimildir:

- 1 Jeffrey Gettleman. "With tense calm in Congo, a time to assess the damage". The New York Times, 1. nóvember, 2008; "It's all relative". The Economist, 12. júní, 2008; Lydia Polgreen, "Congo's death rate unchanged since war ended", The New York Times, 28. janúar, 2008; World Bank country brief: Democratic Republic of Congo; International Rescue Committee: www.theirc.org/special-report/congo-forgotten-crisis.html. Heimildir staðreynda: Human Development Report 2007/2008, UNDP; UNESCO, UNAIDS.
- 2 Jeffrey Gettleman. "Rape victims' words help jolt Congo unto change", The New York Times, 18. október, 2008; The Greatest Silence, Rape in the Congo: www.thegreatestsilence.org/main.html



Kona og barn í Suður-Súdan, ágúst 2008. Miklar rigningar í sumar eyðilögðu heimkynni íbúa á svæðinu í kringum Aweil og fjölmargir hröktust á vangang.

© Tim McKulka/UNMIS

Uppbygging úr



SUÐUR-SÚÐAN

Höfuðborg: Júba

Mannfjöldi: 8,5 til 11 milljónir (af 40 milljónum í allri Súdan)

Lífslíkur við fæðingu: 42 ár (konur og karlar)

VLF á mann, jafnvirðisgildi (PPP): 1.900 US\$ (Súdan) – 90% fólks í Suður-Súdan lifa á 1 dollara eða minna á dag

Læsi: 12% (konur), 37% (karlar) (í norðurhluta Súdan eru 52% kvenna læs)

Aðgangur að öruggu vatnsból: 27%

Fólksfjölgun: 2,8% – 49% íbúa eru undir 14 ára aldri

Barn á hverja konu: 6,7

Ungbarna- og barnadauði: 150 af 1.000 deyja innan við 1 árs og 250 af 1.000 deyja áður en þau ná fimm ára aldri – 1 af hverjum 4 nýfæddum börnum deyr áður en það nær fimm ára aldri

HIV/alnæmi: 2,6%

„Það var hér sem ég jarðaði foreldra mína og manninn minn. Hér á ég heima,“ segir hún um leið og hún lítur í kringum sig í afskekktu og eyðilegu þorpi í Suður-Súdan.

Eins og svo margar aðrar ungar konur neyddist hún til að flýja þorpið ásamt börnum sínum tveimur þegar borgarastyrjöldin stóð sem hæst. Eftir meira en átta ár á flótta hefur hún snúið til baka til þess að reyna að byggja sjálfri sér og börnum sínum nýtt líf í þorpinu þar sem hún ólst upp. En þrátt fyrir allt sem á undan er gengið – óttann, hungrið og sársaukann yfir missi ástvinanna – eru raunir hennar ekki yfirstaðnar því í þorpinu er ekkert að hafa. Þar eru engin skýli, engir vegir, engir skólar, engir markaðir, engir ástvinir sem veitt geta stuðning og gætt barnanna á meðan hún reynir að finna vatn, mat og aðrar nauðsynjar. Svona hljómar saga fjölmargra kvenna í Suður-Súdan.

Innviðirnir lagðir í rúst

Síðan Súdan öðlaðist sjálfstæði frá Bretum 1956 hefur landið meira og minna logað í ófriði, nema í rúm 10 ár frá 1972 til 1983. Ástæðurnar eru margar en eiga sér líka sögulegar skýringar. Undir stjórn Breta var suðurhlutanum stjórnað sem sérstöku svæði og við sjálfstæði var suðurhlutinn settur undir stjórn norðurhlutans. Uppreisnarmenn og fylkingar í suðurhlutanum hafa löngum mótmælt þessu fyrirkomulagi og ráðist ítrekað á stjórnarherinn í baráttu sinni fyrir sjálfstæði. Átökin sem geisðu í Suður-Sú-

an frá 1983 voru m.a. afleiðing þessa. Árið 1992 urðu hins vegar vatnaskil í atökunum þegar stjórnvöld í höfuðborginni Khartoum lýstu yfir heilögu jihad-stríði gegn aðaluppreisnarmönnum í Suður-Súdan, SPLA (e. The Sudanese People's Liberation Army). Hatrömm átök uppreisnarmanna gegn víga-sveitum hirðingja af arabískum uppruna (úr norðurhluta landsins) ásamt stjórnarhernum ágerðust með áður óþekktri grimmd á svæðum þar sem uppreisnarmenn héldu til.

Skelfileg mannréttindabrot af hálfu stjórnvalda og fylkinga uppreisnarmanna áttu sér stað á meðan á stríðinu stóð. Afleiðingar átakanna bitnuðu á saklausum borgurum þar sem heilu þorpin voru lögð í eyði og íbúarnir drepnir eða hraktir á flótta. Karlmenirnir voru drepnir eða seldir í þrældóm, konunum nauðgað og börnunum stolið og þau neydd til að ganga til liðs við stríðandi fylkingar. Talið er að rúmlega tvær milljónir manna hafi verið drepnar og aðrar fjórar hraktar á flótta í þessum átökum.¹

Við undirritun friðarsamninga í janúar 2005 lauk 22 ára borgastríði. Eftir stóð sjálfráða landsvæði, álíka stórt og Afganistan, sem átti að sameina ólíka þjóðernishópa, án samfélagsþjónustu og með meira og minna alla innviði í rúst. Stríðið leiddi til eyðileggingar sem á sér nær enga hliðstæðu. Auk átakanna liðu íbúar svæðisins fyrir síendurteknar hungursneyðir og þurra auk þess sem jarðsprengjur á helstu samgönguleiðum hömluðu ferðum fólks.

UNIFEM KEMUR AÐ UPPBYGGINGARSTARFI Í SUÐUR-SÚÐAN

UNIFEM á Íslandi mun geta stutt verkefni í Suður-Súdan í gegnum Styrktarsjóðinn með fjármagni sem safnaðist í Fiðrildaátakinu. Upphæðin er jafnhá styrknum sem fer til Austur-Kongó og nemur 13,5 milljónum króna. Val á verkefnum stendur yfir og verður það tilkynnt í höfðustöðvum UNIFEM í New York 25. nóvember næstkomandi hvaða samþök hljóta styrk.

UNIFEM hóf samstarf við stjórnvöld og kvennasamtök í landinu í kjölfar friðarsamninga 2005. Starfið miðar að því að auka þátttöku kvenna í uppbyggingu landsins og í að tryggja frið á svæðinu.

Það sem gerir aðkomu kvenna að uppbyggingarstarfinu erfiða er há tíðni kynbundins ofbeldis og árásir á konur þegar þær ferðast milli staða. UNIFEM vinnur með stjórnvöldum í suðurhluta Súdans og með smærri kvennasamtökum og grasrótahreyfingum við að byggja upp þekkingu og færni hjá þessum aðilum til að geta staðið við framkvæmd friðarsamkomulagsins og starfað saman. Mikilvægt er að þessir aðilar standi saman til þess að fylgja á eftir ákvörðunum, stefnu og löggjöf sem stuðlar að auknum rétti kvenna og að draga úr ofbeldi gegn konum. Svo lengi sem löggjöfinni er áfátt og refsileysi gagnvart ofbeldi gegn konum viðgengst mun vítahringur ofbeldis ekki verða rofinn.



© Neil Thomas/IFM

Stúlka sem vinnur fyrir frjáls félagasamtök í Suður-Súdan fræðir um heilsugæslu og notkun smokka, maí 2006.

rústum: Suður-Súdan

Aðstæður kvenna þær verstu í Austur-Afríku

Staða kvenna og barna í Suður-Súdan hefur verið verst allra í Austur-Afríku, að Sómalíu undanskilinni. Samfélagsþátttaka kvenna er auk þess lítil vegna langvarandi ófriðar. Afleiðingarnar fyrir konur eru m.a. þessar; flestar misstu eiginmenn sína, um 90% kvenna hafa ekki hlotið skólagöngu og eru ólæsar og tíðni mæðradauda er sú hæsta í heiminum. Í ofanálag er skortur á lífsviðuværi, hreinu vatni og heilsugæslu. Ungar stúlkur fá lítil tækifæri til að byggja upp eðlilegt líf og eru enn seldar í hjónaband eða þvingaðar til að giftast ungar. Í Suður-Súdan er stúlka reyndar líklegri til að deyja við fæðingu barns síns en hún er að ganga eða ljúka skóla. Talið er að í dag hafi nær helmingur stúlkna á aldrinum 6 til 16 ára aldrei gengið í skóla. Þrátt fyrir að kveðið sé á um jafnrétti í lögum standa konur enn verr að vígi en karlar, sem líka búa við mjög þröngan kost og litla von, en mismunun gagnvart konum er að finna á öllum stigum samfélagsins. Á stríðsárunum var ofbeldi gegn konum viðvarandi, og er enn mjög algengt. Auk þess þurftu þær að líða vinnubræðóm, nauðganir og þvinguð hjónabönd. Þetta þurfa margar þeirra að lifa með á meðan þær byggja upp lífið að nýju. Sérstaklega erfið er staða þeirra mörgu kvenna sem gengu, sjálfviljugar eða var rænt, í líð uppreisnarfylkinga og eiga nú hvergi höfði að halla í uppbyggingarferli landsins.²

Friðurinn viðkvæmur

Suðurhluti Súdans nær yfir mjög stórt landsvæði og er nú, samkvæmt friðarsamningnum frá 2005, sjálfstjórnarsvæði með eigin stjórn. Fólk þar mun gefast kostur á að kjósa um sjálfstæði árið 2011 og Súdan gæti þannig klofnað í tvö ríki en mikill meirihluti íbúa hefur lýst því yfir að hann vilji sjálfstæði frá Khartoum. Það gæti reynst ríkisstjórn landsins dýrkeypt vegna olíu sem er á svæðinu, en boranir eru núna í höndum erlendra fyrirtækja, og margir telja að það gæti leitt til ófriðar að nýju. Í dag er ástandið mjög erfið fyrir íbúa svæðisins; vegir, hús, vatnsbrunnar, skólar, sjúkrahús, markaðir, akrar – allt er meira og minna í niðurníðslu. Eftir mörg ár á flóttu eða í flóttamannabúðum skortir fólk oft kunnáttu og menntun til að reisa samfélagið úr rústum. Enn gætir líka óöryggis. Suður-Súdan á landamæri að Norður-Úganda og uppreisnarmenn þaðan fara reglulega yfir landamærin og hindra uppbyggingarstarf.

... en samt er von

Þrátt fyrir mikil vandamál ríkir jákvæðni í huga margra í Suður-Súdan og á hverjum degi snúa æ fleiri frá öðrum landshlutum og nágrennalöndunum til baka. Það sem af er árinu hafa 58 þúsund flóttamenn snúið aftur til Suður-Súdan, en alls hafa rúmlega 270 þúsund snúið aftur síðan 2005 með aðstoð Flóttamannastofnunar SP. Rúmlega helmingur þeirra sem koma til baka er konur sem

hafa haldið til í flóttamannabúðum í Úganda, Mið-Afríkulyðveldinu, Eþíópíu og Keníu.³ Með hjálp hjálparamtaka og alþjóðlegra stofnana hafa konur í Suður-Súdan byrjað að leggja grunninn að uppbyggingu samfélagsins. Stúlkum er í auknum mæli veittur aðgangur að skólum og konur hafa öðlast nýja kunnáttu og tekið að sér mörg störf sem áður voru á hendi karla. En það er margt sem enn þarf að bæta. Sérstaklega er nauðsynlegt að styðja við og fjárfesta í verkefnum sem efla og vernda rétt kvenna og að styrkja þátttöku kvenna á öllum stigum samfélagsins. Það verður einnig að tryggja aukna þátttöku kvenna í áætlaðri uppbyggingu landsins og þróun heilsugæslu og menntunar.⁴

Kristjana Sigurbjörnsdóttir og Elín Halla Ásgeirsdóttir.

Elin Halla er starfsmaður Flóttamannastofnunar SP (UNHCR). Greinaskrif eru á ábyrgð höfunda og endurspeglar á engan hátt viðhorf UNHCR.

Heimildir:

- 1 www.en.wikipedia.org/wiki/Southern_Sudan; The World Factbook, Sudan. CIA; Priggja ára og enn til friðs. Sigríður Viðis Jónsdóttir. Morgunblaðið, 12. janúar 2008.
- 2 www.peacewomen.org/resources/DDR/SudanFemaleCombatants.pdf
- 3 www.unhcr.org/southsudan.html; Operationalising Protection in Sudan, Partnership and Numbers. UNHCR Sudan – June 2008; Heimildir staðreynda: The World Factbook, Sudan. CIA; Towards a Baseline: Best Estimates of Social Indicators for Southern Sudan. New Sudan Centre for Statistics in Association with Unicef. NSCSA Series Paper 1/2004. May 2004. www.sccse.org/blog/files/Towards-Baseline.pdf
- 4 www.unifem-easternafrica.org/sudan

Stríðinu ekki lokið fyrir konur



Ljósmynd: Birgir Guðbergsson

Guðrún Sif með borgarbúum í einu af hverfum Monróvíu, þar sem hún býr.

Konur áttu stóran þátt í því að áratugalöngu borgarastríði í Líberíu lauk en staða kvenna almennt, sérstaklega í sveitum landsins, er enn slæm og ofbeldi gegn konum landlægt, segir *Guðrún Sif Friðriksdóttir*. Hún starfar sem sérfræðingur á skrifstofu UNIFEM í Líberíu og hefur upplifað uppbyggingu landsins frá fyrstu hendi. Hér deilir hún með okkur áhugaverðum sögum úr starfi sínu þar í landi.

Það sem kom mest á óvart var eyðileggingin

„Auðvitað vissi ég að ég var að fara til stríðshrjáðs lands, en þar sem ég hafði áður búið í Guatemala og á Indlandi, auk þess að hafa ferðast um austur- og suðurhluta Afríku, hélt ég að ég væri ýmsu vön. En það er tvennt ólíkt að sjá fátækt, sem er vissulega átakanlegt, og algjöra eyðileggingu á landi. Fyrir eftir byssuskot á íbúðarhúsum og eyðilagðar byggingar út um allt vöktu undarlega tilfinningu. Það sem var kannski einna undarlegast var að gera sér grein fyrir því að Líbería, eða allavega höfuðborgin Monróvíu, var alls ekki svo illa stödd fyrir stríð, sem sést á umfangi rústanna. Það er greinilegt að hér var fjöldinn allur af stórum, glæsilegum húsum sem nú eru rústir einar þar sem flóttamenn eru búnir að búa um sig. Auk þess er ekkert rafmagn að finna, vatn, símalínur, póstsamgöngur eða neina almenningsþjónustu. Þessi algjöra eyðilegging stríðsins var nokkuð sem ég var ekki búin undir.“

Starf UNIFEM sniðið að þörfinni á vettvangi

UNIFEM hefur verið starfrækt í Líberíu frá árinu 2005 og hefur vaxið jafnt og þétt frá upphafi. Áhersla hefur einna helst verið lögð á verkefni sem taka á ofbeldi gegn konum. Í því felst að auka þekkingu á réttindum kvenna, auka getu stjórnvalda til að takast á við þessi mál og skoða lög sem tengjast þessum málaflokki og koma með tillögur að breytingum. Einnig er leitast við að auka og bæta tengsl milli lögreglu og íbúa, skoða möguleika á byggingu kvennaathvarfs og leita annarra leiða til að takast á við þarfir þolenda ofbeldis.

„Verkefni eru valin í nánú samstarfi við stjórnvöld. Auðvitað byggjum við líka á reynslu okkar í landinu og á verkefnum sem þegar eru í gangi. Það var því afskaplega ánægjulegt að fá styrkinn frá UNIFEM á Íslandi og hafa frjálsar hendur með hann. Það er nefnilega nauðsynlegt að vera sveigjanlegur svo að við getum brugðist við ef

aðstæður í landinu breytast eða ef okkur er bent á eitthvað nauðsynlegt sem þarf að takast á við,“ segir Guðrún Sif sem hefur búið í Líberíu í rúmt ár en starf hennar hjá UNIFEM er styrkt af Íslensku friðargæslunni.

Að sögn Guðrúnar Sifjar starfar UNIFEM mjög náið með jafnréttis- og þróunarmálaráðuneyti Líberíu að stefnumótun og skipulagi. UNIFEM vinnur með þeim við að styrkja gerð jafnréttisáætlunar fyrir landið og að því að koma jafnréttis- og kynjasjónarmiðum inn í stefnumið landsins um hvernig eigi að minnka fátækt og bæta efnahagsstjórn. Auk þess vinnur UNIFEM náið með dómsmálaráðuneytinu, meðal annars við gerð framkvæmdaáætlunar um samþættingu jafnréttisjónarmiða í öryggisáætlun Líberíu.

Ofbeldi gegn konum enn alltof útbreitt

Líbería kaus Ellen Johnson-Sirleaf sem forseta árið 2005 í lýðræðislegum kosningum,



Ung kona og bekkjarfélagar hennar í Lögregluskólanum í Monróvíu hefja daginn á morgunæfingum.

fyrstu konuna til að gegna því embætti í sunnanverðri Afríku. Hvaða áhrif hefur staða hennar haft á konur og þá sem berjast fyrir bættum réttindum kvenna? „Það hefur augljóslega áunnist mikið við að fá fyrsta kvenforseta Afríku. Þrátt fyrir að Johnson-Sirleaf sé afar hæf og merk kona, held ég að hún geti algjörlega þakkað konum Líberíu og kvannahreyfingunni sem myndaðist í stríðinu fyrir stöðu sína í dag. Hún gerir sér líka fyllilega grein fyrir því og leggur áherslu á ofbeldismálin, sem og læsi kvenna, í sinni stefnuskrá. Konur hafa öðlast vissa virðingu eftir stríðið og trú á sjálfar sig sem stjórnendur. Hins vegar er það mótsagnakennt að tala um virðingu í garð kvenna þegar ofbeldi gegn þeim er jafn algengt og raunin er í Líberíu. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að vald og stjórnun kvenna verður að byrja í grasrótinni og færast þaðan upp; því þarf nú að vinna hörðum höndum með grasrótinni.“

Margt breyttist til batnaðar eftir að Johnson-Sirleaf tók við embætti en eitt af fyrstu verkum forsetans var að styðja löggjöf í gegnum þingið sem víkkaði skilgreininguna á nauðgun, þannig að samræði við barn yngra en 18 ára er nú skilgreint sem nauðgun, og hægt er að dæma ofbeldismenn til þyngri refsingar. Það hefur ekki enn komið til þess að þessum lögum sé almennilega framfylgt en Guðrún Sif segir þetta samt vísbendingu um það að löggjöf-

„Samstaða kvenna er fyrir öllu ef þær vilja hafa áhrif bæði á friðar tímum sem og á tímum átaka ... jafnvel hinir „veiku“ í samfélaginu geta komið á stórkostlegum breytingum ef samstaðan er nógu sterk.“

in í Líberíu sé að batna. Ákærum vegna nauðgunarmála hefur líka fjölgað, sem rakið er til betri vitneskju almennings, sem og betri löggæslu, frekar en aukningar í nauðgunarmálum. Hins vegar á Líbería ennþá afar langt í land þar sem dómskerfið er í molum og mjög erfitt að koma nokkrum málum þar í gegn.

„Vinna okkar hjá UNIFEM mun því að miklu leyti snúast um aðstoð við að koma dómskerfinu í ásættanlegt horf á ný. Dómarar og lögmenn munu til dæmis þurfa að læra um nýju nauðgunarlögin, sem og fá þjálfun í því hvernig koma á fram við þolendur ofbeldis. Einnig verður þörf fyrir mikinn stuðning í sýslunum utan höfuðborgarinnar, þar sem víða er til dæmis skortur á dómsölum, starfsfólki með tilhlýðilega menntun, tölvubúnaði og skráningarkerfum. Augljóslega er það risavaxið verkefni að koma algjörlega óskilvirku kerfi aftur á legg og UNIFEM mun ekki geta gert það eitt og sér. Hins vegar eru margir að vinna að þessum málum í Líberíu og við vonumst til að geta lagt okkar af mörkum.“

Samtakamáttur kvenna skilar friði

Konur í Líberíu áttu stóran þátt í því að enda borgarastríðið. Það myndaðist gríðarlega sterk samstaða þeirra á milli og þær börðust allar saman opinberlega fyrir sama málstað fyrir stríðslok. Eftir stríð misstu grasrót-arhreyfingarnar marga af sínum leiðtogum til stjórnvalda, sem er að sjálfsögðu ekki slæmt en það hefur, að mati Guðrúnar Sifjar, haft svolítið neikvæð áhrif á kraft grasrót-arinnar. Að hafa heldur ekki jafn augljósan og sterkan málstað sem allar konur berjast fyrir hefur líka dregið úr samstöðunni. Ofbeldismálin eru auðvitað ofarlega á lista yfir málefni sem brenna á konum, og stjórnvöldum, í dag en einnig efnahagslegt öryggi og efling færni og frumkvæðis kvenna. Guðrún Sif leggur áherslu á að bæði sé hægt að læra af því sem tókst vel í Líberíu og því sem gengur ekki nógu vel núna og að samstaða kvenna er fyrir öllu ef þær vilja hafa áhrif bæði á friðartímum sem og á tímum átaka. Hún bætir við að það dragi svolítið úr mætti kvenna núna að „þær dreifa vinnu sinni og kröftum á marga staði og hafa ekki lengur



Ljósmynd: Christopher Herwig

verður væntanlega fyrsta stríðshrjáða þróunarlandið til þess að gefa út slíka áætlun.

Aukin þátttaka kvenna í samfélaginu er fjárfesting til framtíðar

Uppbygging samfélaga eftir stríð er gríðarlegt verkefni. Spurð hver forgangsatríði stjórnvalda í Líberíu eigi að vera til þess að bæta stöðu kvenna og að þeirra sjónarmið nái inn í friðarumleitanir og uppbyggingu samfélaga eftir ófrið, segir Guðrún Sif að leggja þurfi miklu meiri áherslu á umbætur í dóms- og lagakerfi landsins. „Þetta er eitt af því sem er efst á lista flestra samtaka sem starfa í landinu en á meðan stjórnvöld gera þetta ekki að forgangsatríði skiptir litlu máli hvað við hin utanaðkomandi viljum gera og leggja áherslu á.“

Það er líka nauðsynlegt að bæði alþjóðasamfélagið og stjórnvöld í landinu hugi betur að því hvernig „þátttaka kvenna“ er skilgreind. „Ég held að við leggjum oft meiri áherslu á þátttöku kvenna í æðstu stöðum, sem er að sjálfsögðu mikilvægt, en við megum ekki gleyma konum í sveitum Líberíu. Það er mikil áhersla lögð á það að Líbería eigi fyrsta kvenforseta Afríku, sem þjóðin getur auðvitað verið stolt af, og það er einnig mikið um konur í háttsettum stöðum í ríkisstjórninni og öðrum valdamiklum stöðum. Þetta eru hins vegar vel menntaðar konur úr efnuðum fjölskyldum. Við verðum að leggja meiri áherslu á aukið vald og rétt kvenna í sveitum og sýslum landsins. Það er einmitt þar sem þær hafa minnst vald. Þar eru grasrótahreyfingar að reyna að vinna með konum og aðstoða þær við að efla færni sína og auka völd innan sinna þorpa og sveitarfélaga. UNIFEM styður slík verkefni með mannskap og fé. Það er von mín að þetta muni til lengri tíma litið stuðla að auknum og viðvarandi breytingum fyrir líf allra kvenna í Líberíu.“

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

Í Monróvíu, höfuðborg landsins, býr fólk enn við fátæklegar aðstæður, þar á meðal í þessu yfirgefna húsi við eina af stærstu götum borgarinnar. Þar hafa heimilislausir komið sér fyrir á meðan landið jafnar sig eftir áratugalangt borgarastríð sem lagði það í rúst.

Þessa brennandi sterku samstöðu eins og fyrir stríðlok. Við hjá UNIFEM erum auðvitað að skoða hvernig við getum aðstoðað við að auka samvinnu milli mismunandi kvenna hópa en ég held samt að það verði erfitt að ná fram þeim krafti sem virðist hafa ríkt hér fyrir stríðlok. Mér finnst þetta sýna mjög vel hversu mikilvæg samstaða er og að jafnvel hinir „veiku“ í samfélaginu geta komið á stórkostlegum breytingum ef samstaðan er nógu sterk. Þetta er því það sem við þurfum að aðstoða við að byggja upp.“

Konur komi að uppbyggingu samfélaga sinna

UNIFEM leggur mikla áherslu á starf sem byggist á ályktun öryggisráðs SP númer

1325 um konur, frið og öryggi. En hvernig hefur slíkri vinnu verið framfylgt í Líberíu?

„Allt sem við gerum er í rauninni tengt ályktun 1325 þar sem það lýtur að ofbeldismálum tengdum stríði, sem og að bæta líf kvenna eftir stríð. Hins vegar er leiðinlegt að segja frá því að það er ekkert sem bendir til þess að nauðganir eða ofbeldi á konum hafi minnkað hið minnsta frá lokum stríðsins fyrir fimm árum og að því leytinu hafa stjórnvöld Líberíu, sem og við frá alþjóðasamfélaginu sem vinnum að málefnum kvenna, algjörlega brugðist þeim. Í raun má líta svo á að stríðinu sé ekki lokið fyrir konurnar, það hefur bara færst frá almenningssjónum inn á heimilin.“ Líbería vinnur nú að framkvæmdaáætlun um ályktun 1325 og

Efnahagslegt frumkvæði kvenna í sveitum Líberíu

UNIFEM hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja efnahagslegt frumkvæði kvenna.

Í Líberíu hefur til dæmis verið stutt við bakið á konum sem rækta kassava-rótina. Kassava er ein helsta fæðutegund manna í löndum í sunnanverðri Afríku en auk þess er þar að finna stærstu framleiðendur kassava. Konunum eru kenndar nýjar aðferðir við ræktunina, sem gætu hentað betur, og fá aðstoðu í verksmiðjum sem hafa verið byggðar þar sem þær vinna vöruna. Að lokum fá

þær aðstoð við að koma vörum sínum á markað. Hugmyndin á bak við þetta verkefni er að veita aðstoð við öll skref framleiðslunnar svo að verkefnið verði árangursríkt. Það er von UNIFEM að eftir tvö ár geti konurnar algjörlega tekið yfir ferlið sjálfar. Þær fá einnig kennslu í ritun og lestri og einfaldri stærðfræði, sem og þjálfun í stjórnun svo að þær séu í stakk búnar til að stjórna verkefninu þegar UNIFEM, og aðrir aðilar sem styrkja verkefnið, hverfa á braut.



Konur bera vatn á heimleið frá vatnsbóli nærri Oromi-búðunum í Kitgum-héraði í Norður-Úganda í maí 2007. Það er nánast alltaf verkefni kvenna og barna að sækja vatn og eldivið, huga að matjurtagörðum og elda matinn. Til þess að halda heimili fyrir fjölskyldur sínar þurfa konurnar oft að fara út fyrir búðirnar, sem setur þær í mikla hættu á að vera rænt af uppreisnarmönnum í Frelsisher Drottins.

Mannréttindi í þróunarsamvinnu

Réttindamiðuð nálgun að þróun

EFTIR GUÐRÚNU BIRNU JÓHANNSDÓTTUR

Guðrún Birna Jóhannsdóttir er um þessar mundir búsett í Kampala, höfuðborg Úganda, þar sem hún er í starfsþjálfun hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Hún lauk nýverið mastersnámi í þróunarfræðum frá HÍ. Í MA-verkefni sínu skoðaði hún hvort réttindamiðuð nálgun að þróun, sem UNIFEM byggir á í sínu starfi, skilaði árangri og þá hvernig.

Samfara auknu vægi mannréttinda í vinnu stofnana Sameinuðu þjóðanna og samtaka í þróunarstarfi hefur sú hugmyndafræði notið vaxandi fylgis að efling mannréttinda sé órjúfanlegur hluti árangursríkrar þróunarsamvinnu. Afsprengi þessarar hugmyndafræði er hin svokallaða réttindamiðaða nálgun að þróun¹ sem sameinar bæði hugsjónir og markmið mannréttinda og þróunarstarfs.

Kynbundið ofbeldi í Úganda

Í könnun sem framkvæmd var af tímaritinu The Ugandan Law Reform (ULR) í Úganda í júlí á þessu ári sögðust 92% aðspurðra vita til þess að heimilisofbeldi ætti sér stað innan þeirra samfélags.² Hæstu tíðni heimilisofbeldis er að finna í Norður-Úganda en þar hefur ríkt ófriðarástand í meira en tvo áratugi, á milli uppreisnarmanna í Frelsisher Drottins og stjórnarhersins. Allt frá árinu 1996 hefur megnið af íbúum í norðurhluta landsins búið í búðum, eða svokölluðum „vernduðum þorpum“ að kröfu stjórnvalda. Ástandið í þessum búðum er mjög slæmt þar sem vantar nægilegan aðgang að hreinu vatni, matur er af skornum skammti, aðgangur að menntun er í lágmarki, heilsufar lélegt og fullorðnir og börn þurfa að þola óryggi í kringum búðirnar og sálræn áföll því tengd.

Í búðum í Gulu í Norður-Úganda er nokkuð algengt viðhorf að merki um „góða eigin konu“ sé að hún hafi misst að minnsta kosti eina tönn vegna barsmíða eiginmannsins. Skýrsla ULR greinir einnig frá hjónabandsiðum sem tíðkast í Karamoja-héraði sem fela í sér að ef eigin kona neitar manni sínum um kynlíf eða streitist á móti, beri manningnum að þvinga hana til samræðis. Tilgangurinn er víst að „þvinga fram samþykki“ sem undirstrikar hver stjórnar fjölskyldunni. Ýmis kvenna- og baráttusamtök, þar á meðal UNIFEM, CEDOVIP (Miðstöð til forvarnar heimilisofbeldi) og NACWOLA (Landssamtök alnæmissmitaðra kvenna), í Úganda hafa lýst yfir þungum áhyggjum vegna slíkra viðhorfa. Fyrir utan þann skaða sem konur þurfa að þola með líkamlegu og andlegu ofbeldi, færast í vöxt að konur í fóstum samböndum smitist af HIV/alnæmi frá sambýlis- eða eiginmönnum sínum og



Hin fimmtuga Silvia Alak bjó í flóttamannabúðum í Gulu-héraði í Norður-Úganda í ágúst 2006. Silvia og börnin hennar sjö lifðu af ofbeldi uppreisnarmanna. Eiginmaður hennar var ekki svo lánsamur.

sums staðar er það orðið svo að slíkt smit er allt að helmingur nýrra HIV-smitfella.

Ofbeldi gegn konum setur stúlkur og konur í meiri hættu á að smitast af HIV/alnæmi. Konur í sunnanverðri Afríku eru í mikilli smithættu, meðal annars vegna þess að réttindi þeirra eru oft ekki virt innan hjónabandsins eða af hálfu stjórnvalda.³ Talskona NACWOLA, Annet Biryetega, heldur því fram að konur þori oft ekki að neita eiginmönnum sínum um kynlíf eða fara fram á að þeir noti verjur þótt þær viti að þeir séu þeim ótrúir og þær gruni að þeir séu smitaðir. Efnahagslegt ósjálfstæði kvennanna og smánin sem fylgir því að vera HIV-smituð kona gerir það líka að verkum að margar konur kjósa fremur að horfa framhá hegðun eiginmanna sinna og forðast heilsugæslustöðvar þar sem „upp gæti komist“ að þær séu smitaðar. Þá eiga þær það alveg eins á hættu að vera hent út af heimilinu þótt þær eigi engan þátt í að koma með sjúkdóminn inn á heimilið.⁴

Kallað á réttindi kvenna í Úganda

Undanfarin ár hafa þessi sömu samtök, fyrir tilstuðlan UNIFEM og Human Rights Watch, beitt réttindamiðuð nálgun í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi í Úganda. Þau hafa staðið saman að mikilli herferð undanfarið þar sem athygli er vakin á vandnum og hafa skorað á stjórnvöld að virða þá alþjóðasamninga sem þau eru aðilar að,

eins og Mannréttindasáttmála og Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og standa við skuldbindingar sínar. Þessi þrýstingur virðist ætla að verða til þess að rykið verði dustað af rúmlega 40 ára gömlu lagafrumvarpi sem tekur á ofbeldi gegn konum. Einnhverjar breytingar voru gerðar á frumvarpinu fyrir um það bil áratug en það var aldrei samþykkt af þinginu og hefur því hingað til gleymst í skjalageymslu þingsins. Af

Ofbeldi gegn konum setur stúlkur og konur í meiri hættu á að smitast af HIV/alnæmi. Konur í sunnanverðri Afríku eru í mikilli smithættu, meðal annars vegna þess að réttindi þeirra eru oft ekki virt innan hjónabandsins eða af hálfu stjórnvalda.³

almennri umræðu og töluverðri umfjöllun í fjölmiðlum að dæma virðist sem frumvarpið verði aftur tekið fyrir á þinginu í náginni framtíð. Verði frumvarpið að lögum mun það auðvelda alla fræðslu um réttindi kvenna og baráttu gegn viðhorfum í samfélaginu sem eru konum skaðleg.⁵

En hvað er réttindamiðuð nálgun að þróun?

Þegar kemur að því að skilgreina hugtakið réttindamiðuð nálgun að þróun kemur fljótt í ljós að engin ein skilgreining virðist vera til. Mismunandi stofnanir, félagasamtök og fræðimenn hafa vissulega lagt til

sínar skilgreiningar eða túlkanir en enn sem komið er er ekki fullkomin eining um „hina einu sönnu“ skilgreiningu á hugtakinu.

Þrátt fyrir skort á sameiginlegri skilgreiningu ríkir almenn sátt um að hugtakið eða nálgunin sé byggð á grundvallargildum mannréttinda, þ.e. að þau séu algild, óskiptanleg, jöfn, samvinnuð, mismuni ekki, byggist á þátttöku, virði ábyrgðarskyldu og lög og reglur.⁶ Rauði þráðurinn sem bindur þessi gildi saman í heildstæða nálgun er ferlið. Það er að segja, allt ferli þróunarsamvinnu, á öllum stigum, á að miðast við að þessi grundvallargildi séu höfð í heiðri þegar réttindamiðuð nálgun er notuð í þróunarsamvinnu. Sem dæmi mætti nefna að stjórnvöld þurfa að virða rétt barna til menntunar með því að tryggja aðgengi fyrir alla að menntun/skólum svo að foreldrar hindri ekki að stúlkur hljóti menntun.

Í þessu felst, í stuttu máli, að kjarninn í réttindamiðuðri nálgun er sambandið milli réttihafa og þess sem ber skylduna,⁷ þ.e. sambandið á milli ríkis og borgara. Samkvæmt þessari nálgun á einstaklingurinn rétt/kröfu (sem studd er af alþjóðlegum mannréttindum) á ákveðinni meðferð og þjónustu. Ríki, yfirvöldum og í raun alþjóðasamfélaginu ber því skylda til að tryggja að þessi réttindi séu virt. Þar af leiðandi, hver svo sem útgangspunkturinn kann að vera, er ekki hægt að horfa fram hjá því að réttindamiðuð nálgun er háþólitísk, sem gerir hana oft móttækilegri fyrir gagnrýni og aðgreinir hana frá mörgum öðrum nálgunum innan þróunargeirans.

Réttindamiðuð nálgun – bætir hún einhverju við það sem fyrir var?

Í grein sinni, *Human Rights Approach to Development Programming*, bendir Urban Jonsson á að réttindamiðuð nálgun á margt sameiginlegt með öðrum nálgunum í þróunarsamvinnu (t.d. þarfamiðuðum nálgunum) eins og áherslu á þátttöku, mikilvægi gegnsæis og góðra stjórnarháttá, ásamt ýmiss konar aðgerðum sem eru notaðar til að efla færni og kunnáttu (e. empowerment strategies). Jonsson bendir réttilega á að í gegnum tíðina, bæði innan þróunargeirans og mannréttindageirans,

© Manoocher Deghat/RIN

hafi mörg góð tæki orðið til sem eiga fullt erindi inn í réttindamiðaða nálgun. Það er því ekki nauðsynlegt að finna upp hjólið. Nálgunin byggist að miklu leyti á þeirri vinnu og þeim rannsóknum sem hafa verið unnar og notaðar hingað til á sviði mannréttinda og þróunarsamvinnu.

Mikilvægt að greina hver ber ábyrgðina

Þrátt fyrir að margt sé sameiginlegt með réttindamiðaðri nálgun og þarfamiðaðum nálgunum innan þróunargeirans eru líka mikilvægir þættir sem skilja þær að. Að mati Jonssons er einn mikilvægasti munurinn fólgin í því að þarfamiðaðar nálganir gera ekki ráð fyrir „þeim sem ber skylduna“ vegna þess að þær byggja ekki á lagalegum grunni. Að margra mati er hér um að ræða eina mikilvægustu viðbótina sem réttindamiðað nálgun hefur fram að færa fyrir þróunarmál; að hún byggir á lagalegum grunni. Þeir sem tilheyra þessum hópi benda á að þrátt fyrir vissar lagalegar hindranir⁸ sé þessi þáttur griðarlega mikilvægur fyrir alla baráttu fyrir grunnþörfum. Lagalegi þátturinn skiptir einnig sköpum þegar greina þarf hvar réttarfarsleg ábyrgð liggur þegar kemur að því að veita ákveðna þjónustu við almenning. Það má því kannski segja að þeir sem leggja megináherslu á lagalega hlið nálgunarinnar einbeiti sér einna helst að því að alþjóðasamþykktir og lög séu virt og að „þeir sem bera skylduna“ axli hana (hvort heldur sem er fyrir tilstuðlan utanaðkomandi aðstoðar eða þrýstings).

Fylgjendur réttindamiðaðrar nálgunar eru hins vegar ekki allir sammála um að lagalegi grunnurinn skipti mestu máli. Þeir sem tilheyra þeim hópi sem leggur minna upp úr lagalegu hliðinni leggja aftur meiri áherslu á inntak laganna, ef svo má segja. Þeir benda á mikilvægi þess að réttindamiðað nálgun byggir á réttindum og kröfum fólks en ekki ölmusu. Þessi útgangspunktur hefur það í för með sér að starfsfólk innan þróunargeirans fer að hugsa meira út frá stefnumótun, félagslegu skipulagi, misrétti, mismunun og útskúfun í stað þess að hugsa út frá fátækt sem útgangspunkti. Þess í stað megi nýta réttindamiðaða nálgun í þróunarsamvinnu sem hvetjandi áætlun eða tæki í leitinni að undirrot vandans.

Mannréttindi virt – konur og börn í starfi Sameinuðu þjóðanna

Eins og fram kom hér að ofan nota mörg félagasamtök og stofnanir réttindamiðaða nálgun í starfi sínu. Þeirra á meðal eru UNIFEM

og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Sá lagalegi grunnur sem stofnanirnar byggja á eru Kvennasáttmáli SP (CEDAW) annars vegar og Barnasáttmáli SP (CRC) hins vegar. Enginn sáttmáli, fyrir utan stofnsáttmálann og Mannréttindayfirlýsinguna, hefur verið samþykktur af jafn mörgum ríkjum og á jafn stuttum tíma og Barnasáttmálinn. En á eftir honum er Kvennasáttmálinn sá samningur sem flest aðildarríki hafa samþykkt. Þessi staðreynd gerir það að mörgu leyti að verkum að UNICEF og UNIFEM eiga auðveldara með að beita réttindamiðaðri nálgun í sínu starfi. **UNIFEM telur að grundvöllur þessarar nálgunar í mannréttindasáttmálum styrki þróunarverkefni stofnunarinnar umtalsvert vegna þess að nálgunin gerir þeim kleift að nýta ákvæði Kvennasáttmálans kerfisbundið í baráttunni fyrir mannréttindum kvenna.**

Flestir eru sammála því að heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi hindri að konur og börn njóti réttinda sinna. Það er því nauðsynlegt að gripið sé til markvissra aðgerða til að koma í veg fyrir að sú ógn og réttindaskerðing sem felst í kynbundnu ofbeldi viðgangist. Réttindamiðað nálgun í þróunarstarfi gerir þeim

sem berast fyrir jafnrétti kleift að þrýsta á um að slíkar aðgerðir komist í framkvæmd í krafti þess að jafnrétti kynjanna og/eða t.d. réttindi barna koma skýrt fram í Mannréttindasáttmála, Barnasáttmála og Kvennasáttmála SP, sem flestöll aðildarríkin hafa samþykkt.

Heimildir:

- 1 Á ensku ýmist talað um „rights-based approach to development“ eða „human rights-based approach (HRBA)“.
- 2 Úttekt Uganda Law Reform 2008.
- 3 Human Rights Watch. (2008). Just Die Quietly: Domestic Violence and Women's Vulnerability to HIV in Uganda [vefútgáfa]. *Human Rights Watch Publications, Vol. 15*, pp. 1-78. Sótt 24. október 2008 á <http://www.hrw.org/reports/2003/uganda0803/uganda0803.pdf>.
- 4 Medicus Mundi Schweiz (2007). The Experience of NAC-WOLA, Uganda: Coping with the stigma of positive motherhood [vefútgáfa]. *Bulletin von Medicus Mundi Schweiz, Vol. 105*. Sótt 24. október 2008 á http://www.medicusmundi.ch/mms/services/bulletin/bulletin105_2007/kap2/Biryetega.html.
- 5 Human Rights Watch (2008).
- 6 E. universality, indivisibility, equality, non-discrimination, participation, inclusion, accountability, the rule of law. Sjá: <http://www.unfpa.org/rights/principles.htm>
- 7 Á ensku er talað um rights-holders annars vegar og duty bearers hins vegar.
- 8 Lagalegi grunnurinn felst fyrst og fremst í alþjóðlegum sáttmálum og ályktunum sem ríki hafa skuldbundið sig til að fylgja. Ríki samþykkja, aftur á móti, ekki alltaf slíka sáttmála og regluverk, sem getur flækt málin.



Handsmíðaðir
íslenskir skartgripir

ANNA
MARÍA
DESIGN
GULLSMIÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

www.annamariadesign.is



Vera Manly er lögregluforeingi í Lögregluskóla Líberíu og hefur verið í löggunni í 16 ár. UNIFEM styrkir verkefni sem aðstoðar stjórnvöld við að auka hlut kvenna í lögregluliði landsins í 20% en hann er nú einungis 6%. Í dag er lögreglunum skylt að sitja námskeið um kynsjónarmið og kynbundið ofbeldi.

Ályktun 1325

Orð og aðgerðir

EFTIR BIRNU ÞÓRARINSDÓTTUR

Í októberlok voru átta ár liðin frá því að ályktun 1325 var samþykkt einróma í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Árið 2000 var brotið blað í sögu Öryggisráðsins sem hafði aldrei áður ályktað um hlutskipti kvenna í vopnuðum átökum og hlutdeild þeirra í friði. Það er vel þess virði að spyrja hvaða áhrif ályktunin hefur haft á friðar- og Öryggismál á þessum tíma – má greina áþreifanlegar breytingar eða er umræðan um konur, frið og Öryggi orðin tóm? Eins og hér er greint frá hefur ályktunin sannanlega komið konum á dagskrá Öryggismála hvað varðar friðargæsluaðgerðir, ofbeldi gegn konum á átakasvæðum og friðarumleitunir. Þrýstingur á að orðum fylgi athafnir fer vaxandi og hafa ríki og alþjóðastofnanir bæst í hóp þeirra sem vilja sjá ákvæðum ályktunarinnar framfylgt. Þótt enn sé langt í land er þetta mikilvæg þróun.

Staðfest að kynferðisofbeldi sé stríðsglæpur

Í Öryggisráðinu sjálfu hefur gengið hægt að samþætta efni ályktunarinnar daglegri starfsemi ráðsins og hefur eftirfylgnin á þeim vettvangi fyrst og fremst verið fólgin í árlegum umræðum í október þar sem fulltrúum kvennasamtaka gefst tækifæri til að ávarpa ráðið. Einstaka ríki halda þó ályktuninni á lofti innan Öryggisráðsins, til að mynda Danmörk sem sat í ráðinu 2005-2006. Ísland lagði sömuleiðis áherslu á ályktunina í framboði sínu til ráðsins þótt ekki hafi það náð kjöri.

Ályktun 1820 um kynferðisofbeldi á átaka-

svæðum, sem var samþykkt á fundi ráðsins í júní 2008, var engu að síður markvert skref fram á við fyrir Öryggisráðið. Sú ályktun staðfestir að kynferðisofbeldi í átökum sé stríðsglæpur og ógnun við Öryggi og stöðugleika. Hún kveður enn fremur á um fræðslu og stuðning fyrir friðargæsluliða til að bregðast við slíku ofbeldi á átakasvæðum og aukna vernd fyrir konur, meðal annars í flóttamannabúðum og innan réttarkerfisins. Þá hefur friðargæsluskrifstofa SP (Department of Peacekeeping Operations, DPKO), sem starfar samkvæmt umboði

Þrýstingur á að orðum fylgi athafnir fer vaxandi og hafa ríki og alþjóðastofnanir bæst í hóp þeirra sem vilja sjá ákvæðum ályktunarinnar framfylgt. Þótt enn sé langt í land er þetta mikilvæg þróun.

ályktana Öryggisráðsins, sett sér stefnu um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Þar er meðal annars kveðið á um jafnréttisfræðslu fyrir friðargæsluliða, stöðu jafnréttisfulltrúa í höfuðstöðvum og rekstur starfseininga á sviði jafnréttismála í öllum stærri friðargæsluaðgerðum.

Vinir 1325 innan SP

Ákveðinn hópur ríkja tók fljótt að sér að fylgja ályktuninni eftir á óformlegum samstarfsvettvangi innan Sameinuðu þjóðanna sem kallast *vinir 1325*. Fulltrúar ríkja í þessum hópi funda reglulega og hvetja til umræðu um konur, frið og Öryggi í ýmsum nefndum og ráðum Sameinuðu þjóðanna.

Á síðustu árum hefur áhugi alþjóðlegra þróunarstofnana á ályktun 1325 færst verulega í aukana og mörg ríki, sérstaklega í Norður- og Vestur-Evrópu, hafa lagt sig fram um að styðja verkefni sem fylgja ákvæðum ályktunarinnar eftir. Ísland er þeirra á meðal og hefur utanríkisráðuneytið stutt sérstaklega við 1325-verkefni UNIFEM á Balkanskaganum. Árið 2007 bættist Ísland jafnframt í lítinn en vaxandi hóp ríkja sem hafa sett sér sérstaka framkvæmda-ætlan um eftirfylgni við ályktun 1325.

Orðin tóm?

Á alþjóðavettvangi hefur þó enginn fylgt ályktuninni jafn vel og jafn fast eftir og UNIFEM. Kvennasjóðurinn hefur ýtt á eftir ályktun 1325 innan stofnana, ráða og nefnda Sameinuðu þjóðanna, eftir samstarfsnet áhugasamra ríkja og veitt kvennasamtökum tæknilegan og fjárhagslegan stuðning við eftirfylgnina á átakasvæðum. UNIFEM hefur jafnframt beitt sér sérstaklega fyrir aukinni þátttöku kvenna í friðarumleitunum og friðarsamningum, til að mynda í Afganistan, Súdan og Úganda. Síðast en ekki síst hefur UNIFEM verið í lykilhlutverki við að vekja athygli á því að langtum meira þurfi að gera til að ályktun 1325 verði ekki bara orðin tóm.



Ljósmynd: Magneta Marínósóttír

Konur vinna saman í Afganistan.

Í nýlegri skýrslu UNIFEM, *Progress of World's Women 2008/2009: Who Answers to Women*, er því skýrt haldið fram að alþjóðastofnanir á sviði öryggismála sýni takmarkaðan vilja til að bera ábyrgð á réttindum kvenna og jafnrétti kynjanna, til að mynda með því að fjölga konum í ábyrgðarstöðum, vernda konur fyrir ofbeldi og að tryggja fullnægjandi fjárheimildir fyrir eftirfylgni ályktunarinnar. Í skýrslunni er jafnframt bent á að nær alger skortur á reglubundnu eftirlitakerfi fyrir ályktun 1325 sé skammarlegur í samanburði við sambærilega ályktun öryggisráðsins númer 1612 (sam-

þykkt árið 2005) um börn og vopnuð átök. Þeirri ályktun fylgja öll þau ábyrgðar- og eftirlitstól sem ályktun 1325 hefur ekki, svo sem sérstakur vinnuhúpur innan öryggisráðsins, skýr tímarammi og refsiakvæði.

Kvennasamtök varðhundur og hreyfiafl 1325

Sterkustu viðbrögðin við samþykkt ályktunarinnar árið 2000, og allar götur síðan, voru meðal kvannahreyfinga á átaksvæðum sem tóku fagnandi þessari mikilvægu viðurkenningu á málefnum sem þær voru

að berjast fyrir. Loksins orðu þessar kvannahreyfingar og störf þeirra lögmaet í augum alþjóðasamfélagsins. Sú staðreynd að ályktun 1325 hefur verið þýdd á 95 tungumál, fyrst og fremst að frumkvæði frjálsra félagsamtaka, segir kannski meira en mörg orð um útbreiðslu ályktunarinnar í grasrótinni.

Það má segja að kvannahreyfingarnar séu bæði varðhundur og hreyfiafl ályktunarinnar. Þær hvetja og styðja stjórnvöld til að fylgja ályktuninni eftir, s.s. með fræðslunámskeiðum, útgáfu, ráðstefnuhaldi og mótmælafundum. Þær vinna með alþjóðastofnunum að afvopnunaraðgerðum, rekstri þjónustumiðstöðva fyrir fórnarlömb ofbeldis og þjálfun fyrir friðargæsluliða, svo eitt hvað sé talið. Og þar sem stuðning er hvorki að finna frá stjórnvöldum né alþjóðastofnunum er starfsemi engu að síður haldið úti með stuðningi og upplýsingum frá systursamtökum víða um heim í gegnum Internetið. Elstu starfandi friðarsamtök kvenna, Women's International League for Peace and Freedom (WILPF) halda úti síðunni www.peacewomen.org þar sem safnað er saman upplýsingum um starfsemi í þágu ályktunar 1325 um allan heim. Á síðunni má glögg sjá hvílíkur fjöldi hreyfinga starfar að þessum málum og hversu fjölbreyttar aðgerðir þeirra eru. Grasrótin sem ályktun 1325 spratt upp úr og dafnar nú í er svo sannarlega öflug og hnattræn.

1325 Í FRAMKVÆMD

Í október sl. skrifuðu fulltrúar lögreglu- og öryggisveita Evrópusambandsins í Bosnía og Hersegóvínu (EUPM og EUFOR) undir samstarfssamning við UNIFEM um fræðslu og samráð innan vébanda ályktunar 1325. Samstarfsfélagar UNIFEM til margra ára, kvennasamtökin Zene Zenama, munu annast fræðslu um mannöryggi, konur og átakastjórnun fyrir tugi háttsettra fulltrúa EUFOR, EUPM og bosnískra öryggisveita og koma jafnframt á fót samráðsfundum milli frjálsra félagsamtaka, bosnískra yfirvalda og alþjóðlegu öryggisveitanna. Íslenska utanríkisráðuneytið styrkir starf UNIFEM í þágu 1325 á Balkanskaganum og mun Hjálmar Sigmarsson, starfsmaður UNIFEM í Sarajevo, hafa umsjón með samstarfinu við EUPM og EUFOR.

„Um árabíl hefur verið deilt um það hvort kynferðisofbeldi gegn konum sé öryggismál sem þurfi að ræða á þessum vettvangi. Ég er stolt af því að við höfum loksins svarað þeirri spurningu játandi, með afgerandi hætti. Við staðfestum að kynferðisofbeldi hefur ekki einungis áhrif á heilsu og öryggi kvenna heldur einnig á efnahagslegan og félagslegan stöðugleika þjóða þeirra.“ Svo mæltist Condoleezza Rice við opnun fundar öryggisráðsins 19. júní 2008 þegar ályktun 1820 var samþykkt.

Tæpu ári áður létu nokkrir meðlimir öryggisráðsins þá skoðun í ljós að kynferðisofbeldi félli ekki undir verksvið þess.

Átta árum eftir að ályktun 1325 var samþykkt í öryggisráðinu er ennþá langt í land með að konur taki jafnan þátt í friðarumleitunum. Í fimm friðarferlum sem nú standa yfir – í Afganistan, Búrúndí, Kongó, Darfur og Úganda – eru konur að meðaltali 7% samningamanna. Í 14 nýlegum friðarsamningum voru konur tæp 3% þeirra sem skrifuðu undir samninginn. Þátttaka kvenna er einna sterkust meðal þeirra sem fylgjast með samningaviðræðunum; í Líberíu árið 2003 og í Darfur og Úganda nú í ár voru konur að meðaltali fjórðungur áheyrnarfulltrúa.

Í Darfur má finna haldbær dæmi um stuðning UNIFEM við þátttöku kvenna í friðarferlum. Árið 2005 tók UNIFEM höndum saman við Afríkusambandið (African Union) um að styðja konur frá Darfur til að taka þátt í friðarviðræðunum í Abuja. Árið 2006 sendi UNIFEM sérfræðing í jafnréttismálum til að styðja við friðarferlið og æ síðan hefur UNIFEM unnið með aðstandendum friðarferlisins til að tryggja að fleiri konur geti tekið þátt í næstu friðarviðræðum um Darfur.



Ljósmynd: Christopher Herwig

Til móts við tækifærin

Jafnréttisskóli við Háskóla Íslands

EFTIR SJÖFN VILHELMSDÓTTUR

en markmið þess verður að efla kynja-, margbreytileika- og jafnréttisrannsóknir við Háskólann auk þess að styðja við starfsemi Jafnréttisskólans. Það er óhætt að fullyrða að stofnun Jafnréttisskólans og rannsóknarsetursins fellur vel að þeirri þörf og þeim tækifærum sem hafa skapast á síðustu misserum með

áherslubreytingum íslenskra stjórnvalda og aukinni þátttöku þeirra í þróunarsamvinnu á sviði jafnréttismála.

Uppbygging sérfræðipækningar

Markmið Jafnréttisskólans er að bjóða upp á hagnýtt nám sem miðast við að auka færni sérfræðinga og stofnana sem koma að uppbyggingu og framkvæmd jafnréttisstarfs í þróunarlöndum og á fyrrum átaka-svæðum, auk þess að vera vettvangur fyrir yfirfærslu þekkingar og reynslu af jafnréttisstarfi á Íslandi. Kjarni skólans verður 20 vikna námsbraut þar sem kennd verða helstu atriði varðandi stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni við uppbyggingu jafnréttisstarfs og aðgerða gegn kynjamisrétti. Markhópurinn fyrir námið er sérfræðingar hjá ráðuneytum, opinberum stofnunum, félagsamtökum og fyrirtækjum í þróunarlöndum og ríkjum sem eru í uppbyggingarferli eftir stríðsátök. Stefnt er á að fyrstu nemendurnir hefji nám í ágúst á næsta ári/2009. Enn fremur hefur Jafnréttisskólinn í hyggju að bjóða upp á stutt námskeið fyrir íslenska og erlenda sérfræðinga sem koma að uppbyggingu jafnréttisstarfs í þróunarsamvinnu og friðargæslu en skipulag og staðsetning námskeiðanna mun taka mið að þörfum hvers hóps. Einnig má nefna að Jafnréttisskólinn hefur þróað námskeið í samstarfi við kynjafræðinám HÍ um þróun kynjajafnréttis í alþjóðlegu samhengi. Námskeiðið verður kennt í Hagnýtum jafnrétt-

isfræðum á vorönn 2009 og er opið öllum sem hafa lokið BA- eða BS-námi.

Litið til Íslands

Jafnréttisskólinn kemur til með að eiga samtarf við Landgræðsluskólann, Jarðhitaskólann og Sjávarútvegsskólann en samstarfið býður upp á einstakt tækifæri til að þróa aðferðir til samþættingar jafnréttisjónarmiða við auðlindanýtingu. Slíkt samtarf mun einnig fela í sér samþættingu kynjasjónarmiða í meginstoðirnar í þróunarsamvinnu Íslands. Það kemur til móts við nýlegar yfirlýsingar utanríkisráðherra um að kynjasjónarmið verði nú samþætt með markvissari hætti í allri þróunaraðstoð á vegum ráðuneytisins.

Jafnréttisskólinn mun ekki einvörðungu leggja áherslu á þekkingarmiðlun í jafnréttismálum á sviðum þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar því Evrópa hefur einnig sýnt áhuga. Mörg Evrópuríki eru nú að endurskoða áherslur, úrræði og aðgerðir sínar í jafnréttis-, velferðar- og fjölskyldumálum til að bregðast við lækkandi fæðingartíðni og þörfinni fyrir aukna atvinnuþátttöku kvenna. Stjórnvöld í þessum ríkjum horfa nú til Íslands og eru jafnvel farin að tala um „Íslenska módelið“ þar sem vísað er til árangurs Íslands við að viðhalda hárrí fæðingartíðni á sama tíma og atvinnuþátttaka kvenna er sú mesta sem þekkt í aðildarríkjum OECD. Jafnréttisskólinn og Rannsóknarsetrið í jafnréttis- og margbreytileikafræðum hafa því hug á að bregðast við áhuga Evrópuríkja með því að standa fyrir alþjóðlegum námstefnum og ráðstefnum um jafnréttisstarf á Íslandi.

Höfundur er verkefnisstjóri hjá Rannsóknastofu HÍ í kvenna- og kynjafræðum (RIKK)

Nánari upplýsingar um Jafnréttisskólann má finna á heimasíðu skólans www.get.hi.is og á heimasíðu RIKK www.rikk.hi.is

Utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur margsinnis vísað í jafnréttisstarf sem eina af grunnstoðunum í íslenskri þróunarsamvinnu, og jafnvel rætt um „virkjun kvenorkunnar“ í þessu samhengi. En hefur Ísland eitthvað fram að færa þegar kemur að jafnréttismálum? Miðað við metnaðarfull áform þeirra sem standa að stofnun nýs alþjóðlegs jafnréttisskóla er svarið: Já.

Stefnan að verða Sameinuðu þjóða háskóli

Jafnréttisskólinn verður stofnaður 5. desember næstkomandi. Skólinn er samstarfsverkefni HÍ og utanríkisráðuneytisins og er starfsemin þróuð að fyrirmynd Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (SP) og Landgræðsluskóla Landbúnaðarháskóla Íslands, en utanríkisráðuneytið styður við þessa þrjá skóla. Stuðningur ráðuneytisins er hluti af opinberri þróunarsamvinnu Íslands. Utanríkisráðuneytið og HÍ munu óska eftir við Háskóla SP í Tókýó að Jafnréttisskólinn verði hluti af háskólaneti SP líkt og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn eru nú og stefnt er á að Landgræðsluskólinn verði frá með árinu 2010.

Á sama tíma og skólinn verður formlega settur á laggirnar, mun HÍ einnig kynna nýtt alþjóðlegt rannsóknarsetur í jafnréttis- og margbreytileikafræðum. Hið nýja rannsóknarsetur tekur við hlutverki Rannsóknastofu HÍ í kvenna- og kynjafræðum (RIKK)

Hjálpaðu konu og byggðu upp samfélag



Ljósmynd: Gunnar Salvarsson

Svanborg Sigmarsdóttir ræðir við Þórhildi Þorleifsdóttur

Fjögur neyðarblys loguðu yfir Reykjavík þegar gengið var niður Skólavörðustíginn í sólríku hádegi á leið til fundar við Þórhildi Þorleifsdóttur. Ætlunin var að ræða ráðstefnu, sem Þórhildur er að skipuleggja fyrir utanríkisráðuneytið og Háskóla Íslands um 1325, ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi. Á ráðstefnunni á að ræða hvort þessari ályktun sé nógu vel fylgt eftir á alþjóðavettvangi; sérstaklega þeim þætti sem lýtur að aðkomu kvenna að friðarsamningum og uppbyggingarstarfi samfélaga eftir átök. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að bera saman skelfileg stríð og efnahagsleg vandræði, erum við í spjalli okkar ekki lengi að finna samlíkingar þegar kemur að því að finna konum stað og hlutverk í völdum og uppbyggingu.

Ráðstefnan, segir Þórhildur, er liður í nýjum áherslum í utanríkisstefnu Íslands. „Það er ljóst að það eru breyttar áherslur í utanríkisstefnunni. Þegar herinn fór þurfti að stokka þar mikið upp. Eitt af því sem gerðist við þessa upptokkun og með nýjum utanríkisráðherra var að jafnréttismál voru nefnd

til sögunnar sem ein af þremur meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Ráðstefnan er liður í því að styrkja þessa stoð, segir Þórhildur. Hún bendir jafnframt á að jafnréttismál eigi sess í þróunaraðstoð sem veitt er, því slík aðstoð snerti mikið afkomu og líf kvenna í þeim löndum sem fá aðstoðina. „Konur eru oft mikill burðarás í samfélögum sem fá þróunaraðstoð, en burðarás sem fær ekki athygli, menntun, völd eða peninga. En það hefur orðið æ ljósara að það gagnast vel að beina þróunarhjálp mikið að konum. Það er skoðun sem hefur meðal annars verið viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum, en er ekki bara kotungsleg skoðun gargandi femínista. Þetta hefur oft verið orðað í þá veru að; hjálpaðu karlmanni og þú hjálpar samfélagi. Þetta kemur til vegna þess að konurnar eru með fjölskyldurnar á sínum herðum. Um leið og þær fá einhverja menntun eða aðra aðstoð, aukast möguleikar þeirra til að bæta líf barnanna sinna til muna. Bara sem dæmi má nefna að sé grafinn brunnur þýðir það að þær þurfa ekki að eyða sex til átta tímum á dag í að ná í vatn. Þann tíma geta þær hugsanlega

notað í eitthvað annað, til dæmis að læra að lesa!“

Konur sem gerendur

Þórhildur bendir á að með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325, frá árinu 2000, um konur, frið og öryggi, er í fyrsta sinn viðurkennt með formlegum hætti að það beri að líta sérstaklega til kvenna í stríði og að ófriði loknum. „Bæði hvernig þær fara út úr átökum og hvernig þær koma að friðarsamningum og uppbyggingu. Konur eru sjaldnast gerendur í átökum og því miður eru þær heldur ekki gerendur í uppbyggingu eftir átök. Konur og stúlkubörn mega, eins og aðrir borgarar, þola allar þær hörmungar sem fylgja átökum og stríði, en að auki mega þær sæta gífurlegu kynferðislegu ofbeldi sem gjarna er fylgifiskur átaka og jafnvel notað í hernaðarlegum tilgangi til að brjóta niður viðnámsþrek og „óhreinika“ kyn, ætt eða þjóðerni óvinnarins. Í upplausn og öryggisleysi eftir ófrið er sama uppi á teningnum. Athygli á öryggisákvæði 1325-ályktunarinnar beinist – og ekki að ósekju – mikið að því að vernda konur og stúlkur fyrir kynferðislegu ofbeldi, en við ákvæðum að taka annan pól í hæðina og skoða konur sem gerendur, sérstaklega í friðarferlinu, samningum og uppbyggingu.“ Þegar kemur að friðarsamningum og uppbyggingu samfélagsins eftir átök eru það nánast eingöngu karlmenn sem koma að því ferli og á ráðstefnunni á að

„Konur eru oft mikill burðarás í samfélögum sem fá þróunaraðstoð, en burðarás sem fær ekki athygli, menntun, völd eða peninga. En það hefur orðið æ ljósara að það gagnast vel að beina þróunarhjálp mikið að konum.“

fjalla um hvernig hægt sé að greiða leið kvenna að samningaborðinu, þar sem framtíð samfélagsins er ráðin. Sameinuðu þjóðirnar og aðildarríki þeirra hafa með ályktun 1325 skuldbundið sig til að greiða leið kvenna að samningaborðinu, en það hefur vantað á framkvæmd þess. Meginefni ráðstefnunnar er að fjalla um af hverju þessi ályktun öryggisráðsins hefur ekki virkað sem skyldi, hver er að bregðast konum og hvað hægt er að gera til að bæta úr því. „Það stendur upp á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að framfylgja ályktuninni. Það eru margir sem koma að samningaborði og það eru ýmsir sem skipa í þau sæti. En þegar verið er að velja fólk er yfirleitt beitt mjög hefðbundnum leiðum. Það er að segja, viðkomandi þarf að hafa einhverja stöðu í samfélaginu. Þetta er svipað og í dag hér á Íslandi; hver myndi ganga hér niður í bæ og segja: Mér lýst ansi vel á þessa stúlku hérna, hvernig væri að setja hana í bankaráð? Þú þarft að vera stödd á vissum stað í samfélaginu til að fá aðgang. En konur eiga of litla aðild að þeim stofnunum samfélagsins sem litið er til í leit að sáttasemjum.“

Ljósmynd: Harpa Rut Hilmarssdóttir



„Þegar kemur að friðarsamningum og uppbyggingu samfélagsins eftir átök eru það nánast eingöngu karlmenn sem koma að því ferli og á ráðstefnunni á að fjalla um hvernig hægt sé að greiða leið kvenna að samningaborðinu, þar sem framtíð samfélagsins er ráðin.“

Sameinuðu þjóðirnar þurfa að líta í eigin barm

Þórhildur bendir á að það sé ekki bara í fátækari ríkjum, þar sem ófriður hefur ríkt og jafnréttisbaráttan hefur ekki náð jafn langt og í hinum vestræna heimi, sem konurnar eru ekki staddar á réttum stað. „Það að vera sáttasemjari hjá Sameinuðu þjóðunum, til dæmis, er mikil virðingastaða. Þar eru oft fullorðnir karlmenn sem eiga pólitískan feril að baki, fyrrverandi ráðherrar jafnvel forsetar. Það eru fáar konur í þessum hópi, karlmenn eru alls staðar í meirihluta. Meira að segja í samfélögum þar sem konur eru virkir þátttakendur, eins og á Vesturlöndum, eru ekki margar komnar svona hátt í valdapírámídanum. Því er það svo að þegar farið er eftir hefðbundnum leiðum, bara eins og hér á landi þegar leitað er eftir fólki í stjórnir fyrirtækja, þá liggur beinast við að velja karlmann. Nákvæmlega sami hugsunarháttur og rök liggja að baki ákvörðunum. Karlmaðurinn er bara nær, hann er augljósari kostur. En með meðvituðum ákvörðunum er hægt að breyta þessu. Það þarf að kíkja fyrir hornið til að finna konur, setja upp önnur gleraugu, en þær eru þarna – og fullt af þeim. Þær hafa einnig ómetanlega þekkingu, reynslu og oft önnur sjónarmið sem verða líka að koma fram. Það er enginn að segja að það eigi að reka alla karla frá samningaborðinu, en það er affarasælast, þar eins og víðar, að konurnar komi líka að málum.“ Oft er spurt af hverju þurfi að kalla konur sérstaklega að samningaborði og uppbygg-

ingu. „Það er hægt að nefna til sögu lýðræðisleg, mannréttinda- og kvennréttindarök fyrir nauðsyn þess. Konur eru jú helmingur mannskynsins. En mikilvægustu rök in eru ef til vill þau að það hefur sýnt sig að þar sem konur sitja við samningaborðið koma þær með önnur sjónarmið. Þetta er nokkuð sem hægt er að sjá á orðalagi í opinberum skýrslum.“

Þórhildur bendir sérstaklega á skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem hún hefur nýlega lesið. „Þar kom fram – og auðvitað var um líkingu að ræða – að karlmenirnir skildu byssurnar eftir við dyrnar, en átök in héldu samt áfram við borðið. Í sömu skýrslu var notað orðalagið „They embrace their enemy“ um konur. Þeirra lausnir felast ekki í því hvernig eigi að deila völdum eða hvar landmærin eigi að liggja. Þær koma að samningaborðinu með praktískar samfélagslegar lausnir en ekki útdeilingu valda. Þær vilja heilbrigðskerfi, menntakerfi, velferðarkerfi og félagslega ábyrgð og virkni; lausnir sem stuðla að áframhaldandi friði, því undirrót ófriðar er svo oft fáfræði og fátækt auk valdniðslu af ýmsum toga.“

Þjóða lykla að nýjum hugmyndum

Áætlað er að ráðstefnan verði haldin hér á landi þegar kemur fram á mitt ár 2009, og hafa fjölmargir sérfræðingar þegið boð um að koma og halda hér erindi. Það eru því væntingar uppi um að ráðstefnan muni skila árangri í uppbyggingarstarfi. „Þarna

kemur áhrifafólk sem hittist ekki dagsdaglega en hefur mikla reynslu og þekkingu á þessum málum. Vonandi fer þetta fólk með eitthvað í fartaskinu aftur; nýjar hugmyndir, eða lykla,“ segir Þórhildur. En þetta mun einnig auka þekkingu hér heima, verða steinn í þekkingarhleðslu jafnréttisstoðar utanríkisstefnunnar. „Sumir eru fullir háðs þegar kemur að Íslandi og þátttöku í alþjóðastarfi,“ segir Þórhildur. „En það getur líka verið kostur að vera lítill. Við höfum staðið utan átaka og höfum ekki verið nýlenduþjóð, líkt og margar Evrópuþjóðir. Hins vegar höfum við verið nýlenda, og það er reynsla sem við eigum að þekkja og vera meðvituð um. Það er ekki nema hálf öld síðan við vorum meðal vanþróaðra ríkja, en við höfum tekið þetta heljarstökk fram á við – og reyndar aftur á bak í bili! Eins og utanríkisráðherra hefur bent á, höfum við náð alþjóðlega viðurkenndum árangri á nokkrum sviðum, eins og til dæmis í sjávarútvegi, í þekkingu og nýtingu jarðvarma og í jafnréttis- og kvennabaráttu. Það síðastnefnda er líka hægt að gera að útflutningsvöru. Við höfum hér mikla og dýrmæta reynslu í baráttu sem er þess virði að flytja út til annarra þjóða. Íslenskar konur hafa svo sannarlega kunnað að skipuleggja sig og flykkja sér saman þegar það skiptir máli.“

Með eflða trú í hjarta á samtakamátt og mikilvægi kvenna er aftur gengið út í sólina. Neyðarblysin loga ekki lengur yfir höfuðborginni.

Að koma jafnrétti í framkvæmd

– reynsla íslenskrar konu á Balkanskaga



Ljósmynd: Harpa Rut Hilmarisdóttir

Í starfi sínu sem jafnréttisráðgjafi UNIFEM á Balkanskaga studdi hún við kvennasamtök á svæðinu til að koma að friðaruppbyggingu í löndum sínum. Með aðsetur í Skopje, höfuðborg Makedóníu, tókst Auði H. Ingólfsdóttur líka að sannfæra stjórnvöld þar á landi um gildi þess að taka tillit til kvenréttinda í fjárlagagerð á öllum stjórnsýslustigum, til að stjórnvöld stæðu við skuldbindingar sínar í jafnréttismálum, og þannig mætti afhjúpa misrétti milli kynjanna í landinu. *Kristjana Sigurbjörnsdóttir* hitti Auði að máli og fékk innsýn í starf hennar þar.

Íslenskar konur hafa í nær tíu ár unnið að jafnréttismálum og friðaruppbyggingu fyrir UNIFEM á Balkanskaga en fyrsta íslenska konan fór til starfa í Kósóvó árið 1999. Auður hélt til Skopje í Makedóníu um mitt ár 2007. UNIFEM hafði þá opnað skrifstofu í Makedóníu ári áður til að útvíkka starfið sem hafði tekist vel í Kósóvó. Ætluin var að þróa svæðisverkefni, sem yrði fyrst stýrt frá Skopje, fyrir ríki fyrrum Júgóslavíu (auk Albaníu, en fyrir utan Slóveníu). Makedónía varð fyrst fyrir valinu þar sem Skopje er einungis í klukkustundar akstursfjarlægð frá Prístina, höfuðborg Kósóvó. Í kjölfarið var einnig opnuð skrifstofa UNIFEM í Belgrad í Serbíu og Tirana í Albaníu. Nýlega bættist svo við skrifstofa í Sarajevó í Bosníu-Hersegóvínu.

Þátttaka kvenna í opinberu lífi hrundi

„Jafnréttismál í Makedóníu tengjast fyrst og fremst því umbreytingarferli sem flest ríki Austur-Evrópu eru nú að ganga í gegnum; að breyta stjórnskipulagi úr kommúnisma yfir í

lýðræði og markaðshagkerfi. Eins og í mörgum öðrum ríkjum á þessu svæði er stefnan sett á ESB-aðild, þótt enn sé nokkuð langt í land með að það markmið náist. Landið er líka að jafna sig eftir átök, þótt þau hafi verið mun vægari en stríðin í Kósóvó og Bosníu,” segir Auður. Hún lýsir því hvernig samfélög ríkja í fyrrum Júgóslavíu bjuggu við ákveðna jafnréttishugsun, en það var jafnrétti sem kom að ofan og var miðstýrt. Það óx ekki úr grasótinni með kröfu um þátttöku. Hún segir að „þegar kommúnisminn leið undir lok dró einnig verulega úr þátttöku kvenna í opinberu lífi. Segja má að jafnréttið hafi aldrei náð inn á heimilin, þannig að þessi lönd hafa að mörgu leyti þurft að byrja upp á nýtt.“ Auður nefnir sem dæmi að stjórnmaláþátttaka kvenna í sumum ríkjum á svæðinu hafi hrapað úr 20-30% niður í 1% í fyrstu kosningum eftir fall kommúnismans.

Afleiðingar stríðsins lamandi

Auður segir að atvinnuleysi sé stór vandi og reynslan hafi sýnt að oft missi konur vinnuna fyrstar þegar kreppir verulega að. Heimilisofbeldi í löndum Balkanskagans er falið vandamál og lítið rætt, en rannsóknir sýna þó að það jókst umtalsvert við stríðsátökin, umbreytingarferlið úr einu stjórnkerfi yfir í annað og þá samfélagslegu spennu sem myndaðist í kjölfarið. Hún nefnir einnig að einn anginn af arfleifð kommúnismans sé sá að fólk sé ekki vant því að geta haft áhrif með því að tjá skoðanir sínar og beita sér í samfélaginu. „Miklu máli skipti því að byggja upp hjá konum, og kvennahreyfingum, trú á því að þær geti haft áhrif á stöðu kvenna á svæð-

inu. Þetta er eitt af því sem UNIFEM hefur reynt að gera.“

Konur tala fyrir friði

UNIFEM leggur áherslu á að vinna með stjórnvöldum og félagasamtökum við að tryggja að jafnréttissjónarmiða sé gætt við uppbygginguna í kjölfar stríðsins á Balkanskaga. „Þegar ég hóf störf var farin af stað mikil vinna þar sem byrjað var að skipta svæðisverkefninu upp í afmarkaðri verkefni varðandi áherslur og landfræðilega afmörkun. Mitt hlutverk var m.a. að leiða vinnu við að þróa einn anga sem hafði sprottið upp innan stóra svæðisverkefnisins í heildstætt fjögurra ára svæðisbundið verkefni undir yfirskriftinni „Konur, friður og öryggi“ þar sem ályktun 1325 er notuð sem hugmyndafræðilegur rammi utan um verkefnið. Í þessu verkefni vinnur UNIFEM annars vegar með hinum opinbera öryggisgeira (lögregla, herinn, dómskerfið o.s.frv.) og hins vegar með frjálsum félagasamtökum og grasótinni. Við beindum einkum sjónum að lögreglunni, en þegar var komið á samstarf við lögregluna í Kósóvó sem gekk mjög vel.“ Sem dæmi um vinnubrögð UNIFEM nefnir Auður það verkefni að veita lögreglumönnum þjálfun í jafnréttismálum og hjálpa þeim að koma á jafnréttisráðum innan lögreglunnar víða um landið og innleiða þá hugmyndafræði að það skipti máli að hafa ákveðið hlutfall beggja kynja innan þessa geira. „Vinna með frjálsum félagasamtökum gekk m.a. út á að koma á samræðum milli þjóðarbrotta og byggja upp friðarhreyfingar kvenna í Kósóvó, Serbíu og Bosníu. Konur virðast oft eiga auðveldara með að teygja sig yfir þessi landamæri heldur en karlar. Það eru dæmi um þetta annars staðar í heiminum. Konur eru oft tilbúnari að nálgast hver aðra til að ræða saman og láta þá ekki pólitísk deilumál flækjast fyrir sér. Þær eru ekkert síður ósammála en karlarnir en vilja leita að praktískum lausnum.“

Að koma jafnrétti í framkvæmd

Svæðisverkefnið á Balkanskaga gekk líka út



Ljósmynd: Auður H. Ingólfssdóttir

Frá mótmælum kvenna í Skopje í Makedóníu

„Konur virðast oft eiga auðveldara með að teygja sig yfir þessi landamæri heldur en karlar. Það eru dæmi um þetta annars staðar í heiminum. Konur eru oft tilbúnari að nálgast hver aðra til að ræða saman og láta þá ekki pólitísk deilumál flækjast fyrir sér. Þær eru ekkert síður ósammála en karlarnir en vilja leita að praktískum lausnum.“

á að veita ríkjum aðhald og aðstoð í laga- setningar- og stefnumótunarvinnu sem tengdist jafnréttismálum, með Kvennasáttmálann og Peking-áætlunina til hliðsjónar. „Þegar ég kom til Makedóníu,“ segir Auður, „voru flest ríkin á svæðinu búin að klára jafnréttisáætlanir og setja jafnréttislög. Jafnframt var einni hringrás að ljúka hjá UNIFEM alþjóðlega og vinna í gangi við að móta stefnuna til næstu ára. Í þeirri vinnu var mikið verið að skoða hvernig við gætum fæst frá því að byggja upp lagumgjörð yfir í að sjá breytingar í lífi hinnar almennu konu, það er að segja að koma hlutunum í framkvæmd. Á miðju starfsárinu tók ég við því hlutverki að stýra skrifstofu UNIFEM í Makedóníu og fór þá að skoða í hvaða átt ég teldi heppilegast að fara með verkefni þar í landi.“

Í nýrri stefnuáætlun UNIFEM á heimsvísu fyrir tímabilið 2008 til 2011 er eitt af markmiðunum að aðstoða stjórnvöld við að hafa sjónarmið kynjajafnréttis í huga við gerð fjárlaga og í hagstjórn á öllum stjórnstigum. Auður segir að „ástæðan fyrir því að UNIFEM á Balkanskaga og annars staðar í heiminum leggur æ meiri áherslu á þetta ferli er sú að þetta er hagnýtt tæki til að koma áætlunum í framkvæmd því ekkert gerist nema að tekjustofnar fylgi áætlunum. Ég beitti mér þess vegna fyrir því að í Makedóníu yrði þetta grunnurinn að okkar vinnu. Makedónía varð þannig hluti

af öðru nýju verkefni sem UNIFEM var að þróa á Balkanskaga, þar sem áherslan var á að skoða kynjaviddina í fjárlagagerð á öllum stjórnstigum.“

Ríkið sparar, konur borga brúsann

Auður segir áhugavert að skoða hvernig UNIFEM í Makedóníu vann að því að þróa þetta svið og kynna gagnvart stjórnvöldum. „Fyrst unnum við rannsóknarverkefni sem afhjúpaði hvernig ákveðnar opinberar stefnumarkandi ákvarðanir geta haft mjög ólík áhrif á karla og konur vegna þess að þjóðfélagsstaða þeirra er mismunandi.“ Dæmi frá Makedóníu hér til hliðar skýrir þetta vel.

„Það er líka mikilvægt að átta sig á því að þegar fjármagni er úthlutað í fjárlögum á það að ganga út á að það nýtist á sanngjarnan hátt á milli ólíkra hópa samfélagsins, en ekki eins á kostnað annars. Þessa hugmyndafræði má einnig nota þegar rétta á hlut aldraðra, barna eða minnihlutahópa í þjóðfélaginu,“ bætir Auður við. „UNIFEM hefur gert rannsóknir sem þessar víða um heim og nýtir sér til að upplýsa sveitarstjórnir og ríkisvald um mikilvægi þess að samþætta kynja- og jafnréttis sjónarmið við fjárlagagerð sem lið í baráttunni fyrir bættum réttindum kvenna og jafnrétti kynjanna,“ segir Auður að lokum.

Hvernig má leiðrétta öjfnuð í fjárlagagerð?

UNIFEM í Makedóníu vann með rannsóknarstofnun að því að kanna áhrif stjórnvaldsaðgerðar sem miðaði að því að spara í heilbrigðiskerfinu með því að fækka legudögum á sjúkrahúsum og senda fólk fyrr heim. Þetta var undirbúið og fyrirskipt á hæsta stjórnsýslustiginu, en engar samræður fóru fram á milli stjórnstiga við undirbúninginn. Skoðað var hvað varð svo um sjúklingana sem voru útskrifaðir. Hver annaðist þá? Rannsóknin leiddi í ljós að aðstandendur (oftast konur) þurftu að taka við og sinna veikum ættingjum sem voru sendir fyrr heim af sjúkrahúsum. Þær tóku sér frí frá vinnu eða urðu jafnvel að hætta í vinnu vegna þessara aðstæðna. Niðurstaðan var sú að talsvert náðist að spara við rekstur sjúkrahúsa en á móti kom að aðstandendur eyddu umtalsvert meiri tíma við ólaunaða umönnun en áður þar sem ekki hafa verið þróuð nein úrræði á móti, s.s. heimahjúkrun.

Hvað kemur þetta jafnréttismálum við?

Niðurstöður voru greindar eftir kyni og þar kom fram að þeir sem tóku sér frí eða hættu í vinnu til að annast veika fjölskyldumeðlimi voru nær eingöngu konur. Sparnaður ríkisins við að stytta legutíma á sjúkrahúsum var þannig niðurgreiddur af konum í þessu samfélagi án þess að þær væru spurðar leyfis eða hafðar með í umræðunni. Aðgerð sem miðaði að því að spara í heilbrigðiskerfinu hafði þannig óvænt áhrif til hins verra á stöðu margra kvenna á vinnumarkaðnum, en karlarnir finna minna fyrir slíkum neikvæðum áhrifum þar sem ekki er hefð fyrir því að þeir sinni slíkum umönnunarhlutverkum í Makedóníu.

UNIFEM notaði niðurstöður rannsóknarinnar með félagasamtökum í Makedóníu í viðræðum við stjórnvöld til að benda á að ef þetta ætti að vera sparnaðarleið, yrði að styrkja nærþjónustu á móti, t.d. heimahjúkrun eða heilsugæslu. Þannig var hægt að nýta niðurstöður rannsóknarinnar til að hvetja til breytinga í stefnumörkun sem tækju meira tillit til stöðu og réttinda kvenna í samfélaginu. Rannsóknin var þannig skref í þá átt að auka meðvitund um að hafa kynjajafnréttisáhrif við fjárlagagerð í stjórnsýslunni.

Svipmyndir af félögum í UNIFEM á Íslandi



Guðrún Agnarsdóttir

Hversu lengi hefur þú verið félagi?

Ég hef verið félagi næstum því frá stofnun UNIFEM á Íslandi.

Af hverju gerðist þú félagi í UNIFEM?

Ég starfaði í Kvinnalistanum þegar UNIFEM var stofnað á Íslandi og það var og er ljóst að mikilvægt er að bæta hlut kvenna en hann er mun lakari í þróunarlöndum en hér heima. Okkur Íslendingum ber, sem ríkri og aflögu-færri þjóð, að sinna skyldum okkar í þróun-arstarfi á alþjóðavettvangi. Þar höfum við ekki staðið okkur sem skyldi gagnvart samningum Sameinuðu þjóðanna. Við stofnun UNIFEM hér á landi gafst gott tækifæri til að vekja athygli þjóðarinnar á hlutskipti kvenna í þróunarlöndum og finna leiðir til að bæta það.

Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?

Ég kynntist fyrst UNIFEM þegar ég sótti þing SP árið 1986 og mér varð ljóst að þarna var á ferðinni öflug og hnitmiðuð starfsemi í þágu þeirra kvenna sem lókust hafa lífskjör í heiminum. Ég tel að starf UNIFEM hafi vakið athygli heimsins á hlutskipti kvenna um víða veröld og skilað góðum árangri beint til kvenna.

Af hverju finnst þér nauðsynlegt að styðja sérstaklega við bakið á konum í þróunarlöndunum?

Rannsóknir hafa sýnt að réttindi og hlutskipti þeirra eru oft lakari en annarra en sú aðstoð sem konum í þróunarlöndum er veitt hefur margfeldisáhrif í samfélagi þeirra. Hún ávaxtar sig í styrk þeirra sjálfra og í velferð barna þeirra og allrar fjölskyldu með þeim hætti sem ekki sést við aðrar styrkveitingar.

Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?

Á sumum sviðum er það í orði en víðar er það ekki á borði. Enn er mikið verk að vinna.



Jónas Gunnar Allansson

Hversu lengi hefur þú verið félagi?

Síðan árið 2006.

Af hverju gerðist þú félagi í UNIFEM?

Mér finnst mikilvægt að styrkja samtökin, bæði til að vekja athygli almennings á stöðu kvenna í þróunarlöndum og á átakasvæðum, en ekki síður til að tryggja að stjórnvöld taki mið af áherslum UNIFEM í sínu alþjóðastarfi. Þá eru málefni kvenna alls ekki einkamál kvenna heldur okkar allra.

Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?

Starfsemi UNIFEM er smá í sniðum ef maður horfir á aðrar stofnanir SP. Áherslur UNIFEM eru hins vegar nauðsynlegar og ómissandi í öllu alþjóðstarfi, og þá sérstaklega á stríðs-hrjádum svæðum, vegna þess að við eigum ennþá mjög langt í land með að tekið sé í reynd fullt mark á kynjasjónarmiðum í mannúðarstarfi og við friðaruppbyggingu. Það brennur alltof oft við að þessi málefni kvenna séu afgreidd sem hluti af pólitískum sparifötum þegar þau eru í reynd grafalvarleg forsenda fyrir uppbyggingu og þróun allra samfélaga.

Af hverju finnst þér nauðsynlegt að styðja sérstaklega við bakið á konum í þróunarlöndunum?

Konur í þróunarlöndum gegna veigamiklu hlutverki við að viðhalda og endurskapa samfélagið, bæði í gegnum fjölskylduna en ekki síst með þátttöku sinni í efnahagslífinu.

Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?

Það væri sennilega hægt að halda því fram að réttindin séu fyrir hendi en að við eigum langt í land með að fylgja þeim eftir. Margt af því sem ekki er í lagi snýr, held ég líka, að okkar hugarfari og það er kannski það sem er erfiðast að eiga við.



Helga Óskarsdóttir

Hversu lengi hefur þú verið félagi?

Í fimm ár.

Af hverju gerðist þú félagi í UNIFEM?

Það var fyrir hvatningu frá tengdadóttur minni en hún er félagi í UNIFEM.

Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?

UNIFEM hefur ómetanlega þýðingu hvað varðar málefni kvenna. Samtökin eru magn- að, áþreifanlegt afl sem hefur það markmið að bæta stöðu kvenna í heiminum og um leið auka skilning á mikilvægi kynjajafnréttis. Vegna þessa getur samtakamáttur og bar- áttá UNIFEM skilað árangri fyrir réttlátari heimi.

Af hverju finnst þér nauðsynlegt að styðja sérstaklega við bakið á konum í þróunarlöndunum?

Svo að réttlæti nái fram að ganga. Til þess að það verði að veruleika þarf að efla menntunarpáttinn. Þá þarf að styðja konur til efnahagslegrar sjálfsbjargar. Jafnframt þarf að þjálf konur til þátttöku í stjórn- mál- um og öðrum forystustörfum.

Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?

Samkvæmt íslenskum lögum skal vera jafn- rétti. Nokkuð hallar á í launamálum og skilningur gagnvart jafnrétti í stjórnun- arstörfum, sérstaklega í stórum fyrirtækjum og fjármálaheiminum, er ekki kominn í rétt- an farveg. Ef til vill fer að verða aukinn skilningur ásamt hugarfarsbreytingu í jafn- ræðisátt í þessum málum á næstu misserum.



Saman byggjum við nýja framtíð

Pegar á reynir skiptir mestu máli að veita hvert öðru styrk.
Við eigum hvert annað – og hönd í hönd stöndum við sterk saman.

Við hjá Hrafnhildi leggjum áherslu á vandaðan tískufatnað einkum frá Þýskalandi og Danmörku í stærðum 36-52.



Við bjóðum upp á fjölbreytt vöruúrval fyrir konur á öllum aldri. Aðalsmerki okkar er góð og persónuleg þjónusta.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 · 105 Reykjavík · S. 581 2141